



Dans fyrir alla menning 60



Dýrin aftur á svið leikhús 40



spottið 12



Haust- og vetrarbæklingur Heimsferða fylgir Fréttablaðinu í dag



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

1. september 2012
205. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Orðlaus í afmælinu
Erró fagnar áttæðisafmæli með yfirlitssýningu í Hafnarhúsi.
myndlist 48

Erótík í algleymi
Hvers vegna eru allir að lesa Fifty Shades of Grey?
bækur 28



Leðurklæði og lopapeysur
Herratíska vetrarins tekur á sig ýmsar myndir.
tíska 36



BÖRNIN HENNAR EVU Oft er liflegt í kringum Evu Maríu Jónsdóttur sjónvarpskonu því hún á sjö börn og stjúpbörn á svipuðum aldri. Þau eru Matthildur Óskarsdóttir, Egill Scheving, Sigríður Scheving, Kolfinna Scheving, Sigrún Óskarsdóttir, Hrafnkatla Scheving og Júlía Óskarsdóttir. **Sjá síðu 24** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍLS vill auðvelda gjaldfellingu

Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir að auðvelda þurfi ferlið frá því að lán komast í alvarleg vanskil þar til þau eru gjaldfeld og uppboð fer fram, geri skuldarar ekkert í sínum málum. Hreinsa þurfi lánasafn sjóðsins.

EFNAHAGSMÁL Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs (ÍLS), segir all of marga lánþega sjóðsins hafa danglað í lánafrystingu í upp undir þrjú ár án þess að gera nokkuð í sínum málum. Ef menn ekki leiti til umboðsmanns skuldara þurfi að einfalda og stytta ferlið til gjaldfellingar lána.
Um 5.000 lán eru í alvarlegum vanskilum hjá sjóðnum, það er með þrjú gjalddaga eða fleiri í vanskilum. Sum hafa verið árum saman í þeirri stöðu.
„Það sem hefur gerst er að

menn hafa nýtt sér öll úrræði til að fresta því að taka á vandanum, eða að fresta því óumflýjanlega eða jafnvel vonast eftir því að fram komi betri úrræði sem mönnum lítist betur á. Við þurfum að fara að spyrna við fótum og segja: Nú er þetta bara orðið gott. Ef ekki sjáum við fleiri svona slæm uppgjör,“ segir Sigurður, en rekstrar- tap sjóðsins á fyrri helmingi ársins var 3,1 milljarður króna.
Sigurður segir að úrvinnslu á 110% leiðinni sé lokið og um áramót verði sértæk skuldaaflögun

„Við þurfum að fara að spyrna við fótum og segja: Nú er þetta bara orðið gott.“
SIGURÐUR ERLINGSSON
FORSTJÓRI ÍLS

ekki lengur í boði. Því séu síðustu forvöð skuldara að taka á sínum málum. Hann segir að stytta þurfi þann tíma sem líður frá vanskilum þar til hægt er að ganga að eign, sé skuldari ekki að vinna í sínum málum.

„Þetta eru orðin gömul vanskil og menn hafa í raun haft nægan tíma til að bregðast við. Þá þarf að ganga í gegnum ferlið, sé komin heimild til gjaldfellingar,“ segir Sigurður. En þýðir það að sjóðurinn taki eignirnar til sín?
„Það þýðir auðvitað það, ef engin úrræði eru til staðar. En þau eru það vissulega hjá Umboðsmanni skuldara. Vandamálið er kannski að menn gera ekkert í sínum málum. Um leið og menn sækja um hjá Umboðsmanni stöðvast ferlið hjá okkur.“
- kóp / sjá síðu 4

Höfum opnað glæsilega föndurverslun í Holtagörðum
Opíð virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-15
fondurlist.is
Föndurlist

BARNASTARF KIRKJUNNAR
NÁNAR Á BLAÐSÍÐU 21

Opíð til **18** í dag
Smáralind

Sigrún, ætlið þið að framleiða sætan ilm velgenginnar?

„Já, í orðins fyllstu merkingu því það vill þannig til að ilmurinn sem nú kemur á markað verður sætur.“

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir er meðhöfundur sjálfshjálparbókarinnar *The Success Secret* (Leyndarmál velgenginnar) sem fór beint í annað sæti á metsölulista Amazon.com.



F-16 HERÞOTUR Verkefni portúgalska flughersins lýkur um miðjan mánuðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Loftrýmisgæsla Portúgala: Skipt um áhöfn á sex herþotum

ÖRYGGISMÁL Flugsveit portúgalska flughersins hefur nú í tvær vikur annast loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Um helgina verður skipt um áhöfn Portúgala hér á landi en verkefnið er í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun NATO fyrir Ísland.

Alls munu á milli sextíu og sjö tíu liðsmenn portúgalska flughersins taka þátt í verkefni og á meðan eru þeir með sex F-16 orrustuþotur.

Ráðgert er að verkefnið verði unnið með sama fyrirkomulagi og áður og í samræmi við samninga sem í gildi eru, því ljúki um miðjan september. - shá

Sala útgerðarfélagss frá Eyjum: Sveitarfélagið fái forkaupsrétt

STJÓRNISÝSLA Fái bæjarstjórn Vestmannaeyja ekki forkaupsrétt á skipum sem selja á úr sveitarfélaginu verður farið með málið fyrir dómstóla. Þetta kemur fram í tilkynningu bæjarins. Vísað er í lög um stjórn fiskveiða.

Bæjarstjórnin fundaði í hádeginu í gær þar sem fjallað var um sölu Bergs/Hugins, eins stærsta útgerðarfélagssins í Eyjum. Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að sölu útgerðarinnar fylgi þungt högg á atvinnulíf í bænum.

A fundinum var bæjarstjórnunum falið að óska eftir forkaupsréttartilboðum í skipin. Berist þau ekki fer málið fyrir dómstóla. - bph

Segja mikla annmarka á rannsókn Vafningsmálsins og rannsakendur vanhæfa:

Krefjast frávísunar frá dómi

DÓMSMÁL Ákærðu í Vafningsmálinu, Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans, kröfðust þess fyrir dómi í gær að málinu yrði vísað frá.

Í máli Óttars Pálssonar, verjanda Lárusar, kom fram að rannsóknin í aðdraganda ákæru væri haldin slíkum annmörkum að ekki væri hægt að reka málið áfram.

Lárus og Guðmundur eru ákærðir fyrir umboðssvik. Báðir sátu í áhættunefnd Glitnis þegar bankinn veitti Milestone tíu milljarða



LÁRUS WELDING



GUÐMUNDUR HJALTASON

lán. Með því eru þeir sagðir hafa stefnt bankanum í stórfellda hættu rúmu hálfu ári áður en hann féll.

Óttar sagði tvo lögreglumenn,

sem unnu að rannsókn málsins fyrir hönd embættis sérstaks saksóknara, hafa haft fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þeir hefðu báðir komið að upphafi rannsóknarinnar en látið af störfum hjá hinu opinbera og átt frumkvæði að vinnu fyrir þrotabú Milestone.

Afstaða dómara til frávísunar kröfðunnar verður birt á næstu dögum. Frávísun málsins veltur á því hvort lögreglumennirnir hafi stýrt rannsókn málsins í ákveðinn farveg og hvort þeir hafi verið vanhæfir til að rannsaka málið. - bph

Hagnaður Landsbanka minni:

Högnuðust um 35 milljarða

EFNAHAGSMÁL Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn skiluðu samtals 34,7 milljarða króna hagnaði fyrstu sex mánuði ársins.

Hagnaður Arion banka nemur 11,2 milljörðum króna, milljarði meira en á sama tíma í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 18,8% samanborið við 20,3% á sama tímabili árið 2011, að því er fram kom í uppgjöri bankans sem birt var í gær. Íslandsbanki skilaði 11,6 milljarða króna hagnaði og Landsbankinn skilaði 11,9 milljörðum. - sv

Biluð dæla brýtur á höfundarrétti Rúríar

Vatnslitaverkið Fyssa eftir Rúrí í Grasagarðinum er vatnslaus eftir að dælu-búnaður þess bilaði í sumarbyrjun. Verkið er í eigu Reykjavíkurborgar en í umsjá Orkuveitunnar sem segir viðgerð of dýra. Brot á höfundarrétti segir Rúrí.

BORGARMÁL „Enginn listamaður er sáttur við að verk hans séu sýnd í öðru en sínu rétta formi enda kveða lög á um að sé listaverk haft til sýnis í skemmdu eða biluðu ástandi, sé það brot á sámdarrétti,“ segir myndlistarkonan Rúrí. Ekkert vatn hefur leikið um vatnslitaverk hennar Fyssu í Grasagarðinum í Laugardal eftir að dælu-búnaður þess bilaði í byrjun sumars. Vatnsgangurinn gegnir lykhillutverki í verkinu og án hans er ásýnd þess gjörbreytt.

Verkið er í eigu Reykjavíkurborgar en í umsjá Orkuveitu Reykjavíkur. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingarfulltrúi OR, segir að dæla í tækjarými hafi bilað og vatn leikið í tölvustýringar og aðrar dætur. Tjónið sé verulegt en hafi ekki verið metið til fjár. Ekki sé gert ráð fyrir viðgerð á verkinu í áætlunum OR.

„Orkuveitan einbeitt sér nú að grunnþjónustu við íbúa. Það er verið að spara.“

Knútur Bruun, lögmaður Samtaka íslenskra myndlistarmanna, tekur undir með Rúrí og bendir á að samkvæmt 4. grein höfundarlaga sé óheimilt „að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheildur hans eða höfundarsérkenni.“

„Sú grein á tvímælalaut við í þessu tilfelli því án vatnsgangssins er verkið allt annað,“ segir hann.

Knútur telur engan vafa leika á því að borgaryfirvöldum sé skylt að lagfæra verkið, fyrir því séu dómafordæmi.

„Sé verk sett upp á opinberum stað af opinberum aðila ber honum skylda til að sjá um viðhald á



FYSSA Dæla í tækjarými bilaði með þeim afleiðingum að vatn komst í tölvustýringarkerfi. Ekkert vatn hefur því leikið um verkið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MEÐAN VATN LÉK Í LYNDI Vatnsgangurinn leikur lykhillutverk í verkinu en rennslið á að vera síbreytilegt eins og í náttúrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gjöf til borgarinnar

Vatnsvéitan færði Reykjavíkurborg listaverkið Fyssa að gjöf árið 1995 að undangenginni hugmyndasamkeppni þar sem tillaga Rúríar var hlutskörpust. Verkið samanstendur af sjö metra háum steindröngum sem rísa upp úr þriggja metra djúpri gjá en um þá leikur sífellt og síbreytilegt vatnrennsli sem stjórnað er með flóknum dælu- og tölvubúnaði.



LISTAKONAN RÚRÍ

verkinu og að sjálfsögðu lagfæra skemmdir eða bilanir.“

Eiríkur segir skiljanlegt að Rúrí sé ósátt við ástand verksins en á hinn bóginn sé Fyssa ávallt vatnslaus á veturna. Hann kveðst hins vegar ekki hafa heyrt það sjónarmið áður að sparnaður í rekstri OR geti falið í sér brot á höfundarlögum og vísar á Reykjavíkurborg.

„Rekstur verksins hefur verið í umræðu milli OR og Reykjavíkurborgar, eiganda verksins. Ef rök listakonunnar fá staðist kann að vakna sú spurning hvort rétt sé að hylja Fyssu meðan hún er vatnslaus. Eigandi verksins hlýtur þá að þurfa að koma að slíkri ákvörðun.“

bergsteinn@frettabladid.is

- shá

Samstarf LHG og Fiskistofu: Sjósmælingabátur við eftirlit

SJÁVARÚTVEGUR Eftirlits- og sjósmælingabáturinn Baldur hefur í sumar verið notaður við sameiginlegt fiskveiðieftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu. Eftirlitinu er þannig háttáð að eftirlitsmenn Fiskistofu fara um borð í bátana, fara yfir veiðarfæri, afla, lögskráningu, samsetningu afla og afladagbækur. Hjá grásleppubátum er einnig kannaður netafjöldi, sem má vera 100 net á hvern lögskráðan skipverja um borð.

Landhelgisgæslan hefur umsjón með Baldri, leggur til mannskap og búnað vegna hans. - shá

Vertu með í kvennaleikfimi!

Gamla góða leikfimin fyrir allar konur sem vilja auka styrk og vellíðan

- Þri og fim kl. 10:00
- Hefst 11. september - 4 vikur
- Verð kr. 12.900 kr. eða 9.900 í áskrift
- Þjálfari er Árná Huldá, íþróttfræðingur



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Ferðuðust um Ísland á léttri þyrlu eftir ferðalag frá meginlandi Evrópu:

Hyggjast selja þyrluna hérlendis

FÓLK Matthias Vogt, þyrlueigandi og flugmaður, ætlar að selja fisþyrlu sína hérlendis. Hann flaug henni ásamt Markusi Nescher, félagi sínum, hingað til lands í lok júlí og hafa þeir ferðast um landið síðan.

Vísir.is fjallaði um það á fimmtudag að ævintýramennirnir frá Liechtenstein hefðu tekið eldsneyti á bensinstöð Atlantsolú í Hveragerði. Það hafa þeir raunar gert um allt land í sumar enda er þyrlan svo létt að hægt er að yta henni upp að dælu. Íslenskir þyrlueigendur hafa margir hverjir rekið upp stór augu þegar Vogt hefur flogið yfir, enda slíkar þyrlur sjaldséðar á Íslandi.

„Svona grip rekur ekki á fjörur landsmanna á hverjum degi,“ segir Hugi Hreiðarsson en hann er í forsvari fyrir Vogt hér á landi.



YFIR JÖKLINUM Matthias Vogt og Markus Nescher hafa ferðast um allt land á þyrlunni. Fólk hefur því víða rekið upp stór augu. MYND/MARKUS NESCHER

Þyrlan er af gerðinni Robinson 44 sem er mjög vinsæl meðal lögreglu og fjölmörgu um allan heim. Hún kostar rúmar tuttugu milljónir króna en Vogt flaug henni frá Liechtenstein yfir Ermarsundið og til Hjaltlandseyja og Íslands með

viðkomu í Færeyjum. „Þeir eru staddir núna hjá Hala í Suður-sveit og eru í raun vedurteppir,“ segir Hugi. Seljist þyrlan ekki hér verður hún flutt með Norræni til baka á meginland Evrópu. - bph



SKODA Driver's Edition



Volkswagen CC eðalvagn

Audi Vorsprung durch Technik 



Audi A4
Farvegur
framþróunar



TENGDU
OG AKTU

Mitsubishi i-MiEV rafbíllinn



Volkswagen Golf GTD



Volkswagen Touareg R-line



Kraftmikill Volkswagen Amarok



Audi A1 Sportback

ÓVAENT
TILBOÐ Á
NOTUÐUM
BÍLUM



HAUSTSÝNING HEKLU

Það verður mikið líf og fjör á Haustsýningu HEKLU í dag **laugardag kl. 12-16**. Þar verða til sýnis ýmsar nýjungar svo sem **SKODA Octavia Driver's edition**, hlaðinn aukabúnaði, glæsilegur **Volkswagen CC**, **Golf GTD sportbíllinn**, **Mitsubishi i-MiEV rafbíllinn** sem er til afgreiðslu strax, **Volkswagen Amarok** sem sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls, ásamt nýjustu gerðum lúxusbíla frá Audi eins og **Audi A1 Sportback** og **Audi A4**.

Þeir sem reynsluaka nýjum bíl eiga möguleika á að vinna flugmiða fyrir tvo til Evrópu.

Komdu með fjölskylduna í HEKLU í dag í kaffi og meðlæti.

OPÍÐ FRÁ KL. 12-16

REYNSLUAKSTUR

ANDLITSMÁLUN

KAFFI OG MEÐLÆTI



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	121,63 122,21
Sterlingspund	192,64 193,58
Evra	153,05 153,91
Dönsk króna	20,539 20,659
Norsk króna	20,997 21,121
Sænsk króna	18,325 18,433
Japanskt jen	1,5465 1,5555

SDR 185,04 186,14

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,5922
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinnsla stöðug í allt sumar í uppsjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði:

Sumarið skilaði 11.500 tonnnum

SJÁVARÚTVEGUR Búið er að frysta um 11.500 tonn af afurðum í uppsjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði frá því í sumarbyrjun. Uppistaðan, eða 8.700 tonn, er makrill. Nú í vikunni brá svo við í fyrsta skipti að gera varð hlé á vinnslunni vegna hráefnisskorts, en fyrstu haustbræslunum er um að kenna, segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins.



FRÁ VOPNAFIRÐI Unnið var á vöktum í allt sumar án þess að nokkrum félli verk úr hendi.

MYND/JÓN SIGURDARSON

Að sögn Vilhjálms Vilhjálms-sonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda, hefur vertíðin gengið vel í alla staði. Vart er hægt að tala um frátafir frá veiðum,

enda veðurblíða einstök. Allur aflinn á vertíðinni hefur verið

unninn til manndis á Vopnafirði og aðeins afskurður og fiskur, sem flokkast hefur frá í vinnslunni, hefur farið til bræðslu í fiskmjólsverksmiðjunni á staðnum.

Að sögn Vilhjálms hefur sala afurða gengið vel í sumar og afskipanir hafa verið tíðar; oft hefur afurðum verið skipað út frá Vopnafirði einu til tvisvar sinnum í viku.

Fjöldi fólks þarf til að halda vinnslunni gangandi og hefur verið unnið eftir sérstöku frídaga-kerfi, sem hefur mælst vel fyrir að sögn stjórnenda.

- shá

581 ófrjósemisaðgerð í fyrra: Sífellt fleiri í karlaklippingu

HEILBRIGÐISMÁL Í fyrra gekkst 581 undir ófrjósemisaðgerð hér á landi, 424 karlar og 157 konur, samkvæmt samantekt embættis Landlæknis. Það eru heldur færri aðgerðir en 2010, en nokkuð fleiri en 2004 til 2009.

Tölfræðin sýnir að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt árið 2011 og voru fleiri en nokkrum sinni. Þá voru karlmenn tæplega 73% þeirra sem gengust undir slíkar aðgerðir. Fyrir áratug stóðu karlar undir 38% af heildarfjölda aðgerða.

- shá



STUÐNINGSMÍÐSTÖÐ OPNUÐ Hagnaður af sölu varaglossins fer í rekstur stuðningsmiðstöðvar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á allra vörum hófst í gær: Styrkja foreldra með veik börn

GÓÐGERÐARMÁL Átakið „Á allra vörum“ hófst í gær í fimmta sinn. Eins og áður verður selt varagloss í góðgerðarskyni. Í ár fer hagnaður af sölu þess í rekstur stuðningsmiðstöðvar fyrir foreldra barna sem glíma við alvarlega, sjaldgæfa og ólæknandi sjúkdóma.

Stuðningsmiðstöðin sem um ræðir ber heitið Nótt og dagur. Áætlað er að hún verði opnuð í lok áttaksins. Varaglossið verður til sölu til 14. september, þegar söfnuninni lýkur í beinni útsendingu á RÚV.

- sv

Yfir 150 skora á ríkisstjórnina: Vilja að þjóðin eigi Grímsstaði

STJÓRNSÝSLA Yfir hundrað og fimmtíu manns skrifa undir áskorun til ríkisstjórnarinnar og Alþingis um að sjá til þess að Grímsstaðir á Fjöllum verði þjóðareign.

Heilsíðuauglýsingin með áskoruninni birtist í dagblöðum í gær. Á meðal þeirra sem skrifa undir eru Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands, Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður og Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona.

- óká

Vanskil aukast hjá ÍLS sem þarf 12 milljarða frá ríkinu

Bæta þarf lánasafn Íbúðalánasjóðs og hreinsa út léleg lán til að laga fjárhagsstöðu sjóðsins. Eigið fé sjóðsins er 1,4% en á samkvæmt lögum að vera 4%. 11 til 12 milljarða þarf frá ríkinu til að uppfylla lagaskyldu.

EFNAHAGSMÁL Eigið fé Íbúðalánasjóðs (ÍLS) er 1,4%, sem er langt undir lögbundnu lágmarki sem er 4%. Til að uppfylla lagaskylduna þarf ríkissjóður að setja 11 til 12 milljarða inn í sjóðinn. Í desember 2010 samþykkti Alþingi að leggja 33 milljarða inn í sjóðinn til að efla eigið fé hans.

Rekstrarniðurstaða sjóðsins fyrstu sex mánuði 2012 er neikvæð um 3,1 milljarð króna og eigið fé lækkaði úr rúmum 9,5 milljörðum í árslok 2011 í 6,5 milljarða króna um mitt árið.

Sigurður Erlingsson, forstjóri ÍLS, segir að vanskil hafi vaxið hjá sjóðnum, en þegar mat var gert á honum um áramótin 2010 til 2011 hafi vonir staðið til að þau minnkuðu. „Þegar 33 milljarðar voru settir í sjóðinn töldu sumir að eiginfjárhlutfallið færi yfir 5% og sett var ákvæði um að ef svo færi mundi sjóðurinn endurgreiða allt umfram þau mörk. Enn sem komið er tel ég að matið sem var gert sé nokkuð rétt, en það leynast þarna hlutir sem við sáum ekki fyrir.“

Alls má skrifa 600 milljónir króna af rekstrartapinu á fyrri helmingi ársins á nýgengi vanskila, en alvarleg vanskil teljast þegar þrjár gjalddagar eru í vanskilum eða meira. Þá má skrifa aðrar 600 milljónir á það að lánasafnið eldist, en því eldra sem það er því meiri er tapsáhætta.

„Stór hluti þeirra sem eru í alvarlegum vanskilum eiga það sammerkt að hafa ekki nýtt 110% leiðina. Það eru margir í tömu tjóni. Þá er fólk að koma úr frystingu sem dettur fljótt í vanskil og



Á HÖFÐATORGI Í REYKJAVÍK Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir of marga hafa verið í skjóli lánafrystingar, í upp undir þrjú ár, án þess að gera eitthvað í sínum málum. Ef óhjákvæmilega þurfi að gjaldfella lán, þurfi að einfalda leiðina til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

svo dettur inn hópur úr sértækum úrræðum hjá Umboðsmanni skuldara. Það er almennt ástand á hluta lánasafnsins að það er að versna. Hins vegar má ekki gleyma því að 85 prósent lánasafnsins eru í fullum skilum.“

Fregnir af minni vanskilum berast úr bönkunum og Sigurður segir að ef það sé rétt hljóti menn að spyrja hvað veldur ólífri þróun.

„Að einhverju leyti er þetta ólíkur viðskiptamannahópur, en svo sitjum við uppi með það að vera með úrræði þar sem eru þrengri heimildir. Við getum ekki afskrifað handahófskennt eins og bankarnir.“

kolbeinn@frettabladid.is

Eðlileg krafa um 4% eigið fé



SIGURÐUR ERLINGSSON

tekur tíma að koma því á, en við erum að taka ákveðna beygju í þá átt með því að tryggja að útlánið sé betri.“

Sigurður segir mikilvægt að traust ríki til Íbúðalánasjóðs. Hann sé álika að stærð og Arion banki og Íslandsbanki, í heildareignum talið, og næststærsti útgefandi á skuldabréfamarkaði á eftir ríkissjóði. Skuldabréf útgefin af sjóðnum séu í öllum helstu skuldabréfasjóðum og myndi stóran hluta af eignum lífeyrissjóða.

„Það er æskilegt að fjárhagur Íbúðalánasjóðs sé heilbrigður, burtséð frá ríkisábyrgðinni. Hann þarf að hafa nægilega fjárhagslega burði til að standa undir sínum skuldbindingum.“ Hann segir kröfu um 4% eigið hlutfall eðlilega, hún hjálpi til við að bæta framlegð sjóðsins, en hann þurfi að vera óháður eigandanum; ríkinu. „Það

Apótekarinn+
lyf á lægra verði

1000 kr. afsláttur af
nicorette
fruitmint 2 mg / 4 mg 210 stk.

Tilboðið gildir til 30. september
Apótekarinn
Bildshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi,
Þverholti Mosfellsbæ, Hafnarstræti Akureyri

VEDURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

RYSIÓTT Fí dag má búast við skúrum víðast hvar á landinu, síð NA- og A-til. Í fyrramálið eru horfur á vætu við norðurströndina en það léttir til á öllu landinu er líða tekur á daginn. Á mánudaginn kemur ný lægð upp að landinu með töluverðu vatnsveðri.

Á MORGUN 2-6 m/s, hvassara SA-til.
MÁNUDAGUR Strekkingur S-til, annars hægar.

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	23°
Berlín	20°
Billund	20°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	27°
London	22°
Mallorca	25°
New York	29°
Orlando	32°
Ósló	19°
París	19°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

75 | ÁR Á FLUGI

TAKTU DAGINN FRÁ

RÁÐSTEFNA UM ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU Á TÍMAMÓTUM



Nú eru þáttaskil hjá íslenskri ferðaþjónustu. Aldrei fyrr hafa jafn margir erlendir ferðamenn komið til landsins, aldrei fyrr hefur starfsemi ferðaþjónustu-fyrirtækja verið jafn öflug og aldrei fyrr hefur íslensk ferðaþjónusta gegnt jafn mikilvægu hlutverki við öflun gjaldeyristekna fyrir íslenskt þjóðarbú.

Í tilefni af 75 ára afmæli okkar efnir Icelandair Group til ráðstefnu um framtíð íslenskrar ferðaþjónustu á Hilton Reykjavík Nordica, þriðjudaginn 25. september kl. 13:00–17:00.

Þeir sem láta sig málefni ferðaþjónustunnar varða eru sérstaklega velkomnir að ræða málin með okkur.

+ Skráningargjald er 2.000 kr. og rennur óskert til Vildarbarna Icelandair, skráning fer fram á www.icelandairgroup.is



Á að endurskoða ráðningarmál hjá ráðuneytunum?

JÁ	89,6%
NEI	10,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú orðið var við fleiri hunda á höfuðborgarsvæðinu?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Atvinnulausum innan ESB-ríkjanna fjölga um tvær milljónir milli ára: 25 milljónir manna án atvinnu

EVROPA Atvinnuleysi eykst lítillega í ríkjum Evrópusambandsins, samkvæmt nýjum tölum frá hagstofu Evrópusambandsins. Rúmlega 25 milljónir manna voru án atvinnu í júlí.

Alls voru 10,4 prósent íbúa í ríkjum Evrópusambandsins atvinnulaus í júlí, sem er sama prósentutala og í júní. Atvinnulausum fjölgaði um 43 þúsund milli mánaðanna. Innan evrusvæðisins mælist atvinnuleysi nú 11,3 prósent, líkt og í júní, en atvinnulausum fjölgaði um 88 þúsund í evruríkjunum sautján milli mánaða.

Atvinnulausum innan Evrópusambandsins hefur fjölgað um rúmar tvær milljónir manna milli ára. Atvinnuleysið er mest á Spáni þar sem það er rúmlega 25 prósent, og í Grikklandi þar sem það er rúm 23 prósent. Fæstir eru atvinnulausir í Austurríki, Hollandi, Þýskalandi og Lúxemborg.

Miðað við stöðuna fyrir ári hefur atvinnuleysi aukist í 16 ríkjum, minnkað í 10 og haldist stöðugt í Slóveníu. Atvinnuleysi minnkaði mest í Eistlandi, Lettlandi og Litáen en jókst mest í Grikklandi, á Spáni og á Kýpur.



LEITAD AÐ VINNU Atvinnuleysi er sem fyrr mest á Spáni. Þar er fjórðungur án vinnu. NORDICPHOTOS/AFP

Fjöldi fóstureyðinga sá sami: 969 fóstureyðingar í fyrra

HEILBRIGÐISMÁL Árið 2011 voru framkvæmdar 969 fóstureyðingar á Íslandi, sem er svipaður fjöldi og undangengin ár. Séu sömu tölur skoðaðar miðað við hverja 1.000 lifandi fædda má hins vegar merkja nokkra aukningu.

Að jafnaði eru gerðar flestar fóstureyðingar hjá 20–24 ára konum. Árið 2011 varð engin breyting á því, en tæplega 30% allra fóstureyðinga það ár voru hjá konum í þeim aldurshópi.

- shá



Komdu í yoga

Tvö erfiðleikastig. Styrkur og jafnvægi fyrir unga sem aldna. Rétt öndun – Góð slökun. Kennt í Sjúkrþjálfaranum Hafnarfirði. Byrjar 11. september sími 691 0381 Kristin Björg



Píanónám fyrir þig

popp blús djass sönglög

Tónheimar bjóða upp á píanónám fyrir alla aldurshópa sniðið að þörfum og áhugasviði hvers og eins.

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu.

Fristundakort

Haustönn hefst 10. september

Upplýsingar og skráning á www.tonheimar.is



Síðumúla 8 - sími 846 8888 - tonheimar@tonheimar.is

Velliðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kennar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluáferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýtist vel samhliða annarri meðferð.



Kennsludagar:

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk effirfylgdartíma, alls 16 kst.



Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir** sérfræðingar í klínískri sálfræði

Verð kr. 54.000.

Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrahúsum stéttarfélagi.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 17. september 2012

Skráning og fyrirspurnir í sínum 5340110, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is

Foreldrar fá að ráða hvort barnið sé busað

Menntaskólinn í Reykjavík vill að foreldrar nýnema við skólann gefi skriflegt leyfi fyrir því að nemarnir séu tolleraðir. „Hluti af samstarfi við foreldra,“ segir rektor skólans. Framhaldsskólar taka misjafna afstöðu til nýnemavígslna.

SKÓLAMÁL Foreldrar nýnema við Menntaskólann í Reykjavík (MR) verða að samþykka bréflaga að barn þeirra sé tollerað í busavíku skólans.

Löng hefð er fyrir tolleringunum í MR en þá bjóða eldri nemendur nýnema við skólann velkomna með því að kasta þeim upp í loftið og grípa. „Þetta er hluti af samstarfi við foreldra og við erum líka að beina því til foreldra hver staða skólans er,“ útskýrir Linda Rós Michaelsdóttir, rektor skólans.

Dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem starfsfólk skólans var dæmt fyrir vítavert gáleysi þegar alvarlegt slys varð í hefðbundnum gangaslag, sem síðan hefur verið aflagður. „Maður veltir fyrir sér í hvernig stöðu skólinn er,“ segir Linda Rós. „Við verðum að reyna að koma í veg fyrir að svona slys komi fyrir aftur og að það sé ekki eingöngu hægt að herma svona upp á starfsmenn skólans sem voru þó að sinna skyldu sinni.“

Linda Rós segist hafa sett skýrar reglur um hvernig eldri nemar skuli koma fram við nýnemana. „Ég held að krakkarnir séu meðvitaðir um að þetta sé meira umgjörðin en innihaldið og ég geri mér vonir um að þetta verði skemmtun fyrir alla.“

Misjafnt er milli framhaldsskóla hvernig tekið er á móti nýnemum. „Það er ekkert busað í Versló,“ segir Ingi Ólafsson, skólastjóri í Verslunarskólanum. Þar fara elstu nemendurnir með nýnema í ferð þar sem farið er í hópleiki og haldin kvöldvaka.

Í Verkefntaskóla Austurlands (VA) er sprautað vatni yfir nýnema, þeir látnir baða sig í slori og ís og sumir hverjir látnir velta sér í drullunni á bryggjunni í Neskaupstað. Allir fá þó að velja hvort þeir séu með.



NÝIR KVENSKÆLINGAR Nemendur á fjórða ári í Kvenskólanum vígðu nýnema við skólann á miðvikudag. Þeim var aðeins leyft að sulta vatni yfir „busana“. Nokkrir nýnemar treystu sér ekki í busunina og fylgdust með álengdar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nemar eru börn til átján ára aldurs

Umboðsmaður barna hefur ekki fengið neinar ábendingar um að ofbeldi hafi verið beitt við busavígslur í ár eða í fyrra. Árin 2009 til 2011 sendi embættið út bréf til skólastjóra allra framhaldsskóla og nemendafélaga þeirra þar sem brynt var fyrir þátttakendum að umgangast nýnema sem börn.

„Nemar eru börn þar til þeir ná átján ára aldri og eiga því rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst. Margir eru óöruggir við upphaf skólagöngu í nýjum skóla og því er tilvalið að nota busadaginn til þess að bjóða nýja nemendur velkomna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt,“ segir í bréfinu síðan í fyrra og er þetta opinber afstaða umboðsmanns barna.

„Eigum við ekki að segja að þetta sé hefð og hefðir miða ekkert alltaf að því hvað er uppbyggilegt.“ **ÞÓRÐUR JÚLIUSSON** SKÓLAMEISTARI VA

„Eigum við ekki að segja að þetta sé hefð og hefðir miða ekkert alltaf að því hvað er uppbyggilegt. Hefðir skólanna geta haft rétt á sér þó það sé ekki uppbygging og menntun sem í þeim felst.“

Þórður tekur einnig fram að athöfnin sé alfarið undir stjórn kennara skólans og skólameistara. „Nýnemarnir hafa látið skoðun sína í ljós. Þeim þykir þetta passlegt og alls ekki harkalegt,“ segir Þórður. Hann segir engan hafa kvartað undan meðferðinni.

birgirh@frettabladid.is

Svæðið umhverfis tónleikahúsið Hörpu að taka á sig varanlega mynd:

Fyllingin norðan Hörpu fjarlægð

FRAMKVÆMDIR Enn standa yfir framkvæmdir á lóð Hörpu, tónlistarhússins við höfnina í Reykjavík.

Áður en framkvæmdir hófust var gerð bráðabirgðauppstilling norðan hafnargarðsins við Hörpuna. Bráðabirgðafyllingin var notuð sem vinnusvæði á meðan tónlistarhúsið var í byggingu.

„Þetta er vinnusvæðið sem sett var upp í upphafi,“ segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna. Fyllingin er á vegum Íslenskra aðalverktaka og Portusar og mun hún hverfa í fyllingu tímans.



FYLLINGIN RIFIN Ásýnd Hörpu batnar að öllum líkindum þegar landfyllingin er farin, að minnsta kosti munu þeir sem sjá hana af sjó njóta góðs af.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝJAR VÖRUR FYRIR HAUSTIÐ



A



B

Peysa
3.999



C



D



E

Jakki
6.999

Sokkabuxur
1.999

Peysa
3.499

F



Peysa
3.999

G



EYECON leður skór 17.990

EYECON leður skór 15.990

A Peysa 4.999
Buxur 6.999

B Hlýrabolur 3.999
Peysa 3.999
TRUE gallabuxur 5.999
VARMA sjal 3.999

C Buxur 6.999
TRUE kjóll 5.999
Hringtrefill 1.999

D Peysa 5.999
TRUE stuttbuxur 4.999

E TRUE blazer 6.999
Leður taska 11.999
BULLBOXER leður
skór 14.999

F Peysa 3.499
TRUE jeggings 5.999
VARMA sjal 4.999

G Peysa 3.999
TRUE rúllukragabolur 3.999
TRUE joggingbuxur 5.999



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Auglýst eftir IPA-verkefnistillögum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur auglýst eftir hugmyndum að IPA-verkefnum á Íslandi en markmið þeirra er að undirbúa mögulega þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB komi til aðildar að sambandinu.

Auglýst er eftir verkefnum á sviði:

- Atvinnuþróunar og byggðamála
- Velferðar- og vinnumarkaðsmála

Til ráðstöfunar eru u.þ.b. 8,3 milljónir evra. Stefnt er að því að verja þeim til allt að 20 verkefna um allt land á árinu 2013.

Verkefni skulu taka mið af „Ísland 2020“ stefnumörkuninni og vera unnin í samstarfi a.m.k. þriggja aðila. Lágmarksstyrkur til hvers verkefnis er 200 þús. evrur og að hámarki ein milljón evra.

Umsóknafrestur er til 30. nóvember 2012

Frekari upplýsingar um IPA og umsóknargögn eru aðgengileg á slóðinni:

www.byggdastofnun.is/ipa



Byggðastofnun



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Rannís



ÖGMUNDUR OG JÓHANNA Ráðherrarnir hafa báðir fengið á sig úrskurði frá kærunefnd jafnréttismála. Nú skoðar innanríkisráðuneytið framhald málsins.

Ráðuneytið skoðar málið

Úrskurður kærunefndar jafnréttismála er í skoðun í innanríkisráðuneytinu. Hvorki ráðuneyti né kærandi hafa tekið ákvörðun um framhaldið. Í síðasta tilviki var reynt að ná sáttum við kæranda.

STJÓRNSÝSLA Verið er að fara yfir úrskurð kærunefndar jafnréttismála í innanríkisráðuneytinu, eftir að nefndin úrskurðaði að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefði brotið gegn jafnréttislögum. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um framhaldið.

Niðurstaða nefndarinnar er annar úrskurðurinn sem ráðherra í ríkisstjórninni fær á sig, því Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var talin hafa brotið jafnréttislög með því að ráða karl í stað konu í starf skrifstofustjóra árið 2010. Konan, Anna Kristín Ólafsdóttir, fór með mál sitt fyrir dómstóla og voru henni dæmdar miskabætur frá ríkinu í júní síðastliðnum. Í því máli hafði forsætisráðuneytið boðið sættir áður en til kasta dómstóla kom.

Halla Bergþóra Björnsdóttir, sem kærði ákvörðun innanríkisráðherra um ráðningu sýslumanns á Húsavík, hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hún hyggst fara með mál sitt fyrir dómstóla.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann sé ósammála úrskurði nefndarinnar og hann hafi farið að eigin samvisku og beitt eigin dómgreind við ráðninguna. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafn-

réttisstofu, telur að ef svo er eigi hann að fara með málið fyrir dómstóla til að fá úr því skorið. Annars standi úrskurðurinn.

Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi samkvæmt jafnréttislögum frá árinu 2008, en í máli Önnu Kristínar var í fyrsta sinn tekið á því hvaða merkingu það hefur. Samkvæmt dómnum er niðurstaða úrskurðarnefndar jafnréttismála bindandi ef stjórnvöld höfðu ekki mál innan ákveðinna málsköpunarfresta.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur í sambandi við úrskurði nefndarinnar sagt að henni finnst að breyta þurfi ráðningarfærslu hjá ríkinu og hún vilji sjá að hæfnisnefndir verði fengnar í öllum tilvikum. Þá hefur hún sagt að fari ráðherrar ekki að mati slíkra nefnda þurfi þeir að færa fyrir því mjög góð rök.

Ekki hafa fengist upplýsingar um það frá forsætisráðuneytinu hvort í bígerð sé að gera breytingar í þessa veru. Settar voru reglur um ráðningar á skrifstofustjórnum og ráðuneytisstjórnum í tengslum við breytingar á stjórnarráðinu í vor. Þær reglur kveða á um að skipa skuli ráðgefandi hæfnisnefnd í hvert sinn sem skipa þarf í þessar stöður.

thorunn@frettabladid.is

KAUPMANNAHÖFN

AÐVENTUFERÐ FYRIR ELDRI BORGARA

Verð: 108.600 kr.* á mann í tvíbýli (aukagjald fyrir einbýli: 11.300 kr.).



HOTELBOKANIR.IS

Við munum komast í sannkallaða danska jólastemningu í aðventuferð eldri borgara til Kaupmannahafnar 25.–28. nóvember. Icelandair skipuleggur ferðina í samvinnu við Landsamband eldri borgara, Emil Guðmundsson

og Hótelbókanir í Kaupmannahöfn. Þetta verða fjórir indælir dagar þar sem við skoðum okkur um í borginni og upplifum eitt og annað skemmtilegt undir fararstjórn Emils Guðmundssonar.

+ Bókanir: www.icelandair.is/hopar (númer hópsins er 1426)
Nánari upplýsingar hjá :
50 50 406 | hopar@icelandair.is

ICELANDAIR



Hafa bæði sett fram harða gagnrýni

Bæði Jóhanna og Ögmundur gagnrýndu Björn Bjarnason, þáverandi dómstólaráðherra, harðlega þegar kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði að hann hefði brotið gegn jafnréttislögum árið 2004. Þá réð hann Ólaf Bórk Þorvaldsson hæstaréttardómara. Björn hafði þá sagt að jafnréttislögin væru barn síns tíma, og Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, hafði tekið í sama streng. „Hroki og vankunnáttu hæstvitra forsætisráðherra og dómstólaráðherra á jafnréttislögum er hrópanði,” sagði Jóhanna meðal annars á þingi árið 2004 í umræðum um málið. „Hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrum og þeir komast upp með allt. Ef ráðherrar eru ósáttir við lög eiga lögin bara að víkja en ekki þeir að þeirra mati,” sagði hún einnig.

„Það blasir við að ráðherrar í ríkisstjórn verði settir á skólabekk til að læra jafnréttislögin. Ég ætla að gera það að tillögu minni að hæstvitur félagsmálaráðherra sjái um að þeir tornæmstu í jafnréttisfræðunum fái sérkennslu,” sagði Ögmundur um málið þá.



hár expo

býður Auði Magnúsdóttur velkomna til starfa

tímamantanir í síma
552 7170

www.harexpo.is

* Innifalið: Flug með Icelandair ásamt flugvallarsköttum, gisting í tvíbýli á Hótel Absalon í 3 nætur með morgunverði, akstur til/frá flugvelli og á hótél ásamt öllum öðrum akstri, skoðunarferð um gamla bæinn með Sigrúnu Gísladóttur, 1 aðgöngumiði í Tivoli, „julefrokost“ á Aprosop og sigling um silkin með Jazzbandi Michael Böving.

7 ára ábyrgð
á öllum nýjum KIA bílum



Sýnum í dag nýjan Kia cee'd

Nýr Kia cee'd er kraftmikill, sparneytinn, rúmgóður og betur búinn en nokkru sinni. Hann eyðir aðeins 4,1 l/100 km í blönduðum akstri og fær því frítt bílastæði í Reykjavík í 90 mínútur í senn.

Verð frá **3.385.777 kr.** Kia cee'd LX 1,4 dísil



Kia cee'd EX 1,6 dísil 128 hö.

Staðalbúnaður:

- 16" álfelgur
- Led ljós að framan og aftan
- Bakkskynjarar
- Loftkæling
- Hraðastillir
- Handfrjáls búnaður

... og margt fleira

- **Kaffihús, grillaðar pylsur og ís fyrir börnin**
- **Reynsluaktu Kia bíl og þú gætir unnið miða á landsleik Íslands og Noregs í fótbolta**

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia cee'd
í dag milli kl. 12 og 16.



Europris
Rýmingsarsala
 Korputorgi
40-70%

AÐEINS Í DAG!



SPARAÐU 40%

CUBE VEGGLJÓS lýsir upp og niður
 VERÐ ÁÐUR 12.900,- NÚ 7.800,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Ekkert mark tekið á Berezovskíj í London

Dómari í London segir ekkert hæft í ásökunum Borís Berezovskíjs á hendur öðrum rússneskum auðkýfingi, Roman Abramovich. Berezovskíj hrsti hausinn ítrekað og sagði engu líkara en að Pútín Rússlandsforseti hefði skrifað dóminn.

BRETLAND „Mér þykir fyrir því að segja það en niðurstaða greiningar minnar á trúverðugleika herra Berezovskíjs er að hann myndi segja nánast hvað sem er til að styðja mál sitt,“ sagði Elizabeth Gloster, dómari í London, þegar hún kvað upp dóm í deilumáli tveggja rússneskra auðkýfinga.

Borís Berezovskíj fór á síðasta ári í mál við Roman Abramovich, eiganda breska knattspyrnu-liðsins Chelsea, fyrir að hafa með hótunum og fjárkúgun þröngvað sér til að selja hlut sinn í rússneska olufyrirtækinu Sibneft langt undir raunvirði. Hann vildi fá 4,7 milljarða punda í skaðabætur, jafnvirði rúmlega 911 milljarða króna.

Dómari sagðist ekki sjá að neitt væri hæft í ásökunum Berezovskíjs, og sagði hann „tilkomulítið og í eðli sínu óáreiðanlegt vitni, sem lítur á sannleikann sem hverfult og sveigjanlegt hugtak, sem hægt er að steypa í það mót sem hentar tilgangi hans núna“.

Berezovskíj hrsti höfuðið hvað eftir annað meðan Gloster dómari las upp dómsúrskurðinn.

„Ég er algerlega furðu lostinn yfir því sem hefur gerst hér í dag,“ sagði hann við blaðamenn. „Stundum finnst mér eins og Pútín sjálfur hafi skrifað þennan dóm.“

Berezovskíj flúði frá Rússlandi árið 2000, eftir að Vladímír Pútín



BORÍS BEREZOVSÍJ Vildi fá skaðabætur frá Roman Abramovich fyrir að hafa haft af sér stórfé með hótunum. NORDICPHOTOS/AFP

“Ég er algerlega furðu lostinn yfir því sem hefur gerst hér í dag.”

BORÍS BEREZOVSÍJ
 AUÐKÝFINGUR

hafði tekið við forsetaembættinu af Borís Jeltsín, og hefur síðan verið í sjálfskipaðri útlegð í Bretlandi.

Berezovskíj hafði gert það gott á Jeltsín-árunum, var í innsta hring stuðningsmanna Jeltsíns og græddi á tá og fingri. Hann gerðist hins vegar fljótt andsnúinn Pútín og hefur ítrekað sakað Pútín um hafa bruggað sér launráð.

Hann naut á sínum tíma stuðnings og vináttu rússneska njósnarans Alexanders Litvinenkó. Sá hélt því fram að yfirmenn í rússnesku leyniþjónustunni hefðu skipað sér að myrða Berezovskíj árið 1998.

Litvinenkó lést úr pólonetrún í London árið 2006 og hafa Berezovskíj og fleiri haldið því fram að Pútín hafi staðið á bak við það morð. Faðir Litvinenkós, sem býr á Ítalíu, telur hins vegar að það hafi verið Berezovskíj sem lét myrða Litvinenkó.

Berezovskíj og Abramovich voru einnig góðir vinir í Rússlandi meðan viðskipti þeirra blómstruðu á Jeltsínátímanum. Þeir búa báðir í London. gudsteinn@frettabladid.is

Haustlyngið og haustplönturnar komnar!

frábær verð



Pottaplöntur blómstrandi og grænar



Uppskerumarkaður laugardag!

Komdu og verslaðu beint frá bændum

frá kl 11:00 til 16:00



Amma náttúra
 Jóhanna B. Magnúsdóttir verður með öðruvísi grænmeti og pestó

Grænmeti, sápur, krem og kökur frá Sólheimum

Lífrænt hunang frá Álfstöðum

Sultur frá Berjabúinu Vellir

Grænmeti frá Guðjóni á Melum

Ingólfur á Engi verður með lífrænt ræktaðar kryddplöntur og grænmeti

Flatkökur, kanelnúðar, kleinur og rúgbrauð frá HP

Broddur, gulrætur og kartöflur frá Auðsholti



20 % afsláttur af öllum gæludýravörum í tilefni af nýrri gæludýradeild

Afslátturinn endar þessa helgi

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ – NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM

HELGARLOTUR

UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. SEPTEMBER

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA

STAÐNÁM - FJARNÁM

ENN TEKIÐ VIÐ UMSÓKNUM

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

STAÐNÁM – FJARNÁM

ENN TEKIÐ VIÐ UMSÓKNUM

Niðurlæging og ofbeldi gagnvart nýnemum í framhaldsskólum á að heyra sögunni til:

Siðaðra manna samfélag

Þúsundir ólöggráða unglinga hefja þessa dagana nám í nýjum framhaldsskólum. Það er ákaflega mismunandi hvernig samnemendur þeirra taka á móti þeim, eins og kemur fram í Fréttablaðinu í dag. Í sumum framhaldsskólum tíðkast enn „busavígslur“ þar sem fólk er útatað í einhverju ógeði, látið innbyrða skemmdan eða óætan mat og atyrt og niðurlægt á ýmsan hátt. Annars staðar er tekið á móti krökkunum með kaffi eða kvöldvöku.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Kristín Linda Jónsdóttir blaðamaður skrifaði góða grein hér í blaðið fyrr í vikunni, þar sem hún gerir „hefðir“ sumra framhaldsskóla að umtalsefni, undir fyrirsögninni „Þegar niðurlæging og ofbeldi er fyndið og flott“.

„Einmitt núna er þetta skipulagða ferli niðurlægingar og jafnvel ofbeldis fram undan hér á landinu okkar. Settar eru upp aðstæður þar sem börn eru í besta falli útilokuð frá ákveðnum svæðum á eigin vinnustað, flokkuð óæðri, látin lúta höfði fyrir böðlum sínum, þjóna þeim og sýna þeim undirgefni, ganga innan þröngrar línu, skríða, ganga í bandi eða þau gerð að aðhláturfefni,“ skrifar Kristín. „Í versta falli er þeim misboðið með beinu ofbeldi, þvinguð til innbyrðingar, bundin saman eða við staur, ótuð ógeði, hífð upp í kós með krana í fiskineti og bleytt með háprýstidælu, neydd ofan í kar með slori, kaffærð.“

Það er rétt hjá Kristínu Lindu að þessi framkoma eldri bekklinga, sem flestir teljast fullorðin fólk, við ólöggráða börn er utan við allt siðferði. „Fyrirslátturinn er hefðir, ómenning og sú neikvæða siðvenja að til að verða fullgildur í hópi skuli einstaklingur niðurlægður til hlýðni og ótta við þá sem fyrir eru. Að ekki sé talað um rökleysuna að þetta hafi alltaf verið svona og að þeir sem hafi eitt sinn verið niðurlægðir sem busar hafi rétt á að vera böðlar og niðurlægja aðra. Hvaða bull er þetta?“ skrifar hún.

Skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands, þar sem vatni var sprautað á nýnema, þeir látnir baða sig í slori og ís og velta sér upp úr drullu, er greinilega ósammála. „Eigum við ekki að segja að þetta sé hefð og hefðir miða ekkert alltaf að því sem er uppbyggilegt,“ segir hann í Fréttablaðinu í dag. Og svo finnst nýnemum þetta víst alveg mätulegt, segir skólameistarinn. Hann er þá líklega að gleyma því hvað það getur verið erfitt, ekki sízt á þessum aldri, að taka sig út úr hópnum og neita að taka þátt í hefðinni ef manni finnst hún niðurlægjandi.

Það er gott hjá krökkum, sem vilja ekki láta fara illa með sig, að taka ekki þátt í þessum athöfnum. Það er gott hjá foreldrum sem vilja ekki láta fara þannig með börnin sín að segja þeim bara að sleppa því. Og allra bezt er þegar forsvarsmenn framhaldsskóla átta sig á því að ofbeldi og niðurlæging á aldrei heima í skólanum og gera allt slíkt útlægt.

Það á að bjóða krakkana velkomna í samfélag, sem við verðum að vona að sé sæmilega siðað. Þá verða þeir eldri líka að haga sér í samræmi við það.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Höftin fá nýtt nafn

Í vikunni birti Seðlabankinn skýrslu til efnahagsráðherra um varúðarreglur eftir fjármagnshöft. Hún er áhugavert framlag til hagfræðilegrar umræðu um peningamálastjórnun. En hitt er þó ekki síðra að hún varpar ljósi á ýmsar pólitískar hliðar á þessu mikla viðfangsefni sem þarfnast skýringa.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Skýrslan byggir á raunsæju mati á aðstæðum. Flestar hugmyndirnar hafa verið til umfjöllunar í alþjóðlegu samstarfi um hrif en aðrir eru séríslensk hugmyndafræði vegna aðstæðna sem hér ríkjá en ekki annars staðar. Þarft og gott framlag af þessu tagi er reyndar löngu tímabært. Heiti skýrslunnar dregur fram

fyrsta pólitíska álitaeefnið: Varúðarreglur eftir fjármagnshöft. Hér er með mjög skýrum hætti gengið út frá því að frjáls gjaldveyrsviðskipti séu ekki í sjónmáli í náinni framtíð. Í raun er verið að boða fjölbættari reglur til að takmarka viðskipti með gjaldeyri. Þær má að sjálfsögðu, að erlendri fyrirmynd, kenna við varúð en það breytir ekki hinu að eftir sem áður fela þær í sér höft. Flest bendir til að gjaldeyrisviðskipti víðast hvar í heiminum verði

háð strangari reglum en áður var. Fyrirsjáanlegt er hins vegar að takmarkanir verða mun meiri hér en í þeim ríkjum sem við jöfnum okkur helst til. Fyrir þá sök kann að vera nauðsynlegt að taka samninginn svör um Evrópska efnahagssvæðið upp. Þetta er sú framtíð sem við blasir.

Hvernig ætla menn að mæta henni? Mun markaðsstaða Íslands raskast? Hvaða áhrif hefur þetta á hagvaxtarmöguleika til lengri tíma? Pólitíkin skuldar kjósendum svör við stórum spurningum. Umræðan bendir hins vegar til að bæði ríkisstjórnin og stjórnarandstöðuflokkarnir ætli að fara í kringum þær eins og heitan graut í kosningabaráttunni.

Er engin forgangsleið?

Önnur áhugaverð pólitísk hlið birtist í því að í skýrslunni segir að þegar sé farið að huga að því að koma þessari stefnumótun í buning laga og reglna. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að í júlí var hermt að ríkisstjórnin hefði samþykkt samningsmarkmið gagnvart Evrópusambandinu með þeirri afdráttarlausu stefnumörkun að Ísland stefndi að upptöku evru svo fljótt sem verða mætti.

Þetta þýðir að ríkisstjórnin hefur hafið undirbúning að löggjöf á sviði peningamála sem byggir

á annarri leið en hún sjálf samþykkti í sumar. Að vísu er nauðsynlegt að útfæra báðar leiðirnar og margt í þeim er samrýmanlegt. En menn verða að vita hvor leiðin er forgangsverkefnið og hvor er varaáætlun. Án frekari skýringa af hálfu ríkisstjórnarinnar er það á huldu. Slíkur ruglingur byggir hvorki upp traust heima fyrir né út á við gagnvart öðrum þjóðum.

Brýnt er að útfæra áætlanir um þessar tvær meginleiðir. Fyrst og fremst vegna þess að þjóðin á rétt á að sjá þær og meta á málefnalegum forsendum. Það gerist ekki öðru-

vísi en þær séu til. Hitt er að gangi önnur ekki upp þarf varaplanið að liggja skýrt fyrir. Þó haldið sé af stað eftir annarri leiðinni er vitaskuld unnt að fara inn á hina síðar.

Eins og sakir standa virðist pólitíska staðan vera sú að ríkisstjórnin veit ekki hvora leiðina hún hyggst fara. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa hafnað evru. Þeir gagnrýna Seðlabankann. En með því að þeir eiga ekkert svar sjálfir eru þeir líklegir til að fylgja línu hans. Hætt er við að þjóðin eigi eftir að súpa seyðið af þessu ráðleysi.

Birta verður bókun ríkisstjórnarinnar

Þriðja pólitíska hliðin á þessu máli kom fram í grein innanríkisráðherra í þessu blaði í vikunni. Þar greindi hann frá því að VG hefði í ríkisstjórn gert þrjá fyrirvara við samningsmarkmiðin í peningamála: Í fyrsta lagi um afnám hafta, í öðru lagi um aðild að ERM II gjaldeyrisstarfinu og í þriðja lagi um upptöku evru.

Þetta eru mikil tíðindi sem þó hafa hvorki vakið eftirtekt fjöl-

miðla né stjórnmalamanna. Erfitt er að vefengja orð ráðherra. Það merkir að VG hefur í raun og veru stöðvað aðildarviðræðurnar í júlí. En er það svo? Samþykktu ráðherrar VG ekki samningsafstöðuþlaggið?

Samkvæmt þingræðisreglunni þarf stefna Íslands að njóta meirihlutastuðnings á Alþingi. Utanríkisráðherra getur því ekki rætt samningsafstöðuna um upptöku evru við ríki Evrópusambandsins

nema ríkisstjórnarflokkarnir hafi verið efnislega sammála henni við ríkisstjórnarborðið og hana megi kynna sem stefnu Íslands án fyrirvara um kjarnaatriði hennar.


Hvers vegna eru ráðherrar VG nú að óska eftir endurmati á aðildarviðræðunum ef þeir bókuðu þegar í júlí fyrirvara sem í reynd útiloka frekari viðræður. Til að eyða þessari óvissu er óhjákvæmlegt að birta bókun ríkisstjórnarinnar um þetta mál.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald

RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is

Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Hefst 3. september

Bakleikfimi

Betri liðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkráþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar

í sundlaug Hrafnistu við Laugarás.

Með sambaívafi í Heilsuborg og Sporthúsinu.

Innritun í síma 897 2896
www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN

Alltaf lágt verð



ÚTIHURÐ T10 HVÍT
Hvít með 115 mm karmi. Stærð 948 x 2115 mm.

64.995,-



ÚTIHURÐ T20 HVÍT
Hvít með 115 mm karmi. Stærð 948 x 2115 mm.

77.995,-



ÚTIHURÐ T90 HVÍT
Hvít með 115 mm karmi. Stærð 948 x 2115 mm.

89.995,-!



ÚTIHURÐ T40 HVÍT
Hvít með 115 mm karmi. Stærð 948 x 2115 mm.

79.995,-



ÚTIHURÐ T110 HVÍT
Hvít með 115 mm karmi. Stærð 948 x 2115 mm.

99.995,-



STYLE 03 - INNIHURÐ
3ja fulninga Pressumótuð. Hvít. Stærðir: 70/80/90 x 200 cm. Karmur og húnar fylgja ekki.

17.995,-



STYLE 02 - INNIHURÐ
3ja fulninga Pressumótuð. Hvít. Stærðir: 70/80/90 x 200 cm. Karmur og húnar fylgja ekki.

17.995,-



STYLE 04N - INNIHURÐ
4ra fulninga. Pressumótuð. Hvít. Stærðir: 70/80/90 x 200 cm. Karmur og húnar fylgja ekki.

17.995,-



KARMUR 128 mm 16.995,-
KARMUR 147 mm 19.995,-

HVÍTMÁLADUR KARMUR 100 mm.

14.995,-



Krakkar, það verða andlitsmálarar í **BAUHAUS** á laugardaginn frá kl 12-17 og maurinn mætir á svæðið.



BAUHAUS býður eitt mesta úrval landsins af inni- og útihurðum...

Við hjá **BAUHAUS** bjóðum fjölbreytt úrval af úti og innihurðum frá Swedoor og Jeldwen... hvort sem nota á í bílskúrinn, geymsluna, bústaðinn eða bara heima. Spjaldhurðir, viðarhurðir, yfirfelldar innihurðir og sléttar hurðir. Höfum einnig kaldrýmishurðir... lamir, skrár og þéttiborðar fylgja, en hurðar-húnar ekki...og eru þær úr ómeðhöndluðum rásuðum krossvið með og án glers. Komdu til okkar í **BAUHAUS** og við tökum vel á móti þér. Kynntu þér úrvalið sem við höfum að bjóða... það er óhætt að segja að þú komir ekki að lokuðum dyrum hjá okkur.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 30. ágúst til og með sunnudagsins 2. september 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

**OPIÐ
ALLA
HELGINA**

SEPTEMBER

BRJÁLAÐIR TILBOÐSDAGAR



acer Acer One
Fyrirferðalítill og flott fartölva. 10,1"
fartölva með Intel Atom örgjörva. 1GB
vinnsluminni og 320GB harður diskur.

44.990



ASUS EEE 1225B 092M
11,6" fartölva með AMD C-60 Dual Core örgjörva, 2GB vinnsluminni, AMD Radeon HD6250 skjástýringu og 320GB hörðum disk.

74.990



TOSHIBA C850-131
Ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölva með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

89.990



acer Acer V5-571G
Öflug grafik og vinnsla með Intel Core i3 örgjörva og 1GB nVidia GeForce GT 620M skjákorti. 4GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

89.990

Geggjað verð fyrir hágæða Logitech HD 720P vefmyndavél.



-33%

3.990

Fullt verð 5.990

-7.000



SAMSUNG

Nýtt! Samsung Blu-Ray skrifari sem les og skrifar líka DVD og CD.

14.990

Fullt verð 21.990



EPSON
Þráðlaus fjölnotaprentari með iPrint. Skannar líka og ljósritar.

13.990

Fullt verð 17.990

-4.000



msi
Nýlent MSI GeForce skjákort N660GTX Ti PE OC2.

-5.000

49.990

Fullt verð 54.990



acer
Acer Aspire X1430 turntölva með Dual Core örgjörva.

-20.000

69.990

Fullt verð 89.990



21,5" Full HD LED Acer skjár með 12.000.000:1 skerpu.

-6.000

21,5"

19.990

Fullt verð 25.990

-41%



COOLER MASTER

Einn vinsælasti einangraði turnkassinn CoolerMaster Sileo 500.

9.990

Fullt verð 16.990



Einn háþróaðasti sjónvarpsflakkarinn með Boxee kerfinu.

-10.000

39.990

Fullt verð 49.990

LEIKJATURNTILBOÐ I **SSD**

Hrikalega öflug leikjavél á brjáluðu tilboðsverði. CoolerMaster HAF 912 Plus turnkassi sem hannaður er fyrir mikið loftflæði og kemur með rauðri LED viftu, öflugum 4-kjarna 3.6GHz AMD X4 örgjörva, AMD HD7770 1GB skjákorti, 90GB SSD Force 3 disk, 8GB vinnsluminni og hljóðlátum 1TB SATA3 hörðum disk. Kemur uppsett með Windows 7 Home Premium.

COOLER MASTER

149.990



LEIKJATURNTILBOÐ II

Ofur leikjavél með 120GB SSD disk. Kröftugur 8 kjarna 3.1GHz AMD X8 örgjörva, AMD HD7850 Twin Frozr 2GD5/OC skjákorti, 120GB SSD Force 3 disk, 2TB SATA3 hörðum disk og CM Silent Pro M II 720 W aflgjafa. Flottur og öflugur HAF 912 Plus turnkassi með ótal tengimöguleikum.

SSD

199.990

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

REIHT 2009

BERRFEST

TAKMARKAÐ
MAGN

AÐEINS 4 DAGAR EFTIR!



15,6"

TOSHIBA SAT C855-18C
Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.

99.990



17,3"

TOSHIBA SAT C870D-10M
Hvít með Dual Core AMD E2-1800 örgjörva, AMD HD7340G skjákjarna, 4GB minni og 500GB diskur. Frábær kaup.

99.990



15,6"

TOSHIBA L850-1CX
Mjög öflug vél með Intel Core i5 3210M örgjörva, Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DDR3 minni (má stækka í 16GB), 640GB diskur, 2x USB3 tengi og HDMI.

129.990



15,6"

intel
CORE™ i7

159.990

TOSHIBA P850-133 – 159.990
Mjög öflug vél með Intel Core i7 örgjörva, nVidia 2GB GeForce GT630M skjákorti, 6GB 1600MHz DDR3 minni, Harman Kardon hátölurum, 750GB hörðum disk, 4x USB3 tengjum og HDMI.



-20.000

EPSON
Heimabíóskjærpari með HD-Ready og miklum tengimöguleikum.

119.990

Fullt verð 139.990



-3.000

Hljóðlátur 1TB Western Digital Green SATA3.

14.990

Fullt verð 17.990



-38%

steelseries
Lokuð leikjaheyrnartól frá SteelSeries með útdraganlegum hljóðnema.

9.990

Fullt verð 15.990



-33%

steelseries
Kinzu v2 Pro leikjámús frá Steelseries.

3.990

Fullt verð 5.990



-29%

Brjálæð verð fyrir sjónvarpsflakkara sem spilar meðal annars MKV skrár.

9.990

Fullt verð 13.990



-10.000

SanDisk Hágæða 120GB SSD diskur á 10.000 króna afslætti!

24.990

Fullt verð 34.990



-7.000

HITACHI
Traustur 2TB flakkari með tífalt meiri hraða á gagnaflytningi með USB3.

19.990

Fullt verð 26.990



-10.000

Hinn vinsæli 16GB iPod Nano á 10.000 króna afslætti. 3 litir.

29.990

Fullt verð 39.990

tl.is

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAÐ – TAKMARKAÐ MAGN

BORÐTÖLVUR • FLAKKARAR • SPJALDTÖLVUR • SSD DISKAR • SKJÁKORT • PRENTARAR • SKJÁIR
• TURNKASSAR • ÖRGJÖRVAR • HÁTALARAR • AFLGJAFAR • HARÐIR DISKAR • VEFMYNDAVÉLAR
• LEIKJATÖLVUR • LEIKJAVÖRUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • SKANNAR

**TÖLVU
LISTINN**

SKOÐAÐU 100 HEITUSTU TILBOÐIN Á TL.IS

PRISSAUÐ
BÍLMAGNARAR LOKA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM

FRYSTIKISTUR PURRKARAR OFNAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
HELLUBORÐ SAMLOKUGRILL
HÁFAR

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan
domestic

BÍLTÆKI
FERÐATAÆKI
MAGNARAR
HLJÓMBORÐ
SJÓNVÖRÞ
SPILARAR
MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR
TVÖRÞ

HELGI - LOKAHELGI
HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR
REIKNIVÉLAR

TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM!

ÍSSKÁPAR
KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN
HRAERIVÉLAR
RAKVÉLAR

HELGINA

OPIÐ ALLA
HELGINA!

 **Heimilistæki**
ht.is

Laugardag 11-16 og sunnudag 13-17

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa friete Bauknecht elna exido VESTFRÖST indesit DeLonghi Whirlpool

Hvar er listinn Arion banki?

Fjármál

Jón Ásgeir Jóhannesson
stofnandi Bónuss



leg fyrirtæki, sem bankinn hefði ákveðið að taka frá eignum sínum til að laga ójöfnuð á milli gamla Kaupþings og nýja Kaupþings.

Frásögn Víglundar var kunnleg. Það voru einmitt þessi orð sem ég heyrði haustið 2010 frá fyrrum starfsmanni Arion banka þegar hann hringdi í mig og tilkynnti mér að Arion banki ætlaði að taka Haga hf. af fjölskyldu minni. Félagið sem við höfðum byggt upp í rúm 20 ár og hófst með opnun Bónuss árið 1989. Ég spurði þennan starfsmann hvers vegna. Honum varð fátt um svör. Hann viðurkenndi að engin rök



Ég skora hér með á Arion banka hf. að birta listann og segja frá hver bjó hann til. Það eru of margir sem vita að hann er til – það er ekki hægt að þegja lengur.

stæðu fyrir því að aðrir myndu reka Bónus betur en fjölskyldan sem stofnaði fyrirtækið. Ófarir okkar væru tengdar fjárfestingum í ólíkum geira þar sem hlutabréf í Högum höfðu verið sett að veði. Eftir snörp orða-

skipti við starfsmann Arion banka viðurkenndi hann og sagði þjóstuglega: „Þú ert á listanum!“ „Hvaða lista?“ spurði ég. „Nú listanum um aðila sem á að kála.“

Bankinn tók síðan Haga yfir og setti á markað. Allt gott og

blessað og góðir drengir komu að borðinu, en bankinn seldi hlutabréfin á 40% lægra verði en því sem fjölskylda mín og erlendir fjárfestar höfðum boðið í félagið. Einu svörin voru: „Þú ert á listanum.“

Ég skora hér með á Arion banka hf. að birta listann og segja frá hver bjó hann til. Það eru of margir sem vita að hann er til – það er ekki hægt að þegja lengur. Hvaða listi var svo merkilegur að það var óhætt að taka eignir af mönnum sem kunnu með þær að fara og höfðu byggt upp og í ofanálag selja þær eignir á lægra verði en bankinn gat selt þær á?

Mér þóttu það nokkur tíðindi þegar Víglundur Þorsteinsson kom fram og sakaði Arion banka hf. um að hafa gengið harðar fram gegn sér en öðrum skuldurum bankans og sagði að hann og hans félag hefðu verið á sérstökum lista innan bankans. Á þeim lista hefðu verið lífvæn-

Brúen

Hvers vegna að læra NLP – Coaching/markþjálfun?

- Vegna þess að NLP - Coaching er ein virkasta og mest notaða aðferð sem fyrirtæki og einstaklingar nýta til breytinga og stefnumótunar í heiminum í dag
- Vegna þess að þú vilt bæta stjórnunar- og stefnumótunar hæfileika þína
- Vegna þess að þú vilt bæta samskipti þín við sjálfa/n þig
- Vegna þess að þú vilt lifa lífi sem endur spegla verðgildi þín á dýpra pláni...



Kynningarfundur í Bústaðakirkju (Bústaðavegs megin) mánud. 3. sept. kl 17:30

NLP Practitioner – Coach (120 st. lotunám) hefst 6. sept. og lýkur með mati 25. nóv. 2012
NLP Master PC (120 st. lotunám) hefst 11. okt. og lýkur með mati 26. Jan. 2013

Kennari er Hrefna Birgitta Bjarnadóttir - Alþ.vottaður NLP- Enneagram kennari og HR-Coach
Skráning í síma 899 1939 og mail: hbbjarnadottir@hotmail.com

Sjá nánari uppl. á: www.brúen.is



OKKAR STYRKUR - YKKAR STYRKUR

Sjúkraþjálfun Styrkur, Höfðabakka 9 - Sími: 587 7750,

www.styrkurehf.is

Í heilsurækt Sjúkraþjálfunar Styrks er haustdagskráin að hefjast í rúmgóðum og björtum húsakynnum að Höfðabakka 9.



Auður Hólmfríður Sigrún Baldur Einar Örn Ásta Margrét Héðinn

Vefjagigtarhópar fyrir konur

Sigrún sjúkraþjálfari og Ásta jógakennari

kenna þessa leikfimi sem byggir á úthaldi, liðleika, styrk, jafnvægi og slökun.

Dagskammtur

Baldur, Einar Örn og Héðinn, sjúkraþjálfarar

leiða 30 mínútna kröftuga og fjölbreytta stöðvaþjálfun fyrir konur og karla í hádeginu.

Pilates

Margrét Pilates kennari

Frábærar 50 mínútna styrktaræfingar í hádeginu. Æfingar, sem þjálfar djúpvöðva líkamans.

Hjarta- og lungnahópar

Auður sjúkraþjálfari

sér um þjálfun þessa hóps ásamt blóðþrýstings-, púls- og mettunarmælingum, reglubundnu eftirliti og fræðslu.

Færni- og jafnvæghópur

Hólmfríður sjúkraþjálfari

sér um þjálfun aldraðra með byrjandi færniskerðingar og jafnvægisleysi.

Jóga

Ásta jógakennari

kennir jóga sem eflir einbeitingu, bætir öndun og eykur styrk, liðleika og jafnvægi líkamans. Byrjenda- og framhaldshópar, vefjagigtarjóga, jóga nidra og jóga fyrir börn.

Kynnið ykkur fjölbreytta þjálfunarmöguleika og faglega leiðsögn á www.styrkurehf.is

Tækjasalur - mánaðarkort / árskort í vel útbúinn tækjasal

Einstaklingsmiðuð þjálfun ásamt reglulegum árangursmælingum og eftirfylgni sjúkraþjálfara

Milton Friedman og farvegur peninganna

Fjármál

Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur



Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu eins skarpasta hagfræðings og þjóðfélagsgagnrýnanda 20. aldar, Nóbelsverðlaunahafans Miltons Friedman. Friedman var eins og flestir vita eindreginn talsmaður frjáls markaðar, lágra skatta og sem minnstra ríkisafskipta. Taldi hann að í grundvallaratriðum væri um tvö kerfi að ræða til að reka þjóðfélag: markaðskerfi og pólitískt kerfi. Munurinn á þessum tveimur kerfum kristallast í eftirfarandi lýsingu Friedmans á þeim leiðum sem fyrir hendi eru til að ráðstafa peningum. Friedman sagði að til væru fjórar leiðir til að eyða peningum.

Ein leið er að eyða eigin peningum í sjálfan þig. Þá er peningunum yfirleitt best varið því bæði þykir þér að jafnaði vænna um peninga sem þú aflaðir sjálfur en annarra auk þess sem peningarnir nýtast betur fyrir mann sjálfan en aðra því þú veist nákvæmlega hvað þú vilt en síður hvað aðrir vilja. Farir þú með þinn eigin fimm þúsund kall til að kaupa bók, þá hleypurðu ekki bara til og kaupir fyrstu bókina sem þú sérð á fimm þúsund kall. Þú skoðar bókaúrvalið, ferð jafnvel í nokkrar bóka-verslanir og kemur hugsanlega út með tvær bækur og samt með afgang! Svona er markaðskerfið í meginráttum, þ.e. peningarnir leita þangað sem nýtist hverjum og einum best.

Önnur leið til að eyða peningum sagði Friedman vera þá að eyða eigin peningum í aðra. Áfram muntu fara sparlega með peningana því þú aflaðir þeirra sjálfur, en ólíklegra er að þeir nýtist jafn vel þegar þeim er varið í óskir annarra þar sem erfiðara er að vita hvað aðrir vilja en maður sjálfur. Segjum sem svo að þú hafir ákveðið að gefa vini þínum afmælisgjöf fyrir fimm þúsund kall. Þá er ólíklegra að peningurinn nýtist eins vel eins og ef þú verðir honum í eigin þarfir því kannski hefur vinurinn engan áhuga á þeirri gjöf sem þú giskaðir á að hann vildi. Þú gefur honum tiltekna bók en kannski vildi hann fá aðra bók eða eitthvað allt annað, t.d. geisladisk, eða jafnvel bara peninginn! Ljóst er að þegar peningunum er varið með þessum hætti leita þeir síður í þann farveg sem nýtist best.

Þriðja leiðin, sem einnig er varasöm, er þegar þú eyðir annarra manna peningum í sjálfan þig. Þá er hætt við brúli. Peningarnir leita jú í þá átt sem þú vilt en þar sem peningarnir eru ekki þínir hirðir þú síður um kostnað. Þú splæsir vitaskuld á þig dýrindis hádegisverði á flottum veitingastað.

Fjórdða og sísta leiðin að mati Friedmans er að eyða annarra manna peningum í þriðja aðila. Þá er að jafnaði illa farið með peningana því auk þess sem höndlað er með peninga sem aðrir hafa aflað er þeim líka illa varið fyrir þá sök að þú hefur takmarkaðar upplýsingar um hvað aðrir vilja. Þetta er hið pólitíska kerfi.

Undir slíku kerfi er ríkið sífellt að eyða annarra manna peningum (skattborgaranna) í alls kyns verkefni sem það hefur litla hugmynd um hvort áhugi er á eða ekki. Sem dæmi

Hið eina sem stjórnálamenn vita undir pólitísku kerfi er að kjósendur eru gjarnir á að gleyma samhenginu milli útgjalda ríkisins og hvaðan þeir peningar koma, þ.e. frá þeim sjálfum.

má nefna Ríkissjófnvarpið. Pólitíkusar fá pening frá mér og þér og eyða í verkefni til að auka sjónvarpsgláp! En hvað veit ríkið um það hvort ég eða þú hafi yfirhöfuð áhuga á sjónvarpsglápi? Eða þá hvers konar sjónvarpsglápi? Þótt vera kunnir að sumir hafi áhuga á að glápa á Ríkissjófnvarpið eru aðrir sem vilja t.d. horfa á Skjá Einn eða ÍNN að ógleymdum þeim argrúa fólks sem nennir ekki að glápa á sjónvarp yfirhöfuð.

Hið eina sem stjórnálamenn vita undir pólitísku kerfi er að kjósendur eru gjarnir á að gleyma samhenginu milli útgjalda ríkisins og hvaðan þeir peningar koma, þ.e. frá þeim sjálfum. Á þetta spila stjórnálamenn um allan heim og fyrir vikið eru útgjaldaglaðir stjórnálamenn kosnir aftur og aftur. Því er kominn tími til að endurvekja hugmyndir Friedmans og annarra áhugamanna um grundvallarmannréttindi á borð við einstaklingsfrelsi og eignarétt og vinna að því að slíkum pólitíkum verði smátt og smátt úthýst úr íslenskum stjórnálamum.

Enn betri verslun
Opnunarháfiðin heldur áfram

**Frábær
tilboð**
í öllum deildum

Þessi og miklu fleiri í gangi alla helgina

Gerðu
lífið
skemmtilegra

30%
AFSLÁTTUR

af dömu
rykfrökkum
frá Collection

30%
AFSLÁTTUR

af Fantasie og
Freyja undirfötum

30%
AFSLÁTTUR

af völdum barna
Ticket to Heaven
regnfötum

Allt að

40%
AFSLÁTTUR

af völdum vörum
í snyrtivörudeild

Andlitsmálning


í barnadeild
frá 12:00-16:00
laugardag
og sunnudag

30%
AFSLÁTTUR

af völdum vörum
frá Gerry Weber

Kaupauki

þeir sem versla
fyrir 10.000 kr. eða
meira fá 2.000 kr.
gjafakort



Öll opnartilboð
gilda út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Hef hafið störf á Klippistofu Jörgens

Bæjarlind 2, sími 554 1414

Býð alla viðskiptavini hjartanlega velkomna
Hlakka til að sjá ykkur

Fjóla Valdís



Eitt ráðuneyti fyrir allar atvinnugreinar

Atvinnulíf

Margrét Kristmannsdóttir
formaður SVP –
Samtaka verslunar og
þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri SVP



Ástæðan er að málefni verslunar og þjónustu hafa alla tíð verið hornreka innan stjórnsýslunnar og aðrar atvinnugreinar hafa notið mun meiri stuðnings og athygli þeirra sem setið hafa við stjórnvölinn í landinu.

Flestar aðrar atvinnugreinar en verslun og þjónusta hafa marga undanfarna áratugi haft sín eigin ráðuneyti, þ.e. landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og iðnaðarráðuneyti þar sem ferðaþjónustan hefur verið innanborðs. Atvinnugreinin verslun

stórt og öflugt ráðuneyti þar sem viðfangsefnið verða málefni allra atvinnugreina í landinu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mun hafa heildarsýn yfir atvinnulífið í landinu og SVP leggja áherslu á að sá ráðherra sem fer með þennan málaflokk nú og í framtíðinni tryggji að jafnvægis verði gætt á milli allra atvinnugreina, að heildarhagsmunir verði hafðir að leiðarljósi og að þröngir sérhagsmunir ráði aldrei för.

Allt bendir til þess að verslun



Allt bendir til þess að verslun og þjónusta muni veita stærstum hópi þess fólks atvinnu sem kemur á vinnnumarkaðinn á næstu árum.

og þjónusta, sem nú veitir hátt í 30% vinnandi fólks í þessu landi atvinnu, hefur hins vegar aldrei haft eigið ráðuneyti en verið hýst í efnahags- og viðskiptaráðuneyti ásamt mörgum öðrum málaflokkum. Þar innandyra voru málefni verslunar og þjónustu lítt áberandi og voru iðulega afgangsstærð.

Sú breyting sem verður á skipan stjórnsýslunnar í dag er því mikið fagnaðarefni. Með þessari breytingu verður til eitt

og þjónusta muni veita stærstum hópi þess fólks atvinnu sem kemur á vinnnumarkaðinn á næstu árum. Mikilvægi atvinnugreinarinnar í íslensku samfélagi mun því enn aukast. Í því ljósi hlýtur það að teljast löngu endurspeglis innan stjórnsýslunnar og greinin standi, a.m.k. að þessu leyti, jafnfætis öðrum atvinnugreinum í landinu – og hljóti þar með þann sess sem henni ber.

Skráning er hafin á haustnámskeið í hóppjálfun Gigtarfélag Íslands



Námskeið í STAFGÖNGU, STOTT-PILATES, Vatnsleikfimi, STYRK - JAFNVÆGI - THI CHI, karlaleikfimi,

Námskeið byrja 5. september Sjúkráþjálfarar og hjúkrunarfræðingur sjá um þjálfun.

Kynntu þér málið, nánari upplýsingar undir hóppjálfun á heimasíðunni www.gigt.is

Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í. Ármúla 5, sími 530 3600

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012

KALLAÐ ER EFTIR HUGMYNDUM SEM EFLA ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG OG TENGDAR ATVINNUGREINAR



Markmið samkeppninnar er að finna framsækna og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:

Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við

Verðlaunaféð er kr. 400.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 8.-9. nóvember á Grand hóteli.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afrakstur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

Hugmyndin þarf að vera framúrstefnuleg

Hugmyndin þarf að vera raunhæf



Svifaldan, verðlaunagripur Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar. Fyrstu verðlaun 2011 fékk hugmyndin Ljósveidar, ljósvarpa

Frestur til að skila inn framúrstefnuhugmynd er 1. október 2012. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



REYKJAVÍKURBORG



Brettagarður í Laugardal Kynningarfundur

Reykjavíkurborg boðar til kynningar á hjólabrettagarði í Laugardal þriðjudaginn 4. september kl. 17:30 í Laugabóli, félagshúsi Þróttar í Laugardal. Kynntar verða framkvæmdir og áform um notkun og rekstur hjólabrettagarðsins.



Reykjavíkurborg | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is



Pú færð
fjársjóðskistuna
í sunnudaga-
skólanum!

BARNASTARF KIRKJUNNAR

SUNNUDAGASKÓLINN ALLA SUNNUDAGA Í VETUR!

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI, MÖMMUR OG PABBA – AFA OG ÖMMUR!

REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

DÓMKIRKJAN

Alla sunnudaga kl. 11
frá 9. sept.
Nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju
og Borgarholtsskóla
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
frá 9. sept.
Nánar á www.grensaskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.gudridarkirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
frá 9. sept.
Nánar á www.langholtskirkja.is

LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Lindakirkju og í Boðapíngi
Nánar á www.lindakirkja.is

NEKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seljakirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

HAFNARFJÖRÐUR, ÁLFTANES OG GARÐABÆR

ÁSTJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.astjarnarsokn.is

FRÍKIRKJAN

HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Barnamessa
alla sunnudaga kl. 10
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
frá 9. sept.
Nánar á www.vidistadakirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Brekkuskógum 1
frá 9. sept.
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

MOSFELLSBÆR

LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13
í kirkjunni frá 9. sept.
Nánar á www.lagafellskirkja.is

Haust & vetur



Allt að
20.000 kr.
afsláttur
á völdum
dagsetningum.

FERÐABÆKLINGI
HEIMSFERÐA ER DREIFT
MEÐ FRÉTTABLAÐINU
Í DAG.

STRENDUR • SKÍÐI • BORGIR



Sala haust- og vetrarferða í fullum gangi!

Heimsferðir bjóða nú sérstakan 10-20.000 króna bókuarafslátt á völdum dagsetningum í haust- og vetrarferðirnar. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði á þessum kjörum.

Tenerife

í haust og vetur ☀️

Frábært verð

Parque Santiago

Frá kr. 86.000 í 7 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 108.200 á mann.

Sértilboð 6. febrúar í 7 nætur með 15.000 króna bókuarafslætti.



Kanarí

í allan vetur ☀️

Frábært verð

Parque Sol

Frá kr. 94.900 í 13 nætur

Netverð m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna kr. 124.900 í íbúð með einu svefnherbergi.

Sértilboð 2. janúar í 13 nætur með 20.000 króna bókuarafslætti.



Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Zell am See - Lungau

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðasvæðum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins auk okkar vinsælu skíðaferða til Zell am See, Lungau o.fl. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á betri kjörum en gengur og gerist.

Frábært verð

Skihotel Speiereck

Frá 96.900 kr. í 7 nætur með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 112.400 á mann. 19. janúar í 7 nætur.



Costa del Sol



Síðustu sætin
í haust

Frábært verð

Griego Mar

Frá kr. 83.900

í 8 nætur með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,
2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 102.800
á mann. Sértilboð 11. september í 8 nætur með
10.000 króna bókkunarfslætti.



Síðustu sætin
í haust

Frábært verð

Hotel Shark

Frá kr. 112.000

með allt innifalið í 11 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn,
2-11 ára, í herbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi
kr. 133.500 á mann.
Sértilboð 14. september í 11 nætur.



Tyrkland



Borgarferðir

- Barcelona
- Búdapest
- Róm
- Prag
- Ljubljana
- Osló
- Kaupmannahöfn
- Billund
- Sevilla
- Bratislava
- Vínarborg
- Aðventuferðir til Heidelberg



Alicante



frá kr.

14.900

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Heimsferðir



EVA MARÍA MEÐ BÖRNIN Egill Scheving tólf ára, Matthildur Óskarsdóttir, 13 ára í október, Eva María með Sigríði Scheving tveggja ára, Kolfinna Scheving fimm ára, Sigrún Óskarsdóttir sjö ára í október, Hrafnkatla Scheving átta ára í október og Júlía Óskarsdóttir níu ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frábært hvað börn eru klár

Eva María Jónsdóttir situr ekki aðgerðalaus þó hún hafi horfið af skjáum landsmanna og öldum ljósvakans um sinn. Fram undan er fyrsta verkefnið í tvö ár utan heimilis og það snýst um börn. Börn eru alltumlykjandi í lífi hennar núna, þar sem hún og sambylismaður hennar eiga samtals sjö, á aldrinum tveggja til þrettán ára. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** hitti samt á Evu Maríu eina heima.

Hugðarefnin hafa dálítið verið lögð á hilluna frá því ég eignaðist síðasta barnið fyrir rúmum tveimur árum. Ég hef ekki viljað setja dóttur mína í pössun fyrr en hún kæmist á leikskóla og það gerðist fyrir rúmri viku. Mér hefur tekist að hafa öll mín börn heima þar til þau fara á leikskóla, reyndar með alls konar aðstoð. En mér hugnast best að sjá um þetta sjálf og þá eru ókostir sem fylgja því, eins og að þurfa að leggja sitt til hliðar. Auðvitað sækir stundum að mér leiði, en það þýðir samt ekki að ég sé að missa geðheilsuna og verði að komast úti. Það sem ég sakna helst er að tala meira við fulloröna. Til dæmis að byrja og enda setningar!“

Þetta segir Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona sem hefur verið í fullu starfi sem móðir og húsmóðir síðustu ár. Hún og maður hennar, Sigurpáll Scheving hjartalæknir, eiga sjö börn samtals og fimm þeirra eru í skólakerfinu á Seltjarnarnesi, þar sem Eva María og Sigurpáll búa. Hin tvö börnin koma um helgar. „Það er frábært að geta tekið á móti börnunum þegar þau koma heim og gefið þeim drekkutíma eins og maður fékk í gamla daga,“ segir Eva María brosandí og bætir við. „Ég er ekki að segja að það gangi allt hljóðalaust og allir setjist niður og fari svo bara að læra. Það er auðvitað ringulreið á köflum. Yngsta dóttirin, Sigríður, er eina barnið mitt sem á sex eldri systkini og hefur frá fyrsta degi verið ofurörvuð af þeim, hún er mjög fullorðinsleg eftir aldri, spjallar og ríftst og stendur mjög vel í lappirnar í þessari baráttu.“

Skyldi sú stutta vera dekurbarn? Eva María dregur við sig svarið. „Já, að því leyti að ég er ekki stíf við hana á sumum sviðum, eins og til dæmis að sofa í sínu rúmi. Tek bara þátt í orrustum ef ég verð að sigra. Stundum er heldur ekki þess virði að vesenast í

því, en ég mundi ekki hika við að taka þetta dekur af dagskrá ef svefnleysi væri farið að há mör.“

Yngri telpurnar deila herbergi tvær og tvær en tvö elstu börnin hafa sérherbergi. „Það er ekkert að því að börn séu saman í herbergi,“ segir Eva María. „Auðvitað er leiðinlegt ef þau hafa mjög lítið pláss en heimurinn allur er leikvöllur. Það er garðurinn, hverfið, fjaran og holtið. Þess vegna segjum við þeim miskunnarlaust að fara út að leika. Það tekur svolitinn tíma að venja börn á það og þau þurfa að festast við eitthvað áhugavert úti til að endast þar. En þegar það er búið eru þau bara úti að leika lon og don og gleyma sér og það er frábært. Þannig á æskan að vera. Börn verða að upplifa eitthvað og prófa að fara aðeins frá heimilinu og svo aðeins lengra næst. Við fluttum hingað út af staðsetningunni. Krakkarnir geta gengið í allt sem þau hafa áhuga á. Hér er ballett, fimleikar, fót-bolti, handbolti, sund og tónlistarskóli. Meira að segja myndlistarskólinn er í seilingarfjarlægð, úti í JL húsi.“

Hann hringdi í mig og svo hittumst við Hvernig skyldi hún svo hafa kynnt hjartalækninum Sigurpáli?

„Í stuttri útgáfu er sagan þannig að hann fékk símanúmerið mitt hjá sam-eiginlegum kunningjum, hringdi í mig og svo hittumst við. Síðan höfum við verið saman. Rosalega einfalt. Við höfðum aldrei sést áður en vorum bæði skilin og á þannig stað í lífinu að við vorum rétt að átta okkur á því að þegar maður væri skilinn mætti maður hitta annað fólk. Einn góðan veðurdag hittumst við svo með þessum rosalega afleiðingum. Það var óvænt og skemmtilegt,“ segir Eva María og hlær. Bætir svo við: „Auðvitað gengur á ýmsu en við erum dagfarsglöð og höfum nóg að gera þannig að það er lítill tími til að ala á drama. Við erum ólík en höfum tekið orku og tíma í að samstillast okkur, ekki síst í uppeldinu.

Þar verður að vera jafnræði og eitt yfir alla að ganga. Stjúpfórelldrahlutverkið er lært hlutverk, það er ekki eitthvað sem fólk hefur í sér, en auðvitað eru margir þættir þess þeir sömu og í móður- og föðurhlutverkunum. Að sýna kærleika í verki virkar en maður veit ekki alltaf hvað má – og á – sem stjúpfórelldri.

Það eru ýmis atriði sem þarf að ræða við hitt foreldrið og samræma. Þetta er svolítið tímafrekt til að byrja með en svo venst það og gengur betur með hverjum deginum sem líður. Það er líka svo frábært hvað börn eru klár. Það er ekkert mál fyrir þau að vera í einu húshaldi sem er með vissar reglur og venjur og í öðru húshaldi sem er einhvern veginn öðruvísi. Þau svissa á milli eins og ekkert sé. Það sér maður mjög glögg. Við vitum kannski ekkert alveg hvernig hin húshöldin eru en það væri fátíðlegt að ætla að þar væru nákvæmlega sömu áherslur og sömu viðhorf við öllum mögulegum hlutum.

Við erum svo heppin að börnin okkar eru rosa góðir vinir og vilja frekar vera saman en sundruð, bara einhvers staðar þar sem þau geta leikið sér út í eitt, alveg sama hvar, þess vegna heima hjá mömmu barnanna hans Sigurpáls eða hjá þabba krakka minna. Það eru svo margir sem standa að þessum börnum og bera hag þeirra fyrir brjósti. Óskar, faðir eldri barnanna minna, fer með þau í göngu-ferðir um landið og lætur þau bera allt á bakinu. Það er nefnilega allt í lagi að leggja eitthvað á börn. Ég hef hitt krakka sem hafa farið í Disneyland og fjallgöngu á sama sumri og það var fjallgangurinn sem stóð upp úr. Að labba frá Hesteyri yfir í Aðalvík – það toppaði Disneyland.“

Stundum fara þau Eva María og Sigurpáll líka í ferðalög með alla krakkana og ekki koma í þau auðveldustu. „Þetta eru ótrúlegar ævintýraferðir þegar við ferðumst öll saman og upplifum eitthvað nýtt,“ segir Eva



Í stuttri útgáfu er sagan þannig að hann fékk símanúmerið mitt hjá sam-eiginlegum kunningjum, hringdi í mig og svo hittumst við. Síðan höfum við verið saman. Rosalega einfalt.

María. „Í fyrra fórum við í Jökulfirðina á Vestfjörðum og í sumar í Þórsmörk og á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Allt gengur þetta einhvern veginn upp. Sigurpáll er Vestmannaeyingur þannig að við bjuggum í heimahúsi en það er guðlast að vera í Eyjum og taka ekki þátt í hátíðahöldunum og þar læra börnin af hinum fullorönu að skemmta sér fallega.“

Ætlar að kenna krökkum að kveða

Skyldi Eva María svo sjálf eiga einhverjar frístundir út af fyrir sig?

„Já, já. Ég er í kór, var að byrja í djassballett og hef verið send á golfnámskeið. Svo er ég alltaf að taka einhver fög í miðaldafræði í Háskóla Íslands, en ég er líka auðmjúk og sveigjanleg og tilbúin til að lúta í gras ef það gengur ekki. Ég er með BA í bókmenntafræði og þegar ég loksins náði að skila lokaritgerðinni 2007 þá var áhugi minn orðinn bullandi á þessum fræðum. Það var út frá þeim sem ég fór að skoða handrit með sagnadönsum og prófa þá á krökkunum. Þeim fannst þeir skemmtilegir enda er þetta myndrænt, ævintýrlegt og fyndið efni. Því var mjög freistandi að gefa þá út þannig að þeir væru aðgengilegir og það tókst í fyrra þegar Dans vil ég heyra kom í bókabúðir.“

Það sem fram undan er hjá Evu Maríu í haust er að hitta hópa leik- og grunnskólabarna í Gerðubergi. Hún og Nanna Hlíf Ingvadóttir tónmenntakennari ætla að leiðbeina þeim í að syngja gömul kvæði með ýmsum lagboðum. „Krakkar eru mjög fljóttir að tileinka sér svona efni, þeir geta lært langa bálka utan að á ótrúlega skömmum tíma. Í mörgum leikskólum og barnaskólum er þessum þjóðlega arfi haldið að börnum, en það má alltaf bæta í og nú býðst ákveðnum aldri að koma í eins konar smíðju og vinna með sagnadansa. Markmiðið er að þegar þau gangi út þá geti þau kveðið. Ég er sannfærð um að það takist.“



Sena kynnir

Elly Vilhjálmss

Minningartónleikar 13. október

HEIÐURSGESTIR

*Raggi Bjarna,
Jón Páll Bjarnason
og Guðmundur
Steingrímsson*

ALLAR HELSTU SÖNGKONUR LANDSINS SAMANKOMNAR Á EINUM STAÐ
ÁSAMT STÓRSKOTALIÐI KARLSÖNGVARA, HRYNSVEIT, BLÁSURUM OG STRENGJASVEIT
Á GLÆSILEGUM STÓRTÓNLEIKUM Í HÖLLINNI



ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON



ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNIR MARGRÉT BLÖNDAL LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON

MÍÐASALA HEFST 13. SEPTEMBER Á MIÐI.IS


sena



GUÐMUNDUR PÁLL „Allir ferlar á yfirborði Jarðar verða skiljanlegri ef við tökum Jörðina, alheimskúna okkar, í sátt og virðum hana fyrir það sem hún er,” skrifar höfundurinn sem sést hér baða sig í Mekong-fljóti í Laos.

MYND/LEIFUR RÖGNVALDSSON

Móðir Jörð eða Gaia

Guðmundur Páll Ólafsson líffræðingur er látinn. Guðmundur Páll var einn ötulasti og áhrifamesti náttúruverndarmaður landsins og þjóðkunnur fyrir bækur sínar um náttúru Íslands. Hann var langt kominn með bók um vatnið í sama bókaflökki þegar hann lést og er stefnt að því hún komi út á næsta ári. *Fréttablaðið* birtir með leyfi fjölskyldu Guðmundar Páls kafla úr bókinni.

Móðurjörð, hvar maður fæðist, mun hún eigi flestum kær, þar sem ljósið lífi glæðist og lítil sköpun þroska nær?

Sigurður Breiðfjörð (1798-1846).
Úr *Númaríumum*. 1835

Ég verð að játa fyrir þér, lesandi góður, að eitt erfiðasta skref sem ég hef stigið var að viðurkenna Móður Jörð sem lifandi einingu, eins konar risalífveru, sem þar að auki tengist goðsögninni um Gaiu. Svo rækilega hafði ég látið fræðin taka öll ráðin af skynsemi minni að ég ætlaði aldrei að komast yfir hjallann að Móðir Jörð samsvaraði risaveru. Ég veit ekki alveg hvers vegna – kannski óttaðist ég að hér væri ég að stíga skref út úr veröld þekkingarinn í heim dulhyggju, þar sem ég væri ómálga.

Samt var tilfinningin fyrir Móður Jörð minn heimavöllur. Árið 1970-1971 þældi ég mikið í þeim öflum og aðstæðum sem gera Jörðina lífvænlega. En ég áttaði mig ekki á því hve frumleg hugmyndin var og bæði skorti mig þekkingu til að þreifa mig áfram og sérfróða viðmælendur. Viðfangsefnið var kennsluefni fyrir 12 ára nemendur sem ég kallaði *Líf og umhverfi* en þar fjallaði ég um það sem ég nefndi frumþarfir lífsins: Sól, vatn, land og loft – og síðan lífið sem sífellt breytir aðstæðum á Jörðu. Ég gerði mér grein fyrir mikilvægi svona efnis fyrir ungt fólk svo að það öðlaðist vitræna sýn á Jörðina og lífið og vistkerfið sem heild og þótt ég vissi það ekki fyrir víst þá taldi ég mér trú um að þetta væri eina líffræðibókin sem væri í þessum dúr. Vonbrigðin voru mikil þegar í ljós kom að handritið þótti framandi og falla illa að kerfinu og að lokum týndist það í menntamálaráðuneyti. Sennilega var því fleygt. Efnið var ekki um fífla og sóleyjar, mýs og

marhnút heldur heildir í heimssýn þar sem náttúrufræði voru fræðin sem héldu utan um eðlis- og efnafræði, líffræði og jarðfræði – allt í einum góðum graut líkt og í náttúrunni – og þessu verki líka – þar sem vistkerfin eru undirstaðan.



Loks þegar ég tók lokaskrefið inn í stóran og mjúkan faðm Gaiu reyndist það eðlilegt og sjálfsagt. Rökin fyrir lifandi Jörð voru augljós og ég hafði komið auga á mörg þeirra löngu fyrr, þekkti þau af eigin raun, hafði skynjað, fundið, grunað, hugsað um lifandi Jörð árum og áratugum saman – þrælvanur heildstæðri hugsun án þess að skilgreina hugsun eins og Carl Jung hafði gert svo snilldarlega. Eins og brennt barn forðast eld hafði ég reynt að svæfa reynslu mína af *Lífi og umhverfi* enda þótt ég áliti hugmyndina að baki handritinu sígilda – vissi einnig að ég hefði getað gert betur. Ég hálfpartinn forðaðist frumkvöðulinn og meistaran James Lovelock þar til góðan haustdag í Flat-ey. Einn að basla settist ég niður í gömlu búðinni í Vorsölum og hóf lestur Gaiu. Komið var kvöld þegar ég lauk lestri hennar. Ég, átvaglið, hafði gleymt að borða. Sem betur fer átti ég líka *The Ages of Gaia*. Sú bók var mér enn þá ítarlegri opinberun og ég gaf mér nokkra daga að tengja hana við mig. Ég var kominn heim í minn andlega og fræðilega „heiðardal“ og gerði mér grein fyrir því að verk Lovelocks voru stórkostlegt innlegg fyrir mannkyn. Gaia var ekkert annað en Móðir Jörð með langa rekjanlega sögu sem sýndi og sannaði tilveru hennar sem lifandi, sívirkar og samvirkar heildar (eins og útskýrt verður nánar) – og lífverur voru veraldir innan veralda og veraldar – nátengdar.



Þegar ég var lítill drengur norður á Húsavík áttum við kúna Sóleyju.



MYND/LEIFUR RÖGNVALDSSON



Allt um kring má skynja enn dýpri vitund og umhyggju Jarðar þótt við í vestrinu kunnum ekki á henni skil eða rétt tungutak til að lýsa henni, enda eru um 400 ár síðan fólk á Vesturlöndum áráddi síðast að tala svo „gáleysislega“ um Jörðina.

Hún var „heilaga“ kýrin mín og ég minnst þess með ómældri gleði þegar ég fékk að fara í fjósið með pabba mínum á kvöldin. Þá stakk hann mér jafnan ofan í jötuna hjá Sóleyju á meðan hann var að sinna skepnunum. Þetta hentaði öllum. Ég var það lágur í lofti að ég komst lengi vel ekki upp úr jötnunni af sjálfsdáðum og samneyti okkar

Sóleyjar var einstakt. Mér var sagt að hún liti á mig sem kálfinn sinn og enn í dag álít ég hana fóstruna mína. Árin liðu og sambandið rofnaði aldrei. Hvergi var betra að eiga stundarfrið heldur en hjá Sóleyju rétt eins og ég hefði leitað til ömmu eða afa (sem voru ekki til staðar). Ég hafði þann vana þegar móður minnar naut ekki við að

lalla upp á tún til Sóleyjar þegar ég átti eitthvað bág. Þar var hún tjóðruð og yfirleitt hófst samneyti okkar með því að ég lagði hendur um háls hennar og horfði í blíðleg augu hennar. Ef hún lá og jórtraði var ég heppinn, ef ekki hvíslaði ég í eyra hennar og bað hana að leggjast svo ég gæti hjúfrað mig í hálsakoti hennar. Hvergi var notalegra

að sofna. Hún nusaði af mér og ég klóraði henni á bak við eyrun og á hnakknum. Stundum fékk ég mér mjólkursopa. Sóley fagnaði mér ávallt og návistin reyndist mér sálarheill. Íðulega þegar ég hvarf sjónum og spurt var eftir mér svörðu eldri systkini mín: „Ætli hann sé ekki hjá Sóleyju“ eða: „Hann er uppi á túni“.

Svo gerðist það að Sóley varð fávæik, líklega hefur hún fengið júgurbólgu. Á fallegu sumarkveldi eins og þau urðu fegurast á gömlu Húsavík heyrðum við allt í einu mikið baul rétt fyrir utan húsið að neðanverðu. Þar var komin Sóley. Hún hafði slitið tjóðrið og þarna stóð hún með framfætur á pallinum en tröppurnar allar útataðar í rennandi ræpu eftir hana. Hún vildi eitt-hvað. Pabbi brást strax við og hastaði á blessaða kúna en hún ansaði honum ekki og vildi lengra. Ég kom í dyragættina ásamt allri fjölskyldunni og sá Sóleyju mína svo illa á sig komna að ég varð miður mín. Ég var sannfærður um að hún vildi hitta mig. Hún baulaði svo ámatlega og vildi til baka þegar pabbi rak hana í burtu. Hún grét og ég grét og morguninn eftir var Sóley öll.

Alheimskýrin mín, Sóley, er dæmi um náin tengsl sem við getum myndað við aðrar tegundir en okkar eigin. Og í anda og eðli Jarðar er kærleikurinn innbyggður í lífið rétt eins og Grikkir álitu. Þeir vissu ekki fyrir víst hvort Eros (ástarguðinn) eða Gaia (Jörðin) hefði orðið fyrri til. Þessi eiginleiki er samofinn náttúru Jarðar og eðli allra hluta – að tengjast, bindast. Eiginleikinn, þótt hann heiti ekki ást eða umhyggja, er njörvaður í öll fyrirbæri. Frumbyggjar víða um heim þekkja þessa návist þar sem tré og steinar hafa augu, eru stundum nefndar persónur. Atómin eru þannig uppbyggð að þau laða önnur atóm til sín, tengjast með rafeindum, bindast. Væri ekki svo myndu sprellfjörug vetnisatóm rjúka upp í algleymsi alheimsviðáttunnar og vatn hyrfi af Jörðu, eins og sennilega átti sér stað á Venusi. En þegar tvö vetnisatóm taka hins vegar að dansa saman sameinast þau og sækja félagsskap út á við eins og til að mynda við súrefni. Þá lokkast súrefni til þeirra eða öfugt og úr verður vatn: tvö H atóm bindast O atómi – og vatnadansinn hefst. (Athugið að eitt efni sameinast öðru og myndar það þriðja.) Meðal allra hryggdýra er ást og umhyggja frumhvöt og þessi sterku tengsl eru bæði innan tegundar og stundum á milli tegunda. Allt um kring má skynja enn dýpri vitund og umhyggju Jarðar þótt við í vestrinu kunnum ekki á henni skil eða rétt tungutak til að lýsa henni, enda eru um 400 ár síðan fólk á Vesturlöndum áráddi síðast að tala svo „gáleysislega“ um Jörðina.

‘Móðir Jörð’ er auðvelt hugtak þegar allt kemur til alls. Áar okkar og eddur kunnu skil á alheimskúnni sem lífgaði allt. Jörðin var þeim lífandi heild, lífandi fyrirbæri. Sóley mín var veröld út af fyrir sig, líkt og við, líkt og fuglar himinsins og fiskar hafdjúpanna – veraldir innan veralda þar sem hver og ein á sitt líf meðvitað og ómeðvitað í samneyti við umhverfi sitt. Við höfum ekki áhyggjur af líkamshita okkar nema hann hækki en dagsdaglega gleymum við því að líkaminn er alltaf að stilla hitann, sjálfkrafa, og svo grípum við peysu eða förum úr til að hjálpa líkamanum. Sama gildir um svengd og át hjá öllum skepnum: svengd – át – svengd – át – hringrás ósjálfráð og sjálfráð; neikvæð boð og jákvæð til skiptis. Og þannig starfar Jörðin og lífheimur hennar. Hún stýrir veðurfari, hitastigi á Jörðu, efnasamsetningu loftsins sem við öndum að okkur, sennilega pressar hún úthafsskorpu af stað ofan í iður sín og vissulega er lífheimur hennar ábyrgur fyrir úrkomu. Allir ferlar á yfirborði Jarðar verða skiljanlegri ef við tökum Jörðina, alheimskúna okkar, í sátt og virðum hana fyrir það sem hún er – komum fram við hana af ást og virðingu.

GPÓ. Örstutt veraldar-saga. 2010

■ HAFÐI ÓVENJU BREIÐA OG HEILDSTÆÐA SÝN Á NÁTTÚRUNA

Guðmundur Páll Ólafsson fæddist á Húsavík 2. júní 1941. Hann varð líffræðingur frá Ohio State University í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum og stundaði doktorsnám við Stokkholmsháskóla á árunum 1971-74. Meðfram líffræðirannsóknnum og kennslu menntaði Guðmundur Páll sig í myndlist og ljósmyndun. Hann var þjóðkunnur náttúruvinnur og skrifaði merkar bækur um efnið: *Perlur í náttúru Íslands* (1990), *Ströndina í náttúru Íslands* og *Hálendið í náttúru Íslands* (2001). Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin, en hinar bækurnar voru báðar tilnefndar til sömu verðlauna.

Andri Snær Magnason rithöfundur var góður vinur Guðmundar Páls.

Hann segir hann hafa haft ómæld áhrif á umhverfisvitund á Íslandi og náttúruverndarhreyfinguna.

„Það er nánast hægt að tímasetja náttúruverndarhreyfinguna eins og hún er í dag við grein sem hann skrifaði árið 1996, Grát fóstra mín, þegar virkjunarvélín var að fara í gang fyrir alvöru. Annar vendipunktur er þegar hann reisti fánann við Hágöngur tveimur árum síðar. Þótt verk hans hafi ávallt haft sterkan undirtón fer hann þarna úr því að vera alþýðfræðari yfir í það að verða náttúruheimspekingur og síðar mikill og eitilharður náttúruheimspekingur. Hann hleypir inn í baráttuna óhefðbundnum aðferðum og táknrænum aðgerðum og á mikinn þátt í því

hvernig náttúruverndarhreyfingin hefur þróast undanfarið fimmtán ár.

Andri Snær segir arfleifð Guðmundar Páls búa í verkum hans sem gagnist öllum um ókomna tíð.

„Verk hans bera vitni um hvað hann hafði breiða og heildstæða sýn á náttúruna og umhverfið. Það var eins og hann umfaðmaði allt; hann náði utan um lífríkið niður í smáatriði og gat fléttað inn í það þjóðlegum fróðleik, eða ljóði.

Guðmundur Páll blómstraði seint að sögn Andra en var aftur á móti mjög frjór. Sjötugur er hann að vinna að hugsanlega sínu besta verki. „Á aldri þar sem margir eru orðnir skugginn af sjálfum var hann enn frjór, frumlegur og opin.“



Jóhann Ólafsson & Co - umboðsaðili OSRAM á Íslandi frá árinu 1948

Skiptu núna!
Góðir sparnaðarvalkostir í stað glóperunnar:

Light Bulb Type	Energy Savings
Halogen sparperur	Allt að 30% orkusparnaður
Sparperur	Allt að 80% orkusparnaður
LED-perur	Allt að 80% orkusparnaður

OSRAM OSRAM
SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI

Jóhann Ólafsson & Co. | Krókhálsi 3 | sími 533-1900 | www.olafsson.is

Bókaheimur í bláum skugga

Erótíska skáldsagan **Fifty Shades of Grey** hefur selst í milljónum eintaka síðan hún kom fyrst út hjá litlu áströlsku forlagi. **Sigríður Björg Tómasdóttir** skoðaði sex hliðar ævintýralegrar útgáfu á sögu sem ber ábyrgð á nýjasta æðinu í bókaútgáfu.

Blogg sem bjó til metsölubók

1 Útgáfusaga *Fifty Shades of Grey* er næsta ótrúleg. Sagan byrjaði sem „aðdáendasaga“ á vef aðdáenda vampírúbókanna *Twilight* en þar skrifaði E. L. James, höfundur bókanna, erótískar sögur um söguhetjur *Twilight*, Edward Cullen og Bellu Swan, undir samheitinu *Masters of the Universe*. E. L. James er raunar höfundarnafn Eriku Leonard, breskrar konu sem hafði ekki skrifað skáldsögu áður en hún samdi *Fifty Shades of Grey*. Hún endurskrifaði svo söguna og til varð þrileikurinn um háskólameyna Anastasiu Steele og auðkýfinginn Christian Grey. Fyrsti hlutinn var svo gefinn út á vegum lítills áströlsks útgáfufyrirtækis í maí á síðasta ári, annar hlutinn í september og sá þriðji í janúar. Ekki stóð mikið fé til boða hjá félaginu til að verja í markaðssetningu þannig að forlagið treysti meðal annars á bókablogg til að vekja athygli á henni. Fisksagan flaug og bókinn tók að seljast í stórum upplögum. Áhugi fjölmiðla hafði kviknað og brátt var farið að fjalla um þrileikinn sem dæmi um vel heppnaða markaðssetningu á netinu og hugstakið „mömmuklám“ varð til (e. mommyporn) vegna þess að konur eru í meirihluta lesenda bókanna. Þrileikurinn hefur selst í fjörutíu milljónum eintaka samkvæmt Wikipediu og Amazon hefur greint frá því að bókinn sé söluhæsta bók þeirra frá upphafi.



Björt mey og hrein

2 Háskólameyin Anastasia Steele er kynnt til sögunnar í upphafi bókarinnar *Fifty Shades of Grey*. Hún býr með vinkonu sinni Katherine Kavanagh í íbúð og það er einmitt sú vinkona sem sendir hana til þess að taka viðtal við milljarðamæringinn Christian Grey fyrir skólablað þegar hún forfallast vegna veikinda. Á daginn kemur að Grey er svo fjallmyndarlegur og fagur að Anastasia fellur í stafi. Hún hefur til þessa ekki heillast svo glatt af karlmönnum en hörku- og sjarmi Greys slær hana út af laginu. Hún kemst þó fljótlega að því að í ástum er Grey enginn venjulegur maður, hann er lítið fyrir að kúra en meira fyrir að verja stundum með rekkjunautum sínum í hinu rauða herbergi þjáningarinnar, Red Room of Pain, herbergi sem er sérhannað til að hann geti fengið útrás fyrir drottunaráráttu sína í kynlífi.

Ýmsar hliðar á þessum söguhetjum hafa verið milli tannanna á lesendum. Til að mynda að hin 21 árs gamla Anastasia er algjörlega óreynd í kynlífi, hefur varla kysst karlmann hvað þá meir. Hún virðist líka hafa komist í gegnum háskólanám án þess að eiga tölvu og vera með netfang og er þannig furðu ósjálfbjarga þrátt fyrir að eiga að vera ansi klár stelpa. Christian Grey er 27 ára milljarðamæringur sem hefur komist áfram af eigin rammleik.

„Aðalpersónurnar eru kannski ekkert sérlega trúverðugar, ég er að sumu leyti sammála gagnrýni sem hún hefur fengið á þá vegu. En svona bók er fyrirtaks flótti frá hversdagslífinu. Grey er mjög ríkur, sem uppfyllir þá fantasíu margra að þurfa ekki að hafa áhyggjur af peningum, fyrir utan að vera guðdómlega fallegur og fær um að veita Anastasiu þvílíkar fullnægingar hvað á eftir annað,“ segir Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur.

Svipur seljast sem aldrei fyrir

3 Afleiðingar ofursölu og athygli sem bókinn hefur fengið eru margvíslegar. Á vefsíðu *Time* var til dæmis vakín á því athygli hvernig hótel á sögusviði bókanna, í Seattle og nágrenni, nýttu sér vinsældirnar með því að bjóða upp á helgardvöl í anda *Fifty Shades of Grey*. Breskir bóksalar þakka bókinni bjartari tíma í bóksölu en bókinn hefur bætt hag þeirra svo um munar.



Fréttablaðinu bærust spurnir af því að hér á landi væri bókinn þegar farin að hafa áhrif á sölu hjálpartækja ástarlífsins. Gerður Huld Arinbjarnardóttir, annar eigandi vefverslunarinnar *Blush.is*, segir að meira seljist af svipum og hjálpartækjum sem notuð eru í BDSM-kynlífi, þar sem fjótrar og sársauki eru notuð til frýgðarauka. „Við seljum aðallega í gegnum heimakynningar, förum og kynnum vörur fyrir höpum af aðallega konum og eftir að umræða um *Fifty Shades of Grey* fór á flug þá fórum við að selja meira af svipum, handjárnnum og slíku. Áður seldum við kannski eina svipu um helgi, núna eru þær kannski fimm til sex og salan eykst.“



Fimmtíu gráir skuggar

4 Í næstu viku kemur bókinn *Fifty Shades of Grey* út í íslenskri þýðingu en henni hefur verið gefið nafnið *Fimmtíu gráir skuggar*. Upplagið er þrefalt samkvæmt upplýsingum útgefanda bókarinnar, Forlagsins, sem verst fregna um nákvæmar upplagstölur. „Maður þorir svo sem ekki að gera ráð fyrir neinu en við búumst við því að íslenskir lesendur séu jafn spenntir og lesendur annars staðar. Enda eru þetta grípanði bækur með söguþræði sem rígheldur,“ segir Sif Jóhannsdóttir hjá Forlaginu og bætir við að forsala bókarinnar, sem fór af stað í vikunni, fari hratt af stað. „Auðvitað eru skiptar skoðanir á verkinu en fólk vill lesa bókina til að geta talað um hana og það er auðvitað mikilvægt að það geri það áður en það gerir upp hug sinn um bókina.“ Sumir spá útgáfuhrinu erótískra skáldsagna eftir velgengni þrileiksins og Sif segir tvímælalaust tekin á lofti um það. „Þetta eru bókmenntirnar sem allir eru að tala um núna. Auðvitað hafa erótískar sögur alltaf verið til, misgrófar og misvel skrifaðar. En nú eiga þær upp á pallborðið og því líklegt að útgáfa þeirra blómstri,“ segir Sif og minnir á að ekki er svo langt síðan glæpasögur voru ekki með í bókmenntaumoræðunni þó þær séu víðurkenndur hluti hennar í dag.

Útgáfuþlan þrileiksins er þétt, í nóvember er von á bók númer tvö og sú þriðja kemur út í janúar. „Þetta er í fyrsta sinn sem við stígum svona hratt til jarðar,“ segir Sif. Sem sjá má er íslenskt heiti fyrstu bókarinnar *Fimmtíu gráir skuggar* bein þýðing á heiti bókarinnar á frummálinu en krafa er gerð um það af hendi réttthafa að titillinn sé þýddur beint. Bók tvö ber heitið *Fimmtíu dekkri skuggar* og sú þriðja *Fimmtíu skuggar* frelsis.



Innlegg í opinskáa umræðu

5 Kynlífið er límið í þessari bók sem ég held að muni veita lesendum innblástur í sínu kynlífi. Það er eins með BDSM og annað í kynlífi, það þarf bara að prófa sig áfram,“ segir Sigríður Dögg Arnardóttir, kynfræðingur og pistlahöfundur í Fréttablaðinu. „Bókinn hefur augljóslega vakið mikla forvitni. Að óreyndu hefði kannski ekki mátt búast við því að svona margir myndu lesa bók af þessu tagi en umtalið hefur líka orðið til þess að fólk finnst það þurfa að lesa hana.“

Sigríður Dögg telur bókina innlegg í opinskáa umræðu um kynlíf sem hún segir alltaf vera til hins góða. „Það sem ég var ánægð með þegar ég las bókina var til dæmis hversu aðgengileg hún er. Ég upplifi hana nánast eins og blogg með söguþræði.“

Sigríður Dögg segir bókina gefa raunhæfa mynd af margvíslegum hliðum sadómasó-heimsins. „Anastasia er samt vanþroskuð að því leyti að hún áttar sig ekki á því að hún er við stjórnvölinn, Grey gerir henni færi á að stoppa alltaf ef sársaukinn verður of mikill.“ Hún bætir við að henni þyki líka miður að það þurfi dramatíska útskýringu á því hvers vegna Grey sé svona hrifinn af því að drottna yfir rekkjunautum sínum.

„En bókinn er rígheldur, ég var að minnsta kosti mjög spennt þegar ég var að lesa hana.“



Gatslitið plott og gróft kynlíf


6 Himinháar sölutölur á *Fifty Shades of Grey* þýða ekki að bókinn hafi fallið í góðan jarðveg hjá öllum sem hana hafa lesið. Í vikunni bærust til að mynda fregnir af því að Clare Philipson hjá kvænnaathvarfi í Washington (*Wearside Women in Need*) ætlaði hinn 5. nóvember að efna til bókabrennu þar sem bókunum yrði fargað. Að mati hennar var innihald bókarinnar slæmt. „Ég get ekki lýst því hversu ill mér þykir bókinn vera og hversu hættuleg mér þykir hugmyndin um fagaða en barnalega unga konu og mikið ríkari og ofbeldisfullan eldri mann sem ber hana og gerir við hana hræðilega kynferðislega hluti,“ var haft eftir henni á fréttavef BBC eftir mótmæli útgefanda bókarinnar, sem benti á að gagnkvæmt samþykki fyrir kynlífi væri til staðar hjá söguhetjum bókarinnar.

En bókinn hefur líka verið gagnrýnd fyrir að vera einfaldlega léleg. Helga Birgisdóttir, doktorsnemi í bókmenntum, var lítt hrifin eftir lestur bókarinnar. „Sem bók finnst mér hún svo léleg. Hún væri skemmtileg og áhugaverðari ef plottið væri ekki svona gatslitið. Ég var einlega bara hissa þegar ég las hana hvað hún var slöpp,“ segir Helga sem meðal annars hefur stúderað skvísúbókmenntir og les gjarnan afþreyingarbókmenntir en sagan af Anastasiu Steele og Christian Grey höfðar ekki til hennar. „Auðvitað vill maður stundum lesa um það sem er ótrúlegt, flyja raunveruleikann eins og lesendur rauðra ástarsagna gera til dæmis og ég skil auðvitað að kynlífið selji. En meinið við þessa sögu er hvað hún er þunn og hvað aðalpersónurnar eru ósannfærandi og niðurdrepandi. Kynlífsýsingarnar finnst mér líka vélaenar og lítið sexi. Ég átta mig einlega ekki á því hvernig þessi bók varð svona vinsæl en auðvitað selur kynlíf og bókinn vakti sannarlega forvitni mína. Ég las hana meðal annars til að vera viðræðuhæf.“

TAKK FYRIR KOMUNA, JUSSI ADLER-OLSEN



VAKA-HELGAPELL



NÝ
KILJA



„Olsen er mikill sögumaður og vefur söguþráðinn af list. Sögur hans eru afburða afþreying ...“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRETATÍMINN



„Flöskuskeyti frá P er frábær saga, vel skrifuð og spennandi.“

KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ / FRÉTTABLAÐIÐ

AFMÆLISTILBOÐ Í R

Angel dream
Comfortable Sleeping

ÁFÖST YFIRDÝNA

SPARIÐ 30.000

STÆRD: 140 X 200 SM.

140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 74.950

44.950

FÆTUR OG BOTN FYLGJA



50% AFSLÁTTUR

8 PÖR FULLT VERÐ: 1.495

8 PÖR **745**

DÖMU- OG HERRASOKKAR
Litur: Svartur. Stærðir: 36-46. 8 pör í pakka.



BLÖDRUR OG BUFF FYRIR BÖRNIN!



ANGEL DREAM AMERÍSK DÝNA
Frábær amerísk dýna á ótrúlegu verði! Í efra lagi er áföst yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru 570 LFK pokagormar pr. m². Fætur fylgja með.

Pokagormur Svampur Yfirdýna Miðlungi Ábyrgð 10 ár Ábyrgð 2 ár

HANDSÁPA
1000 ml. hand-sápuáfylling. Frábært verði! 1 stk. fullt verð: 695 nú 2 stk. aðeins: 695

NÚ 2 STK. AÐEINS: **695**

50% AFSLÁTTUR

BARNSTÆRDIR NÚ: **1.745**

STÍGVÉL Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
Dömu og herra: Svört/blá í stærðum: 35-46. Fullt verð: 4.995 nú: 2.495
Barnalitur: Svört, blá eða rauð í stærðum: 21-35. Fullt verð frá: 3.495 nú: 1.745



ALLAR FERDATÖSKUR 25% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR

SCREEN

VERÐ NÚ FRÁ: **3.995**



SCREEN RÚLLUGARÐÍNUR
Góðar screen garðínur sem eru gæddar þeim eiginleikum að þú sérð út en síður inn.
Litur: Hvítur. Stærðir:
80 x 170 sm. 5.995 nú 3.995
100 x 170 sm. 7.995 nú 5.995
120 x 170 sm. 8.995 nú 6.295
140 x 170 sm. 9.495 nú 6.595
150 x 170 sm. 10.490 nú 7.295
160 x 170 sm. 11.990 nú 8.295
200 x 170 sm. 12.990 nú 8.995
150 x 250 sm. 13.990 nú 9.695
90 x 250 sm. 9.995 nú 6.995

KREP

SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 2.995

1.995

ALLI SÆNGUR-VERASETT
Efni: 100% bómullarkrep. Lokað að neðan með tölum. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



AFMÆLISTILBOÐ

25 ÁRA



ALLIR LAMPAR 25% AFSLÁTTUR

SKÁLASETT MEÐ PLASTLOKUM
Sniðugt gler-skálasett með plastlokum. 5 skálar saman í setti. Frábært verði!

5 STK. FULLT VERÐ: 995 **695**



RÚMFATA LAGERINN!

Í TILFNI AF 25 ÁRA AFMÆLI RÚMFATALAGERSINS BJÓÐUM VIÐ UPP Á KAFFI, KLEINUR OG SAFA Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG!

SPARIÐ
1.000

ZONKA
SÆNGURVERA-
SETT
Efni: 100%
gæðabómull.
Lokað að neðan
með tölum.
140 x 200 sm. og
50 x 70 sm.

FULLT VERÐ: 3.495

2.495

AFMÆLISTILBOÐ

25
ÁRA

28%
AFSLÁTTUR

COSMO
STÓLL
Með stillan-
legri setu.
Litur:
Svartur.

FULLT VERÐ: 6.995

4.995

LENKE HEILSUPUÐI
BAK / SESSA ÚR
MEMORY FOAM
Góður heilsupúði
sem hægt er að nota
sem sessu eða sem
stuðning við bakið.
Frábær á skrif-
stofuna, í bílinn eða
bara hvar sem er.
Stærð: 41 x 41 x 9,5
sm.

SPARIÐ
1.000

FULLT VERÐ: 2.995

1.995

BJÓÐUM
UPP Á
KAFFI,
KLEINUR OG
SAFA!

SPARIÐ
20.000



BORD + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 79.900

59.900

BORD: 90 X 140 SM.

ROYAL - BORDSTOFAN
Borð: B90 x L140 sm. 39.950 Borð: B90 x L180 sm. 49.950 Stækkunarplata: B90 x L45 sm. 8.995 Stóll: 9.995
Skenkur: B140 x H86 x D45 sm. 49.950 Glerskápur: B100 x H190 x D45 sm. 69.950
Borð: B90 x L140 sm. + 4 stólar 79.900 nú 59.900

SPARIÐ
5.000

Koddi
50 x 70 sm.
5.995

40%
AFSLÁTTUR

135 X 200 SM. FULLT VERÐ: 14.950

8.950

KRONBORG
OF DENMARK

KRONBORG GREENLAND ANDADÚNSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni
og andafíðri. Sængin er saumuð í feringa og því
helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Sæng: 135 x
200 sm. 14.950 nú 8.950 Sæng: 135 x 220 sm.
16.950 Koddi: 50 x 70 sm. 5.995

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 05.09.12

Mannlaust á tunglinu í 40 ár

Neil Armstrong féll frá fyrir skemmstu en með risastökki sínu árið 1969 var hann í fararbroddi brautryðjenda NASA sem stigu fyrstir fæti á yfirborð tunglsins. Enginn hefur hins vegar komið á tunglið frá árslokum 1972 og þrátt fyrir margs konar hugmyndir um mannaðar tunglferðir er ekki útlit fyrir að breyting verði á í fyrirsjáanlegri framtíð, eins og **Porgils Jónsson** komst að.

Neil Armstrong, sem steig fæti á yfirborð tunglsins fyrstur manna árið 1969, lést fyrir skemmstu eins og flestir vita. Andlát Armstrongs varð mörgum tilefni til þess að rifja upp tunglferðirnar og hversu einstakt afrek það var að koma mannfólki upp á annan hnött í geimnum, en vekur einnig upp spurningar um af hverju mannaðar tunglferðir lögðust af. Tunglið er talið hafa myndast við árekstur jarðarinnar og annars hnattar, skömmu eftir myndun sólkerfisins. Frá því að mannfólkið kom fyrst fram á sjónarsviðið hefur tunglið vakið með þeim bæði furðu og forvitni. Flestir menningarheimar höfðu sína sýn á tunglið og margir tilbáðu tunglið sem guð.

Tunglið og tunglferðir hafa einnig átt sinn sess í bókmenntum þar sem bók Jules Verne, *Ferðin til tunglsins*, sem gefin var út 1865, ber líklega hæst.

Geimkapphlaupið

Þrátt fyrir að vísindalegur áhugi á nánari könnun á tunglinu hafi verið til staðar alla tíð var það ekki fyrr en í kalda stríðinu á seinni helmingi síðustu aldar sem kraftur komst í rannsóknir með hinu svokallaða geimferðakapphlaupi milli stórveldanna. Bandaríkin og Sovétríkin kepptust þar við að sanna yfirburði sína með afrekum á vísindasviðinu.

Mörgum þótti vel í lagt þegar John F. Kennedy Bandaríkjaforseti kynnti árið 1961 það markmið að senda Bandaríkjamenn til tunglsins áður en áratugurinn væri á enda.

Á þessum tíma fóru Bandaríkjamenn einmitt halloka í kapphlaupinu. Sovétrmenn höfðu, fjórum árum áður, sent Júrí Gagarín á braut um jörðu og sendu einnig fyrsta könnunargeimfarið, *Luna 2*, til tunglsins árið 1959. Þetta var auðmýkjandi og hvatti NASA til dáða og var allt lagt í verkefnið, sem síðar varð að Apollo-leiðngrunum.

Risastökkið

Sovétrmenn héldu forskotinu enn í sinn með því að lenda *Luna 9* á yfirborði tunglsins árið 1966 og senda myndir til baka. Síðar sama ár fór *Luna 10* á braut um tunglið fyrstur gervihnatta.

NASA hlaut hins vegar uppreisn æru þegar áhafnar meðlimir *Apollo 8* urðu fyrstu mennirnir sem komust á braut um tunglið og sáu meðal annars fjærhlíð tunglsins fyrstir manna, um jólaaleytið 1968.

Sumarið eftir lenti *Apollo 11* á hinu svokallaða Rósemishafi og Armstrong tók sitt stutta risastökk út á yfirborð tunglsins. Buzz Aldrin kom á eftir honum og nýr kaflí tók við í sögu geimrannsóknna.

Næstu ár lentu fimm önnur mönnuð geimför NASA á tunglinu og tíu geimfarar spígsporðu þar léttri í spori, og stunduðu ýmiss konar rannsóknir.

Síðasti maðurinn sem steig niður fæti á tunglið var Eugene Cernan sem hélt heim á leið 14. desember 1972.


Sovétrmenn stóðu ekki með hendur í skauti meðan á Apollo-leiðngrunum NASA stóð, heldur fóru ómönnuð *Luna*-för Sovétranna til tunglsins og til baka með bergsýni.

Frá miðjum sjöunda áratugnum og fram að árinu 1976 lentu 65 för á tunglinu en eftir það hættu tunglendingar jarðarbúa með öllu.

Tunglvatn vakti áhugann

Tunglferðir féllu í skuggann af öðrum könnunarverkefnum.

HRINGFERÐ UM HIMINGEIMINN



Samsæriskenningar um tunglferðir

Allt frá landingu Armstrongs og féлага á *Apollo 11* hefur hópur manna og kvenna haldið því fram fullum fetum að allir leiðangrarnir séu blekking. Menn hafi í raun aldrei gengið á tunglinu, geimgöngur hafi verið sviðsettir á jörðu niðri og fullyrðingar um annað séu runnar undan rifjum NASA og bandarískra stjórnvalda.

Meðal þess sem hinir vantrúðuð benda á er að bandaríski fáninn sem Buzz Aldrin stakk niður á tunglinu virðist blakta, þrátt yfir að slíkt eigi ekki að vera mögulegt þar sem ekkert andrúmsloft sé á tunglinu. Því er svarað til að fáninn hafi ekki blakt, heldur aðeins virst vera á hreyfingu vegna þess að hann var krumpaður og ekki rétt settur á fánastöngina.

Þá furða margir sig á að á ljósmyndum frá tunglinu sjást aldrei stjörnur á himni. Það má hins vegar skýra með því að myndirnar eru teknar að degi til á tunglinu þar sem bæði beint sólarljós og endurkast frá yfirborði tunglsins gerir mannsauganu og myndavélalinsum ómögulegt að sjá stjörnurnar á himninum.

Besta sönnunin fyrir áreiðanleika NASA-leiðangrana eru hins vegar viðbrögð Sovétranna á sínum tíma. Hefðu Bandaríkjamenn staðið í einhverju vafasömu í leiðngrunum hefðu Sovétrmenn, með sín fínu njósnatæki, ekki hikað við að upplýsa um svindlið til að reyna að koma höggi á þennan erkiandstæðing sinn.

RISASTÖKKIÐ Bandaríkjamennirnir Neil Armstrong og Buzz Aldrin eyddu einum degi á yfirborði tunglsins. Tíu landar þeirra fylgdu á eftir næstu þjú árin, en í 40 ár hefur enginn stigið þar fæti, en vel má merkja ummerki vegna dvalar manna á tunglinu.

Sovétrmenn einbeittu sér að MIR-geimstöðinni og NASA beindi athygli sinni að könnun Mars og óravíddum geimsins.

Upp úr 1990 voru sendir gervihnettir á braut um tunglið og vöktu upp getgátur um að ís væri að finna undir yfirborðinu. Til að kanna það voru nokkur för látin brotlenda á yfirborðinu í þeirri von að gufa myndi rísa upp en svo fór ekki, þó síðar kæmi í ljós að vatn er að finna þar í takmörkuðu magni, helst við norðurpólinn.

Hætt vegna hruns

Efnahagsfárviðrið sem gekk yfir heiminn upp úr haustinu 2008 hafði mikil áhrif á áætlanir NASA, enda hafa framlög til stofnunarinnar dregist verulega saman, með tilheyrandi endurskipulagningu.

Meðal þess sem var slegið út af borðinu voru hugmyndir um mannaðar tunglferðir sem

Tunglfararnir tólf og molar úr tunglferðum

Tólf geimfarar NASA fóru til tunglsins í sex ferðum á árunum 1969 til 1972. Átta þeirra eru enn á lífi í dag.

Geimfarar	Dagsetning	Tími á tunglinu
Neil Armstrong og Buzz Aldrin	21. júní 1969	21 klst.
Pete Conrad og Alan Bean	19. til 20. nóv. 1969	31,5 klst.
Alan Shepard og Edgar Mitchell	5. til 6. febrúar 1971	33,5 klst.
David Scott og James Irvin	30. júlí til 2. ágúst 1971	67 klst.
John W. Young og Charles Duke	20. til 23. apríl 1972	71 klst.
Eugene Cernan og Harrison Schmitt	11. til 14. des. 1972	75 klst.

- Þó að tunglferðirnar hafi verið farnar í vísindalegum tilgangi var aðeins einn geimfaranna, Harrison Schmitt, vísindamaður að atvinnu.
- Tunglbíll var með í för í síðustu þremur leiðngrunum til að auðvelda rannsóknir.
- Alan Shepard hafði golfkyflu og tvo bolta með sér. Hann sló tvö vindhögg áður en hann hitti fyrri boltann, en þann seinni hitti hann í fyrsta.
- Samtals voru Apollo-geimfararnir tólf við störf utan landingarfararsins í 22 klukkustundir og söfnuðu rúmum 110 kílóum af geimgrjóti.
- Ekkert ríki getur slegið eign sinni á tunglið samkvæmt samningi frá árinu 1967.
- Tunglið snýr alltaf sömu hliðinni að jörðu. Því er engin „skuggahlíð“ á tunglinu.

(Heimildir: NASA og stjómfræðivefurinn)



SÁ FYRSTI Neil Armstrong, sem féll frá ekki alls fyrir löngu 82 ára gamall, mælti hin fleygu orð „eitt lítið skref fyrir manneskju, en risastökk fyrir mannkynið allt“ þegar hann steig niður til yfirborðsins. MYND/NASA

George W. Bush Bandaríkjaforseti boðaði árið 2004 að gætu orðið fyrir árið 2020. Stefna eftirmanns hans, Baracks Obama, miðar hins vegar að því að koma mönnum á Mars um eða upp úr árinu 2030.

Stemningin fyrir tunglferðum virðist takmörkuð sem sannaðist ágætlega þegar Newt Gingrich, sem sóttist eftir útnefningu Ríkisblikanaflokksins fyrir komandi forsetakosningar, boðaði uppsetningu mannaðra geimstöðva á yfirborði tunglsins innan áratugar en var hann dreginn sundur og saman í háði.

Aðrar geimvísindastofnanir, ESA í Evrópu, Rússar, Kínverjar, Japanir og Indverjar, hafa uppi áform um frekari könnun tunglsins og hafa mannaðar ferðir komið til tals, en enginn sem stendur vinnur beint að slíku.

Kínverjar stefna að því að senda geimjebann *Chang'e 3* til tunglsins á næsta ári, sem yrði fyrsta geimfarið sem lendir þar frá árinu 1976. Indverjar og Japanir boðuðu fyrir nokkrum árum mannaðar ferðir til tunglsins fyrir 2030 í þeim tilgangi að reisa þar geimstöð, en verkefnið er ekki enn hafið.

Loks má nefna Aurora-verkefni ESA sem felur meðal annars í sér mannaðar könnunarferðir til Mars, en á heimasíðu verkefnisins er meðal annars velt upp þeim möguleika að geimstöð verði komið fyrir á tunglinu til að sinna ferðum til Mars.

Ymis álitamál koma upp þegar kostir og gallar mannaðra rannsóknarferða til tunglsins eru bornar saman við ómannaðar ferðir. Í fyrsta lagi yrði kostnaður gríðarlegur í erfiðu árferði, í annan stað fylgir mikil áhætta mönnum til tunglsins

Völin og kvölin

og loks er óvíst hvort mannhandarnir sé þörf við rannsóknir á tunglinu, í ljósi þess hve háþróaður rannsóknarbúnaður er orðinn, og þá hvort slíkt svári kostnaði og áhættu.

Á móti kemur að undirbúningur eins flókinna leiðangra og hér er talað um hefur í för með sér mikla framþróun á fjölmörgum sviðum sem skilar sér allt niður í almennar neytendavörur, með tilheyrandi ágóða fyrir efnahagskerfi. Þá geta mannaðar tunglferðir búið vísindamenn undir ferðir til Mars að því ógleymdu að á tunglinu má finna ýmiss konar auðlindir sem má nota til lengri geimferða.

Eins og stendur er þó ekkert í hendi og fátt sem bendir beinlínis til þess að nokkur muni ganga í fótspor Armstrongs og kollega hans.

(Heimildir: Stjómfræðivefurinn, NASA.gov og Wikipedia.org)



Opið hús í dag!

Frábær dagskrá og uppákomur út um
allt Borgarleikhús milli kl. 13 og 16

Gulleyjan og **Íslenski dansflokkurinn** á Stóra sviðinu

Skoppa og Skríttla í forsal

Gói og ævintýrin, Rautt og **Sönglist** á Litla sviðinu

Opnar æfingar á **Svari við bréfi Helgu, Á sama tíma að ári**
og **Gullregni**

Skoðunarferðir um töfraveröld leikhússins

Myndatökur með Skoppu og Skríttlu, Góa og Þresti og
sjóræningjum úr Gulleyjunni

Tæknifikt, búninga- og hárkollumatun

Gulleyju-rattleikur, blöðrur og happdrætti

Ljúfir **leikhústónar**, **kaffi** og **ilmandi vöflur** í forsal

Verið hjartanlega velkomin
í Borgarleikhúsið!

568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið





HAGSTÆÐARA GENGI

VIÐ LÆKKUM VERÐ UM

ALLT AÐ **11,8%**



CAPTIVA LT

7 sæta, sjálfskiptur, dísel.
Verð áður kr. ~~6.790.000~~
Nú kr. **5.990.000**

VERTU MEÐ!

**KYNNTU ÞÉR LÆGRA VERÐ
Á CHEVROLET BÍLUM!**

VEGNA HAGSTÆÐARA GENGIS ÍSLENSKU KRÓNUNNAR getum við nú lækkað verð á Chevrolet bílunum um allt að **11,8%**. Komdu í heimsókn, kíktu inn á **benni.is** og kynntu þér lægra verð á Chevrolet bílum. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn þinn frá Chevrolet - á lægra verði.

VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	NÝR BÍLL	VERÐLÆKKUN
SPARK LS 1,2L, beinskíptur, 5 dyra. Verð áður kr. 2.090.000 Nú kr. 1.940.000	AVEO LTZ 1,6L, sjálfskiptur, 5 dyra. Verð áður kr. 3.090.000 Nú kr. 2.890.000	CRUZE LTZ 1,8L, beinskíptur, 4 dyra. Verð áður kr. 3.290.000 Nú kr. 2.990.000	MALIBU LTZ 2,0L, sjálfskiptur, 4 dyra. Dísel, leður og sóllúga Verð kr. 5.590.000	ORLANDO LTZ 2,0L, sjálfsk., 7 sæta, dísel. Verð áður kr. 5.290.000 Nú kr. 4.990.000

Er ekki kominn tími á nýjan lykil?

LYKILL
Nýr valkostur í bílafjármögnun
www.lykill.is

Opið laugardag frá kl. 12.00 til 16.00 og á sunnudag á Tangarhöfða 12.00-16.00.

Verð áður miðast við verðlista í júlí 2012
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • www.benni.is



HAGSTÆÐARA GENGI

VIÐ LÆKKUM VERÐ UM

ALLT AÐ **11,8%**



CAPTIVA LT

7 sæta, sjálfskiptur, dísel.
Verð áður kr. ~~6.790.000~~
Nú kr. **5.990.000**

VERTU MEÐ!

**KYNNTU ÞÉR LÆGRA VERÐ
Á CHEVROLET BÍLUM!**

VEGNA HAGSTÆÐARA GENGIS ÍSLENSKU KRÓNUNNAR getum við nú lækkað verð á Chevrolet bílunum um allt að **11,8%**. Komdu í heimsókn, kíktu inn á **benni.is** og kynntu þér lægra verð á Chevrolet bílum. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn þinn frá Chevrolet - *á lægra verði.*

VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	VERÐLÆKKUN	NÝR BÍLL	VERÐLÆKKUN
SPARK LS 1,2L, beinskíptur, 5 dyra. Verð áður kr. 2.090.000 Nú kr. 1.940.000	AVEO LTZ 1,6L, sjálfskiptur, 5 dyra. Verð áður kr. 3.090.000 Nú kr. 2.890.000	CRUZE LTZ 1,8L, beinskíptur, 4 dyra. Verð áður kr. 3.290.000 Nú kr. 2.990.000	MALIBU LTZ 2,0L, sjálfskiptur, 4 dyra. Dísel, leður og sóllúga Verð kr. 5.590.000	ORLANDO LTZ 2,0L, sjálfsk., 7 sæta, dísel. Verð áður kr. 5.290.000 Nú kr. 4.990.000

Er ekki kominn tími á nýjan lykil?

LYKILL
Nýr valkostur í bílafjármögnun
www.lykill.is

Opið laugardag frá kl. 12.00 til 16.00 og á sunnudag á Tangarhöfða 12.00-16.00.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • www.benni.is

Verð áður miðast við verðlista í júlí 2012



NÝJUNGAR Í FATASKÁPINN

DERHÚFUR Herrarnir fara ekki varhluta af íþróttaskubylgju vetrarins en derhúfurnar voru áberandi á tískupöllunum við jakkaföt sem og hversdagslegri fatnað.

RÚLLUKRAGAR Þó að mörgum hrylli við tilhugsunina um uppháa kruga er rúllukraginn kominn aftur. Undir jakkaföt er hann ágætis tilbreyting frá skyrtnunni góðu.

LEÐUR

Leður í jökkum, buxum, vestum og skóm í vetur segja meðal annars YSL, Jil Sander og Lanvin.

LEÐURKLÆÐI OG LOPAPEYSUR

Herrátískan breytist ekki jafn mikið milli ára og kvenfatatískan en þó er hægt að greina ákveðna tískustraua fyrir komandi haust og vetur. Lopapeysur, síðir frakkar og hversdagsleg jakkaföt voru mest áberandi á tískupöllunum. **Álfrún Pálsdóttir** komst að því að derhúfur og rúllukragar fá uppreisn æru í fataskápum herranna fyrir haustið.

HVERSDAGSLEG JAKKAFÖT

Jakkafötin á ekki bara að taka fram á galakvöldum í vetur. Jakkaföt úr grófum ullarefnum henta vel hversdags.



SÍÐAR YFIRHAFNIR

Síðir og flaksandi frakkar eru fallegir í haustveðrinu og ekki skemmir fyrir ef þeir eru með leðurbótum.

PRJÓNAPEYSUR

Prjónaðar peysur í öllum stærðum, gerðum, litum og munstrum. Yfir skyrtur, boli og undir jakkaföt.

BT

RETTA FARTÖLVAN FYRIR ÞIG

allt að 8 klst.
raflöðuending

10.000
verðlækkun

89.900
áður 99.900

ÞESSI NETTA!

Samsung NP305U1A
Skjár: 11,6" LED HD -200nits
Örgjafi: AMD Dual E-450 1.6GHz
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

11.6"

ÞESSI ÓDÝRA!

Samsung RV515-S04SE
Skjár: 15,6" 1366x768 LED
Örgjafi: AMD Dual-Core E-450
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

15.6"

109.900

SAMSUNG



159.900

ÞESSI ÖFLUGA!

15.6"

Samsung NP300E5A
Skjár: 15,6" 1366x768 LED
Örgjörvi: Intel i5 2450M - 2.5GHz
Harður diskur: 1TB 5400RPM
Vinnsluminni: 6GB DDR3

SAMSUNG 7 SERIES



229.900

ÞESSI FLOTTA!

14"

Samsung NP700Z3C
Skjár: 14,0" 1600x900 LED
Örgjafi: Intel® Core™ i5 3210M
Harður diskur: 1 TB 5400rpm
Vinnsluminni: 6GB DDR3

SAMSUNG GAMER 700G7A

379.900
áður 399.900

ROSALEG LEIKJAVÉL

...til í slaginn!

17.3"

20.000
verðlækkun



Skjár: 17,3" SuperBright HD 1920x1080p
Skjákort: Nvidia GeForce GTX657M 2GB
Örgjafi: Intel i7 3610QM 2.3GHz
Allt að 3,3GHz Turbo - 6MB L3 Flýtiminni
Harður diskur: 1.5TB (1500GB) 7200rpm
með 8GB SSD Express Cache fyrir fljótari
ræingu og keyrslu
Vinnsluminni: 16GB DDR3 SDRAM
Geisladrif: DVD, Blu-Ray skrifari og lesari



89.900



15.6"

Packard Bell TE11-BZ-408
Skjár: 15,6" LED 1366x768
Örgjörvi: AMD E450 1.65GHz
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 320GB

einnig fáanleg í rauðu

129.900



15.6"

Packard Bell TV11-CM-84506G
Skjár: 15,6" LED 1366x768
Örgjörvi: AMD A8-4500M 2.8GHz
Vinnsluminni: 6GB DDR3
Harður diskur: 750GB

VERÐUR HEPPNIN MED ÞÉR?

2 heppnir sem kaupa fartölvu í ágúst og september eiga
möguleika á að vinna Samsung Galaxy Tab 8.9" spjaldtölvu



SPJALDTÖLVUR



Kindle lestólva



Point of View spjaldtölvur



Samsung Galaxy Tab

lækkað verð!

MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA FYRIR FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR



tölvumýs



lyklaborð



minnislyklar



töskur og bakpokar

BT Skeifunni - BT Glerártorgi
www.BT.is - s. 550-4444

netto

Kræsingar & kostakjör

NAUTAKÓTELETTUR
PEPPERSTYLE



30% AFSLÁTTUR

1.749

ÁÐUR 2.498 KR/KG

Kjötbankinn

VERIÐ VELKOMIN

KALKÚNAGRILLSNEIÐAR



1.499

ÁÐUR 1.898 KR/KG



SVÍNASNITSEL Í RASPI
FERSKT



32% AFSLÁTTUR

1.291

ÁÐUR 1.898 KR/KG

BLÁMAR
ÞORSKHNAKKAR



1.480

ÁÐUR 1.898 KR/KG

KÖKUSTANDUR 598 KR



BOLLAKÖKUSTANDUR 398 KR



KÖKUBOX-ÁL 598 KR



BAKKI 598 KR



BARNA BÖKUNARSETT 998 KR/PK

BOLLAKÖKUR MEÐ BÖRNUNUM

SKÁLAR 3 STK. 1.298 KR

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

LAMBALÆRI

FROSID



998 KR/KG

TILBOÐSVERÐ!



BESTU TILBOÐIN Í NETTÓ

EPLA- EÐA APPELSÍNUSAFI
200 ML



59

ÁÐUR 79 KR/STK

HVÍTLAUKSBRAUÐ
1 STK. 175 G



99

ÁÐUR 119 KR/PK

KLEINUHRINGUR
BAKAÐ Á STAÐNUM*

50% AFSLÁTTUR

95

ÁÐUR 189 KR/STK

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

NÝBAKAÐ
TILBOÐ



HIMNESKAR BOLLAKÖKUR 2.998 KR
- KYNNINGARVERÐ -

AXEL ÞORSTEINSSON
BAKARAMEISTARI **BAKAR**
BOLLAKÖKUR ÚR BÓKINNI
OG BÝÐUR VIÐSKIPTA-
VINUM AÐ **SMAKKA Á**
Í NETTÓ MJÓDD, Í DAG
LAUGARDAG.

VERIÐ VELKOMIN!

Tilboðin gilda 30.ág. - 2. sept.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

UPPSETNINGAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU



↑ 1962

Árni Tryggvason og Bessi Bjarnason
Lilli klifurmús í flutningi Árna og Mikki hans Bessa hittu í mark.

1977

Árni Tryggvason og Bessi Bjarnason.
Leikurinn endurtekinn og gefinn út á plötu og segulbandsspólu.

1992

Örn Árnason og Sigurður Sigurjónsson
Örn fetaði í fótspor föður síns og lék Lilla en Sigurður lék Mikka.

2003 →

Atli Rafn Sigurðarson og Pröstur Leó Gunnarsson. Litrík sýning sem var gefin út á dvd- og geisladiski.



ALDARAFMÆLI HÖFUNDARINS

Torbjörn Egner, hinn norskri leikritahöfundur, fæddist árið 1912 og hefði því orðið hundrað ára í ár. Barnaleikrit hans; Kardimommubærinn, Dýrin í Hálsaskógi, Sígladír söngvarar og Karíus og Baktus, hafa notið fádæma vinsælda hér á landi og laðað til sín um 300 þúsund áhorfendur í Þjóðleikhúsinu. Þar fyrir utan hafa þau verið sýnd hjá áhugamannaleikfélögum víða um land.


Fyrsta verkið sem sviðsett var eftir Egner hér á landi var Kardimommubærinn, árið 1960. Frumsýning Þjóðleikhússins á Dýrunum í Hálsaskógi árið 1962 var fyrsta frumsýning verksins í heiminum þar sem leikarar fóru með hlutverk. Áður hafði verkið verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi.

Uppsetning Dýranna í Hálsaskógi nú er hálfur aldar sýningarafmæli leikrítisins. Hún er undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Heimild: www.leikhusid.is.



MÚFFUR Í HVERT MÁL

Gómsætar, einfaldar og fljótlegar



morgunmúffur • hádegismúffur • kvöldverðarmúffur



www.forlagid.is – alvöru bókaerslun á netinu



TILBÚNIR Í SLAGINN

Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ævar Þór Benediktsson í Hálsaskógi á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

Stórt hjarta í þessu

Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ævar Þór Benediktsson fá að leika Mikka ref og Lilla klifurmús á fjöllum Þjóðleikhússins á næstu vikum. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** hitti þá og komst að því að utan sviðs eru þeir vinir.

Klukkan er tíu að morgni og leikarar Þjóðleikhússins að tínast í hús bakdyramegin. Sumir eru komnir til að æfa Dýrin í Hálsaskógi sem á að frumsýna 8. september, þeirra á meðal þeir Jóhannes Haukur og Ævar Þór. En áður en sminkurnar ná til þeirra eru þeir króaðir af í viðtal og fyrsta spurning er hvernig stemningin sé í Hálsaskógi.

„Stemningin í Hálsaskógi er hress og baksviðs eru allir vinir enn þá. En ef sýningin gengur í mörg ár gæti auðvitað farið að slitna upp úr vinskapi og við farið að klóra hvert annað í sminkstólnum,“ segir Jóí. Þar er greinilega stutt í refseldið!

Lilli klifurmús er stærsta hlutverk Ævars Þórs til þessa. „Ég útskrifaðist fyrir tveimur árum úr leiklistarskólanum og þetta hlutverk er stór biti og mjög góður biti,“ segir hann.

Jóí: „Árni Tryggva er búinn að sjá Ævar sem Lilla og gefa samþykki sitt. (Snýr sér að Ævari) Hvað var það aftur sem hann sagði þegar þú hittir hann eftir æfinguna?“

Ævar: „Ég spurði hann hvort þetta hefði sloppið og hann hló og sagði: „Já, rétt fyrir horn.“ Svo bætti hann við grínlaust að hann hefði skemmt sér vel og var ánægður með hversu nálægt upphaflegu uppsetningunni sýningin væri. Við fylgjum líka handritinu sem mest. Það er svo stórt hjarta í þessu verki.“

Jóí: „Já, við leggjum okkur fram við að flytja það orðrétt af því fólk þekkir það svo vel. Hins vegar gefum við okkur mikið frelsi í allri sviðsetningu, lýsingu, búningum og leikmynd.“

Ævar: „Leikmynd Ilmar Stefánsdóttur er alger ævintýraheimur bæði fyrir börn og fulloröna.“

Hversu margar uppfærslur skyldu þessir ungu menn sjálfir hafa séð?

Jóí: „Við misstum af Bessa og Árna. Síðari uppfærsla þeirra var 1977 og ég er ekki fæddur fyrr en 1980 og Ævar seinna. En ég sá hana 1994, þegar Örn lék Lilla og síðustu uppfærslu sá ég bara á DVD.“

Ævar: „Það er alveg eins með mig. Svo hlustuðum við líka á spóllurnar fram og til baka. Eitt af því sem ég hlustaði á þegar ég fór að sofa.“

Jóí: „Þess vegna er eitt sem verður að halda í, það er hláturinn hans Bessa sem Mikki refur. Ég legg mína túlkun í refinn en ég reyni að nota hláturinn hans Bessa því hann er svo frábær.“

Ævar: „Eftir að síðasta sýning var sett á DVD fór Örn Árna niður í sjónvarp og fann þar gamlar upptökur með Bessa og Árna, tvö atriði sem höfðu verið tekin upp fyrir Stundina okkar. Þau eru svarthvít og restin af sýningunni er ekki til. Við skoðuðum þessi atriði og það er svo gaman að sjá karlana í aksjón. Þeir voru nefnilega fimmtugir þegar þeir léku Mikka og Lilla í seinna skiptið.“

Hvað Árni fer létt með að klifra, það er alveg magnað.“

Ævar: „Stærsta tréð er fjórir metrar og ég verð að sveifla mér þangað en refurinn hann kemst auðvitað ekkert, þótt hann langi.“

Jóí: „Fyrst Bessi og Árni gátu þetta fimmtugir þá ætti okkur ekki að vera vorkunn. Það er aðallega Snorri Engilbertsson sem leikur bakaradrengrinn sem fær aldeilis að sprikla í sýningunni.“

Nokkur börn í einu herbergi leikhússins höfðu vakið athygli blaðamanns þegar hann kom inn. Þau gerðu sér dælt við Jóa og gerðu tilraun til að kyrrsetja hann. Í ljós kemur að þau leika í Dýrunum.

Jóí: „Það er hópur af börnum í sýningunni. Yndislegum börnum.“

Ævar: „... og hæfileikarífum. Þau fóru í gegnum inntökufrelsi og voru vandlega valin enda þurfa þau að kunna fímléika og að syngja og dansa.“

Jóí: „Ég er alltaf að stríða krökkunum og geng alveg í barndóm við að umgangast þau.“

Nú byrja þeir félagar að hlaða hvorn annan slíku lofi að blaðamaður veit ekkert hvað er sagt í gríni og hvað ekki svo hann ákveður að slíta viðtalinu.

Jóí: „Ég vil bara enda á að segja hvað Ævar er frábær...“

Ævar: „... og Jóí er alls ekki síðri.“

Börnunum baksviðs hefur fjölgað meðan á viðtalinu stóð og andlit þeirra hafa breyst í héra, kanínur og fleiri skógardýr. En öll virðast þau vinir.“

Í HVAÐA SÆTI LENDIR ÞÚ?



Þú gætir lent í sæti aðstoðarökumanns á sérleið í alþjóðlega Shell V-Power rallýinu sem fram fer 6.-8. september í nágrenni Reykjavíkur

Allir sem taka eldsneyti á bensinstöðvum Shell fyrir 5. september og fylla út þátttökuseðil komast í pottinn. Tíu heppnir þátttakendur verða dregnir út og fá að sitja í sæti aðstoðarökumanns keppanda í Shell V-Power rallýinu á stystu sérleiðinni sem fer fram í Kópavogi 6. september.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.skeljungur.is/VPower.





HÖFUNDUR Á FERÐ 1. Greinarhöfundur og Noble Aye fyrir utan husnæði Samtaka fyrrum pólitískra fanga í Mae Sot. 2. Búrmískir búddamúnkar í Mae Sot. 3. Ametao-heilsugæslan í Mae Sot en þar fá íbúar Búrma ókeypis og betri lækniþjónustu en þeim stendur til boða í heimalandinu. 4. Pyntingatól úr alræmdasta fangelsi Búrma. 5. Bátur sem ferjar fólk yfir ána á landamærum Tailands og Búrma.

Teikn á lofti um betra Búrma

Stjórnvöld í Búrma hafa lofað bót og betrun eftir áratugi af borgarastyrjöldum og mannréttindabrotum. **Freyja Oddsdóttir** stjórn málafræðingur heimsótti tvær borgir tengdar lýðræðisbaráttu Búrma og talaði við fólk íð sem hætti lífi sínu fyrir frelsið.

Barátta fyrir lýðræði í Asíuríkinu Búrma hefur nú staðið yfir hátt í hálfu öld. Landið er eitt vanþróðasta ríki heims enda hefur herforingjastjórn ráðið þar ríkjum meira og minna frá því Búrma hlaut sjálfstæði frá Bretum árið 1948. Viðskiptabann við Vesturlönd hefur einnig sett sinn svip á efnahag landsins. Borgarastyrjöld hefur geislað þar víða, meðal annars í Kachin-héraði við landamæri Kína og auk þess hefur alda ofbeldis nýlega brotist út í Arakan-héraði við Bengalflóa.

Ad undanförunu hafa orðið ýmsar breytingar sem glæða von um að lýðræði geti orðið að veruleika í Búrma. Herforingjastjórninni hefur verið breytt í borgaralega ríkisstjórn, fjölmörgum pólitískum fönngum hefur verið sleppt úr haldi og Aung San Suu Kyi mun taka sæti á þingi í þessum mánuði ásamt fleiri félögum NLD-flokksins (National League for Democracy). En telja íbúar Búrma að ástæða sé til bjartsyni? Hvernig er hægt að treysta orðum ríkisstjórnar sem hefur kúgað þjóðina með ofbeldi og grófum mannréttindabrotum í áratugi?

Bær útlaganna í Taílandi

Bærinn Mae Sot í Taílandi hefur lengi verið kallaður bær útlaganna, en hann liggur um sex kílómetra handan við landamæri Búrma. Áhrifin frá Búrma eru yfirgnæfandi, enda mikið um búrmneska innflytjendur sem flúið hafa ofbeldi og bág kjör í heimalandi sínu. Ekki þarf að skoða sig lengi um til að sjá að hér fer fram ýmiss konar starfsemi sem ekki myndi líðast örfáa kílómetra í burtu, hinum megin við landamærin. Margir vinsælustu veitingastaðirnir eru til að mynda

reknir af fyrrverandi pólitískum fönngum og samtökum sem styðja þá.

Í látlausu íbúðarhúsi nálægt spítalanum eru rekin Samtök fyrrum pólitískra fanga frá Búrma. Heimilisfangið er hvergi að finna á netinu, en eftir krókkaleiðum fæ ég leiðbeiningar á staðinn og hitti þar fyrir búrmneska lýðræðissinna sem handteknir hafa verið fyrir störf sín. Samtökin safna upplýsingum um það hverjir eru í haldi, berjast gegn mannréttindabrotum á pólitískum fönngum og aðstoða þá við að endurbyggja líf sitt þegar þeim er sleppt. Þeir hafa líka sett upp lítið safn þar sem hægt er að skoða fangaklefa og pyntingaradferðir ásamt myndum af öllum sem haldið er sem pólitískum fönngum.

Fyrrverandi fangar

Allir starfsmenn samtakanna eru fyrrverandi fangar. Þeir voru fangelsaðir, pyntaðir og dæmdir fyrir að skipuleggja og taka þátt í friðsamlegum mótmælum gegn yfirvöldum og dreifa fræðsluefni um lýðræðisbaráttuna en mótmæli og gagnrýni á yfirvöld eru ólögleg í Búrma. Dreifing á bæklingum um lýðræði, þó það sé bara einn bæklingur, getur leitt til dóms án sanngjarnra réttarhalds og vistar í þrælunarbúðum í sjö ár.

Ko Htay Aung er karlmaður um fimmtugt. Hann er með hása og hrjúfa rödd og segir mér aðspurður að langvarandi berklar og slæmur aðbúnaður í fangelsisvistinni hafi skemmt í honum röddina. Hann var fangelsaður af yfirvöldum alls fjórum sinnum fyrir skipulagningu og þátttöku í friðsamlegum mótmælum og lengst sat hann inni í sjö ár samfellt. Hann segir mér að daglegar aðstæður í fangelsinu séu verri en pyntingarnar en algengt er að fangarnir þrauki margra ára

fangelsisvist í fótunum sem þeir voru í þegar þeir voru handteknir. Stundum er fjölskyldu þeirra leyft að koma með aukaföt, oft mörgum mánuðum eftir handtöku. Klefanum deildi Ko Htay Aung með 3-4 öðrum fönngum, en plássíð sem þeir höfðu var 2,4 metrar á breidd og 3,3 metrar á lengd. Engar bækur voru leyfðar eða skriffæri og oft stytta þeir sér stundir með því að hugleiða.

Noble Aye er lítill og unglægur kona á fertugsaldri og ber þess engin merki að hafa búið bróðurpart fullorðinsára sinna við pynting og ómannúðlegar aðstæður í hinu alræmda Insein-fangelsi í Yangon, höfuðborg Búrma. En um leið og hún byrjar að tala má heyrast að hún hefur lifað tímanna tvenna. Hún segir mér frá því þegar hún og móðir hennar voru handteknar árið 1998 eftir mótmælögöngu í tilfinni tíu ára minningarafmælis blóðbadsins árið 1988. Vinur hennar hafði verið tekinn af lögreglunni í mótmælögöngunni og pyntaður til að segja frá hver hafði látið hann fá bæklinginn sem hann var að dreifa, en það var Noble Aye.

Fangelsuð tvisvar

Noble Aye var tvisvar fangelsuð fyrir þátt sinn í lýðræðisbaráttunni og var í seinna skiptið dæmd í 42 ára fangelsi. Hún var látin laus eftir sjö ára fangavist þann 13. janúar 2012 ásamt 300 öðrum fönngum, sem var liður stjórnvalda í að sýna alþjóðasamfélaginu að þeim væri alvara með að bæta ástandið í landinu. Aftur á móti fylgdi engin tilkynning eða breyting á dómi neinna þessara fanga og fæstir höfðu þeir afplánað dóminn sem þeir hlutu upphaflega. Því má handtaka þá hvernær sem er til að afplána afganginn af dómnum. Samtök fyrrum pólitískra fanga hafa staðfest að enn séu 465

pólitískir fangar í haldi og grunur leikur á að þeir séu fleiri. Því eru margir sem ekki treysta því að þetta framtak sýni raunverulegan vilja stjórnvalda til að virða mannréttindi og koma á lýðræði í landinu.

Noble Aye flutti til Mae Sot í Taílandi í maí 2012 og segist ekki ætla aftur til Búrma fyrr en stjórnvöld sýni einlægan vilja til breytinga. 42 ára fangelsisdómur hennar stendur óbreyttur og hún treystir stjórnvöldum ekki fyrr en stjórnarskránni hefur verið breytt til að tryggja rétt þegna til stjórnmalapátttöku.

Bresk áhrif í Búrma

Næst er ferðinni heitið til Yangon, stærstu borgar Búrma. Það má auðveldlega sjá bresku áhrifin í þessari fyrrum nýlendu Breti. Fólk af eldri kynslóðum talar reiprennandi ensku og ber þess merki að vera vel menntað en nú er menntakerfið í molum. Ungu fólk er smalað í háskólagreinir sem eru ríkisstjórninni þóknarlegar og má þar nefna jarðfræði, dýrafræði og verkfræði. Eftir hin blóðugu stúdentamót-mæli árið 1988 er háskólum lokað reglulega að ástæðulausu enda er menntafólk og stúdentahreyfingin það sem stjórnvöld óttast hvað mest.

Við erum harkalega minnt á að við erum ekki lengur í Taílandi í leigubílnum á leiðinni frá flugvelliinum, en bílstjórinn horfir reiðilega á mig þegar ég spyr hann um búrmneska tungumálið. „Það heitir mjanmar-tungumál,“ áreittar hann áður en hann svarar spurningunni. En Mo Mo, leiðsögukonan okkar, býðst til að fara með okkur í höfuðstöðvar NLD-flokksins og eftir það áráði ég að segja henni að ég sé að skrifa grein um stjórnmal í Búrma sem gleður hana mikið.

Á NLD-flokkskrifstofunni í Yangon er mikið um að vera. Þar er

starfað í litlu tveggja hæða húsi sem er fullt af sjálfboðaliðum og fyrir utan húsið sitja nokkrir félagar við borð og selja varning merktan flokknum með myndum af Aung San Suu Kyi. Fyrir aðeins nokkrum mánuðum var ekki hægt að sýna stuðning sinn við stjórnarandstöðuflokka á almannafæri og enn eru margir hræddir við stjórnmalapátttöku. Starf NLD-flokksins í gegnum árin hefur verið allt annað en auðvelt og meðal annars var honum gert að vísa Aung San Suu Kyi, stofnanda flokksins og lýðræðis-hetju landsins, úr flokknum þar sem hún var á sakaskrá. Nú starfar flokkurinn löglega en er þó við öllu búinn, enda eru flokksfélagar vanir því að stjórnvöld lofi öllu fögru en sjái sig um hönd stuttu seinna.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Margir spyrja sig hvað varð til þess að ríkisstjórnin sá ástæðu til breytinga eftir margra ára einræði. Einungis er hægt að svara þeirri spurningu með getgátum en mörgum viðmælendum mínum finnst líklegt að herforingjastjórnin hafi verið farin að finna fyrir viðskiptabanninu og vanþróuninni á eigin skinni. Rík ástæða er til tortryggni þar sem fyrrum yfirmaður hersins er nú forseti landsins og sama fólk er við stjórn og áður þrátt fyrir breytingar á titlum. Ríkisstjórnin veit líka vel að alþjóðasamfélagið hefur mestan áhuga á lýðræðisþróuninni og hinum þekktu þjóðhetjum Búrma og hagar því seglum eftir vindi til að Vesturlöndum virðist allt stefna í rétta átt. En borgarastyrjöld geisar enn í Kachin-héraði og herlögum hefur verið lýst yfir í Arakan-héraðinu á nýjan leik. Hvernær mun búrmneskur almenningur sjá breytingar á sínum hag?

■ ÁRATUGA ÁTAKASAGA

Búrma eða Mjanmar?

Þegar Bretar réðu yfir landinu kölluðu þeir nýlenduna Búrma og við sjálfstæði varð Búrma opinbert nafn þess. Búrma, eða Bama á frummálinu, dregur nafn sitt af stærsta þjóðflokki landsins en í Búrma eru 137 ólík þjóðarbrott víðurkennir af yfirvöldum og mörg þeirra hafa barist sín á milli á margum áratugi. Margir telja því nafnið ekki fallið til að efna til sátta þar sem það visar einungis til stærsta og valdamesta þjóðarbrotsins.

Árið 1989 tók herforingjastjórnin einhliða ákvörðun um að breyta nafni landsins í Mjanmar en það var ári eftir að friðsöm mótmæli stúdentanna breyttust í blóðbað um gjörvallt landið. Að mati Bo Kyi, ritara Samtaka pólitískra




fangar í Búrma, breyttu yfirvöld nafninu í von um að blóðbadið félli í gleymsku. Margir, þar á meðal hin dáða Aung San Suu Kyi, kjósa að nota nafnið Búrma þar sem þeir telja ríkisstjórnina ekki lögmæta og því ekki hafa heimild til að endurnefna landið.

Verkalýðsfélög og verkföll leyfð og dregið úr ritskoðun fjölmiðla

Þjóðhetjan Aung San stofnaði búrmneska herinn á fimmta áratug síðustu aldar og samdi um sjálfstæði Búrma við Breta, en hann var myrtur hálfu ári áður en Búrma hlaut formlegt sjálfstæði. Aung San var faðir Aung San Suu Kyi.

Árið 1962 var ríkisstjórninni steypt af stóli af hernum og næstu 28 árin voru öll mótmæli kæfð í fæðingu af herforingjastjórninni. Árið 1988 höfðu þegnar landsins fengið nóg af lélegri efnahagsstjórn og pólitískri kúgun og mótmælaalda fór um landið allt. Nokkur þúsund manns létu lífið. Svo vildi til að Aung San Suu Kyi var nýkomin til Búrma og varð vitni að því þegar helsærðir mótmælendur voru fluttir á spítalan þar sem hún var að hjúkra móður sinni. Suu Kyi stofnaði NLD-flokkinn mánuði seinna og kosningar voru haldnar árið 1990 þar sem NLD-flokkurinn hlaut um 80% þingsæta. Herforingjastjórnin hunsaði niðurstöður kosninganna og hneppi Suu Kyi í stofufangelsi næstu tvo áratugi.


Fyrir tveimur árum tók að birta til í lýðræðismálum Búrma en Suu Kyi hefur verið látin laus úr haldi ásamt nokkrum hundruð pólitískum fönngum.



Einnig hafa verkalýðsfélög og verkföll verið leyfð og ritskoðun fjölmiðla minnkað. Kosningarnar sem haldnar voru í apríl á þessu ári voru almennt taldar hafa farið vel fram og NLD-flokkurinn vann 43 af þeim 45 þingsætum sem kosið var um. Nýkjörnir þingmenn tóku sæti á þinginu í sumar.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ASHER QUINN Í SALNUM

Hinn þekkti tónlistarmaður Asher Quinn verður með tónleika í Salnum í kvöld kl. 20 sem nefnast The Spirit of 2012 Concert. Asher er þekktur söngvari, lagasmiður, hljóðfæraleikari og listamaður sem hefur gefið út 25 plötur og selt tæplega milljón plötur um allan heim.

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Barnadansar
Argentískur Tangó
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar



DANSKKÓLI
Jóns Péturs og Kóru
Dansfélag Reykjavíkur

Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@danskoli.is



80 ÁRA AFMÆLI

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKUR KYNNA Hátíðarguðsþjónusta fer fram í Fossvogskirkju á morgun í tilefni af áttatíu ára afmæli Fossvogskirkjugarðs.

Vígsla Fossvogskirkjugarðs fór fram 2. september árið 1932 og markaði nýtt upphaf Kirkjugarða Reykjavíkur sem stofnunar. Í tilefni þess verður haldin hátíðarguðsþjónusta í Fossvogskirkju klukkan 14 á morgun. Þórsteyninn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP), segir það hafa verið framsýna menn sem tóku þá ákvörðun árið 1932 að setja niður kirkjugarð í Fossvogi, austan við Öskjuhlíð.

„Þá voru þeir ekki síður stórhuga sem tóku ákvörðun um uppbyggingu í Fossvogi árið 1941. Það var gert við erfiðar aðstæður á stríðstímum,“ segir Þórsteyninn.

Miklar lýðfræðilegar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu á síðustu áttatíu árum. Íbúar í Reykjavík voru 35.975 árið 1932 sem voru 32 prósent af íbúatölu landsins og það ár létust um 400 bæjarbúar. Í árslok 2011 voru í Reykjavík-urprófestsdæmum um 154.332 íbúar og það ár létust um 1018 manns á því svæði. Árið 2011 voru 48 prósent af íbúum landsins innan Reykjavíkurprófestsdæma, en íbúatala í heild var tæplega 320 þúsund það ár. Þá mun hlutfall 67 ára og eldri tvöfaldast hér á landi á árabílinu 2010 til 2060 samkvæmt miðspá Hagstofunnar.

„Á þessum tölum má sjá að verkefni KGRP og annarra kirkjugarða munu aukast meira á næstu 48 árum en þau

gerðu á síðustu 80 árum, þegar þjóðin var að meðaltali mun yngri,“ segir Þórsteyninn. Nýir söfnuðir í Reykjavík hafa einnig bæst við ásamt söfnuðum í Kópavogi og Seltjarnarnesbæ. KGRP hafa umsjón með fimm kirkjugörðum: Hólavallagarði, Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Viðeyjarkirkjugarði. Á teikni-borðinu er stór kistukirkjugarður sunnan og vestan við Úlfarsfell. Sá kirkjugarður mun taka við af Gufuneskirkjugarði og verður að vera tilbúinn innan fimmtán ára.

Við Fossvogskirkjugarð eru þrjú athafnarými fyrir kistulagningabætur og útfarir og þar eru einnig bálstofa og líkhús, sem þjónar höfuðborgarsvæðinu og raunar öllu landinu. Að hátíðarguðsþjónustunni lokinni verður hægt að ganga um garðinn og skoða aðstöðuna. Á eftir verður boðið upp á afmæliscaffi. Þórsteyninn segir verkefni starfsmanna kirkjugarðanna mörg og vandasöm og brýnt að þau séu unnin af kostgæfni.

„Nú liggur fyrir frumvarp um breytingu á lögum sem tilgreina verkefni kirkjugarða, sem vonandi verður lagt fyrir Alþingi í haust. Þá verður betur en áður kveðið á um þær skyldur sem kirkjugarðar eiga að axla fyrir samfélagið. Það er brýnt að skyldur og réttindi séu gagnsæ og augljóst til hvers sé ætlast og hvaða umbun hver og einn skuli hljóta fyrir unnin störf.“

OPIÐ HÚS Þórsteyninn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma, opnar dyrnar fyrir gestum á morgun í tilefni af áttatíu ára afmæli Fossvogskirkjugarðs. MYND/GVA

NÝTT FRUMVARP

Vitneskjan um skyldur og réttindi verður að liggja fyrir hjá þeim fyrirtækjum sem annast þýðing-armikla þjónustu fyrir samfélagið. Áður nefnt lagafrumvarp mun skerpa þennan skilning og færa verkefni kirkjugarða nær þeim raunveruleika sem við búum við í upphafi 21. aldar.

GENERAL TIRE

Jeppadekk



Gylfaflöt 3 · Sími 567 4468 · www.gummisteypa.is



TAI CHI

STYRKUR · JAFNVÆGI · SLÖKUN · FLÆÐI

Tíu vikna námskeið hefst 10. september að Hæðargarði 31

- **SÍÐDEGISTÍMAR**
mánudaga og miðvikudaga kl. 17.30–18.45
Leiðbeinendur: Svanlaug D. Thorarensen og S. Hafdís Ólafsdóttir
- **MORGUNTÍMAR** hefjast 25. september þriðjudaga og föstudaga kl. 9.00–10.00
Leiðbeinandi: Guðný Helgadóttir



Hafdís
s. 861 5958
hafdis@slf.is



Svanlaug
s. 663 9103
svanlaugt@simnet.is



Guðný
s. 860 1921
dunnahelg@hotmail.com

FIMM ÞÚSUND ÁRA TÆKNI

HEILSUDREKINN KYNNIR Dong Qing Guan er eigandi Heilsudrekans í Skeifunni. Í haust kennir hún heilsu-qigong sem notið hefur sívaxandi vinsælda erlendis, bæði sem heilsuþætandi æfingakerfi og sem keppnisgrein.

5% aukaafsláttur af tilboðum. Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson

Bóksali frá 1872


Krossgáta

Lárétt

1. Þetta er teiti, segir atvinnuormur (8)
9. Bækistöð ráðs hentar fyrir hópvinnu (12)
11. Bleikar blómaveigar (7)
12. Norðlenskt náttúruvætti í norsku dauðarokki (11)
13. Get ekkert greitt vegna verðbólgu (10)
14. Mikil lögð (9)
16. Ófrægari sögusmetta (8)
19. Bráðablanda leysir vanda hratt en illa (11)
20. Leiðslugreiðsla er píparaverk (11)
22. Kasta upp kindum og uppsker skammir (5)
24. Fæ fólk til keppni og veislu (8)
25. Fljót að grípa hálfnaðan, það er kjarni deilnanna (11)
26. „Dugur og dulargervi“ – skrifaði þessi þá bók? (9)
28. Runninn er mjallarkór ofna (9)
31. Sé svo fríðan að ástríða og áfall fylgja (10)
33. Fylgjandi áhrifamætti sem ku gera fíklum lífið of létt (9)
34. Losna úr stjórafærinu en lendi í dreka-fjötrunum (15)
36. Boða undirstöðu fyrir ólgusjú (7)
37. Skrá skítakaup snillinga (14)

Lóðrétt

1. Skott tæmi skip sorgar (13)
2. Gálulæti og fasiskur fótaburður (10)
3. Guð hefur val um miðjan aldur (8)
4. Um hann rímur Kristján kvað/klúrar mjög og blautar (6)
5. Gerði teppi handa mörgum forfeðrum (5)
6. Börnin gefa horn og þarma (9)
7. Leðjubyttuhöfundur skapar koppa og kirnur (14)
8. Fjandans fallssnúningurinn er stigin enn þótt í óefni stefni (12)
9. Ung dæmi ferska fæðu (6)
10. Húsbóndaskörðin eru ákveðin landráð (7)
15. Skágata á Nesodda nyrðra (7)
17. Æ, grip merktar og endalausar (12)
18. Frá gagni að gagni (7)
21. Úr tjóni Adda rís fagur klettur og svolítið sjávarpláss (10)
23. Bragðstakan er um fagaðan fagurkera (10)
26. Endahús stendur ekki undir skuldum (7)
27. Narri út hið rakaða kver (7)
28. Eins ég skálda það sem þú skáldar (7)
29. Geri grikki bónsára (7)
30. Mál að linni segir þátttakandinn (7)
32. Krati sagði frá (5)
35. Skaddaðist af kuldans kló (3)




Lausnarorð síðustu viku var ÖRYGGISBELTI



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sumarhús með sundlaug frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kópavogi** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.



Lausnarorð

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist samgöngukerfi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 5. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1. september“.

FINLUX

32" LCD SJÓNVARP



Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunar-spilara.

Innbyggður margmiðlunar-spilari

Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Stýður öll helstu snið, t. d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

Vel tengjum búið

Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heymartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heymartól og margt fleira við tækið.

Góð myndgæði

Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

CI kortarauf

Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afbruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smelt í tækið.

DVB-T USB HDMI

Finlux 32FLX905U

69.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1972

Bobby Fischer ber sigurorð af Boris Spasski

Yfirburðum Sovétmanna á taflborðinu hrundið í einvígi aldarinnar

Þennan dag árið 1972, fyrir réttum þrjátíu árum, gaf stórmeistarinn Borís Spasski 21. skákina í einvígi þeirra Bobbys Fischer um heimsmeistaratitilinn í skák, sem þeytt var í Laugardalshöll. Þar með gekk heimsmeistaratitillinn honum úr greipum og Fischer var krýndur heimsmeistari.

Ísland var í kastljósi umheimsins þær sjö vikur sem einvígið stóð yfir enda var annað og meira í húfi en aðeins heimsmeistaratitillinn í skák; kalda stríðið var í algleymingi og einvígið varð að enn einni lotunni í átökum stórveldanna.

Sovétmenn höfðu um nokkurt skeið borið höfuð og herðar yfir önnur ríki á skáksviðinu og setið einir að heimsmeistaratitlinum síðan 1948. Borís Spasski hafði unnið titilinn árið 1969 og var að sönnu einn færasti skákmaður heims. Ólíkindatílið Bobby Fischer hafði hins vegar um nokkuð skeið þótt líklegur til að hrifsa til sín titilinn en árið áður vann hann sér inn réttinn til að skora á Spasski. Í kjölfarið hóf Alþjóðaskáksambandið að leita að mótsstað og Íslendingar lögðu inn tilboð um að halda einvígið í Reykjavík. Í fyrstu stóð til að skipta einvíginu í tvennt og halda fyrri hluta þess í Belgrad í Júgóslavíu en þann síðari í Reykjavík en að kröfu Fischers var ákveðið að einvígið yrði allt háð á Íslandi.

Eftir nokkurt þref og bægslagang af hálfu Fischers, sem var afar sérsinna, mættust þeir Spasski í fyrstu skákinni 11. júlí. Spasski vann fyrstu tvær skákirnar örugglega en eftir það var eins og allur vindur væri úr honum. Dyntir og látalæti Fischers settu svip á allt einvígið og var engu líkara en hann væri að reyna að taka Spasski á taugum, með góðum árangri. Einvígið átti mest að vera 24 skákir. Eftir þrettán skákir hafði Fischer þriggja vinninga forskot en við tóku sjö jafntefli í röð. Fischer náði yfirhöndinni í 21. skákinni hinn 31. ágúst. Ef hann ynni myndi hann hreppa hnossið. Eftir 40 leiki var skákin sett í bið og skyldi haldið áfram daginn eftir. Spasski mætti ekki til leiks og tilkynnti dómara símileiðis að hann gæfi skákina. Bobby Fischer var þar með orðinn heimsmeistari.

Mikil ánægja ríkti á Íslandi með einvígið og voru landsmenn sam-mála um að vel hefði til tekist og það reynst þrýðileg landkynning.

Heimild: Ísland í aldanna rás 1951-1975.



Eitt, tvö, þrjú
og það varst þú...

Fiton/SIA



Á Íslandi þurfa nokkur börn að takast á við ólæknandi sjúkdóma og erfiðleika sem mörgum hinna fullorðinna væri um megn. Öll fjölskyldan berst og þjáist með og enginn veit hvar illvíga sjúkdóma ber næst niður. En við getum hjálpað þessum ungu hetjum í baráttunni og með því að kaupa **Á allra vörum** gloss frá Dior leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar!

Eftirtaldir staðir selja Á allra vörum gloss

- Fríhöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Snyrtivöruverslanir Hagkaups um land allt
- Lyf og heilsa um land allt
- Lyfja um land allt
- Hygea, Kringlunni og Smáralind // Sigurboginn // Snyrtivöruverslunin Glæsibæ // Ólöf snyrtistofa, Selfossi // Jara, Akureyri
- Einnig er hægt að kaupa gloss á www.aallravorum.is

Dior ♥ vistor ✚ MEDOR  FITON ✚ truenorth



www.aallravorum.is



78 KETILL LARSEN, leikari og listamaður, á afmæli í dag.

„Það eru svo margir sem þurfa leiðbeiningar í lífinu um hvað er rétt og hvað er rangt og þá er Biblían hin besta bók, það er svo margt í henni um hvaða götu á að fara, hinn gullna meðalveg.“

✠

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

ELÍNAR SIGRÍÐAR JÓHANNESDÓTTUR
Borgarbraut 65a, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilis og heimahjúkrunar Heilsugæslunnar í Borgarnesi og lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness fyrir góða umönnun og hlýju.

Gísli Þorsteinsson
Porsteinn Gíslason
Sigurlaug Gísladóttir
Ingibjörg María Gísladóttir
og barnabörn.

Anna Bryndís Sigurðardóttir



✠

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, vinkona, dóttir, systir og mágkona,

ANNA STEINUNN ÁGÚSTSDÓTTIR
Sjafnargötu 10, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 23. ágúst. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 5. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Menntunarsjóð barnanna. Reikningsnúmerið er 0301-13-703715 og kennitalan er 040291-2459.

Kjartan Bjargmundsson
Elsa Kjartansdóttir
Bjargmundur Ingi Kjartansson
Ingibjörg Kjartansdóttir
Ragnheiður Ólína Kjartansdóttir
Ágúst H. Eliasson
Elsa Vestmann Stefánsdóttir
Einar Ingi Ágústsson
Eliás Halldór Ágústsson
Eva Ágústsdóttir

Birgir Sigurðsson
Ásta Margrét Guðlaugsdóttir
Kristín Vilhjámsdóttir



Rúnar Geimundsson **Sigurður Rúnarsson** **Eliás Rúnarsson** **Þorbjörg Þorbjörnsdóttir**

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Vandaðir steyptir krossar á leiði
Falleg og varanleg minning

Hvassavík ehf. hvassavik.ehf@gmail.com
Sími 778 0007 - www.krossar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ERRÓ: AFMÆLISSÝNING Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR HAFNARHÚSI

Enginn tími til að vera gamall

Listamaðurinn Guðmundur Guðmundsson, betur þekktur sem Erró, varð áttæður í júlí. Í tilefni þess er opnuð yfirlitssýning í dag í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi af merkustu grafikverkum hans, undir stjórn Danielle Kvaran.


Erró ber aldurinn með reisn, er beinn í baki og fjörlegur. „Ég hugsaði alltaf þannig að ég væri heppinn ef ég kæmist yfir árið 2000, nú er það löngu liðið og tíminn flýgur áfram.“

Erró kveðst hafa verið með sjötíu manna afmæli í sumar á Spáni. „Ég fann flamengódansara frá Sevilla sem dönsuðu fyrir okkur í einn og hálfan tíma svo ég þurfti ekki að segja orð! Svo er þessi afmælisýning. Hún er miklu skemmtilegri en eitthvert gilli sem er gleymt næsta dag. Fólk getur skoðað þessi verk í ró og næði, unga fólk getur kannski lært eitthvað af þeim og orðið listamenn seinna.“

Rætur Errós eru á Kirkjubæjarklaustri þar sem hann ólst upp. „Þegar ég kom til landsins núna fór ég beint austur að Klaustri og var með hálfbræðrum mínum og systur í þrjá daga. Við vorum með smá athöfn fyrir hana mömmu í kapellunni og kirkjugarðinum á Klaustri. Svo verð ég í Reykjavík í þrjá daga en sýning eftir mig verður opnuð í París 6. september og önnur í Kaupmannahöfn 14. september úr Reykjavíkursafninu. Það eru klippimyndirnar.“

Erró býr aðallega í Frakklandi en dálítill farfugl í sér. „Ég fer alltaf til Taílands í janúar og geri mínar vatnslitamyndir, það er svo auðvelt að rúlla þeim upp og flytja þær. Svo er ég búinn að lofa Yoko Ono að koma til Frankfurt. Hún sýnir þar 14. febrúar sem er Valentínusardagurinn. Í París geri ég stóru myndirnar, er allan daginn á vinnustofunni einn. Kem svo heim og spjalla við konuna og tala við Gunnar B. Kvaran svona hér um bil á hverjum degi. Það er eina æfingin í að tala íslensku. Svo dvel ég alltaf tvo mánuði á ári á Spáni og þar vinn ég minni myndir. Mér finnst gaman að skipta um staði og hitta fólk í mismunandi löndum. Það er sem sagt nóg að gera og enginn tími til að vera gamall.“

Spurður hvort konan fylgi honum á flakkinu svarar Erró. „Konan mín er



LISTAMAÐURINN „Ég hugsaði alltaf þannig að ég væri heppinn ef ég kæmist yfir árið 2000, nú er það löngu liðið og tíminn flýgur áfram,“ segir Erró. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

búddisti og er oft í burtu í nokkra mánuði í andlegum erindum. En hún kom með mér hingað heim núna því hana langaði að heilsa upp á fjölskylduna.“

Afmælis dagskrá verður í Listasafni Reykjavíkur næstu vikurnar í formi fyrirlestra, smíðu og námskeiða. gun@frettabladid.is

AFMÆLISDAGSKRÁ

Borgarstjórnin í Reykjavík, Jón Gnarr, mun opna yfirlitssýningu Errós í Listasafni Reykjavíkur í dag og listamaðurinn afhenda myndlistarverðlaun og viðurkenningu úr sjóði sem kenndur er við móðursystur hans, Guðmundu S. Kristinsdóttur.

Annar viðburður afmælis dagskrár verður á morgun klukkan 15. Þar er ungmennum þrettán ára og eldri boðið að þrýkja og kynna grafiktaekninni af eigin raun. Leiðbeinandi er Anna Snædís Sigmarsdóttir, grafískur myndlistarmaður og kennari við Tækniskólann, en áður en hafist er handa við að þrýkja verður rýnt í grafikverkin á sýningunni og þær aðferðir sem Erró hefur beitt. Frítt er fyrir ungmenni undir 18 ára aldri og handhafa Menningarkortsins.



Á AFMÆLISSÝNINGUNNI Litskrúðugar myndir sem Erró vann fyrir sýningu í Gautaborg.

✠

Innilegar þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

SIGRÚNAR ODDGEIRSDÓTTUR
Goðheimum 4, Reykjavík,
sem lést miðvikudaginn 8. ágúst.

Oddgeir Björnsson
Matthias Björnsson
Birna Rún Björnsdóttir
Hildur Rún Björnsdóttir
og barnabörn.

Rósa Ingibjörg Jónsdóttir
Anna Elínborg Gunnarsdóttir
Hallur Guðbjartur Hilmarsson



✠

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

HALLDÓRS JÓNSSONAR
ökukennara frá Ísafirði.

Sasiprapha Udomsup
Ása Sigurlaug Halldórsdóttir
Einar Halldórsson
Gunnar Þorsteinn Halldórsson
Fríður María Halldórsdóttir
Anna Einarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Einar Óskarsson
Þórður Marelsson



OPIÐ ALLA HELGUNA

OPIÐ Í DAG 11-18 OG Á MORGUN 13-17

Nú bjóðast allar vörur með vaxtalausum raðgjafslutum með 3% lántökglæði og 340kr greiðslugjaldi af hverjum gjafadaga

3 DAGA TILBOÐ
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á FARTÖLVUM • AÐEINS Í 3 DA

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

ALLT AÐ 50 PÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

OPIÐ ALLA HELGUNA

ALLT AÐ 50 PÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

4 BLS BÆKFLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM FARTÖLVUTILBOÐUM

2TB TOUNO OXS FLAKKARI
Hitachi Inspire the Next 19.900

750GB METALLID DIAMOND
14.900

24" LED ACER ULTRA THIN
29.900

27" LCD BENOQ
36.900

HP L745
79.900

NYR IPAD
82.900

EEPC
49.900

INSPIRON
99.900

V5-471G
149.900

V5-571G
139.900

TV11
144.900

C870D
99.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innstættarvillur og myndabreytingu

OPIÐ ALLA HELGUNA
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900





Hjartans þakkir færur við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,

GERÐAR SIGURDARDÓTTUR
frá Sleitustöðum í Skagafirði.



Ragnhildur Björk Sveinsdóttir
Þorgerður Hulda Frisch
Hugrún Ösp Reynisdóttir
Trausti Eiríksson

Eiríkur Oddur Georgsson
Peter Frisch
Ólafur Kjartansson
Helga Dagný Arnarsdóttir
Sverrir Ragnar og Lena Sóley



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku móður minnar, tengdamóður, ömmu og systur,

KRISTÍNAR JÓHANNESDÓTTUR
Logafold 162,
áður Mosarima 6.



Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Foldabæjar fyrir góða umönnun.

Björg Kristinsdóttir Baldur Guðgeirsson
Kristín Líf Abigail, Mikael Geir og Adam Geir
Jónína Pálsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

BIRNA INGIBJÖRG TOBÍASDÓTTIR
Rimasíðu 29g, Akureyri,



verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 5. september kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlyningar á Akureyri.

Gísli Karl Sigurðsson
Guðrún Ingibjörg Björnsdóttir
Guðrún Gísladóttir
Hulda Gísladóttir
og barnabörn. Ottó Magnússon



Faðir okkar,

GUÐMUNDUR HANSEN
FRÍÐRIKSSON

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 30. september.



Gísli Guðmundsson
Fríðrik Hansen Guðmundsson
Kristján G. Guðmundsson
Árni J. Guðmundsson
og aðrir aðstandendur.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

PRÁINN KRISTINSSON
fyrirverandi skipstjóri,
Fagrahjalla 3, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 30. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 6. september kl. 15.00.



Björg Helgadóttir
Þorbjörg Þráinsdóttir
Geir Þráinsson
Halldór Þráinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Magnús Ásgeirsson
Kristín Sigurdardóttir
Steinn P. Júlíusdóttir



Ástkær móðir okkar,

KRISTÍN ÓSKARSDÓTTIR (DÍDÍ)

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 22. ágúst. Jarðsöngið verður frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 6. september kl. 13.



Fyrir hönd aðstandenda,

Ingibjörg Ármannsdóttir
Björgvín Ármannsson
Hlynur Þór Ingólfsson
Óskar Ármannsson
Bjarnfreður Ármannsson
Ægir Örn Ármannsson
Anna Jóna Ármannsdóttir
Guðný Björk Ármannsdóttir
Þórléif Ármannsdóttir
Erla Dögg Ármannsdóttir
Sigurbergur Ármannsson



Á TÓNLEIKUNUM Á annað hundrað manns hlýddi á tónleikana.

Afmælishátíð í Hlíð

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð á Akureyri fagnaði hálftrar aldar afmæli síðasta fimmtudag. Heimilið var vígt 29. ágúst 1962 á 100 ára afmæli Akureyrarbæjar. Í upphafi hét það Elliheimili Akureyrar og var byggt af Akureyrarbæ með stuðningi kvenfélagsins Framtíðarinnar. Fyrstu heimilismenn voru sjö. Nú eru þeir 136 í nýu heimilum, þar af ný í skammtímadvöl. Að auki tilheyrir Hlíð raðhús með sextán íbúum.

Hátíðarstemning myndaðist strax að morgni afmælisdagsins er sönghópur fór á milli húsa Hlíðar kyrjandi afmælistönginn, allir voru þrúðbúnir og heimilin skreytt fánum, blöðrum, greinum og dúkuðum borðum. Í hádeginu var boðið upp á lambalund sem rann ljúflega niður með dýrindis rauðvíni. Eftir hádegi sagði Brit Bieltvedt, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, stuttlega frá starfsemi og síðan hófust tónleikar Áltagerðisbræðra sem slógu í gegn með söng og skemmtilegheitum.

Boðið var upp á rjómatertur og að því loknu voru heimilin opnuð fyrir gestum og gangandi og komu um fimm



SKAGFIRSKIR SÖNGVASVEINAR Áltagerðisbræður slógu í gegn í Hlíð. MYNDIR/FRIBNÝ SIGURDARDÓTTIR

hundrað manns í heimsókn. Þeirra á meðal voru forseti Íslands, borgarstjóri Reykjavíkur og bæjarstjóri Akureyrar, bæjarfulltrúar og alþingismenn. Margir lögðu leið sína út í garð að kíkja á hænsein sem eru miklir gleðigjafir á Hlíð. Á öllum heimilum var boðið upp

á kaffi, kleinur og konfekt og Domino's bauð íbúum og starfsfólki upp á pitsur í kvöldmat.

Afmælisdagurinn var einnig valinn til að afhenda lykla að nýju hjúkrunarheimili við Vestursíðu á Akureyri sem hefur fengið nafnið Lögmanshlíð. - gun

Innsýn í verk Nielsar Hafstein

Hlynur Helgason mun í dag leiða safngesti um sýningu Nielsar Hafstein, Viðkvæmur farangur II, sem nú stendur yfir í Nýlistasafninu. Leiðsögnin hefst klukkan fjögur.

Niels Hafstein var aðalstofnandi Nýlistasafnsins, formaður stjórnar þess um árabil og heiðursfélagi í Félagi Nýlistasafnsins. Á sýningunni eru ný verk í bland við eldri og fylgir henni gjöf verka til safnsins frá listamanninum.

„Sýningunni er ætlað að veita innsýn í listsköpun Nielsar á breiðum grundvelli en í ferli hans er að finna fínlegan þráð í myndhugsun, allt frá efnismiklum skúlptúrum til örsmárra verka eða

stemminga. Varla er hægt að aðskilja listsköpun Nielsar og það mikla framlag sem hann hefur átt í því vistkerfi sem íslenskur myndlistarheimur er. Hann hefur stofnað og komið á legg tveimur söfnum, Nýlistasafninu árið 1978 sem var stofnað til þess að varðveita og stuðla að rannsóknum á sam-tímamyndlist og svo Safnasafninu á Svalbarðsströnd árið 1995 sem helgar sig utangarðs- og alþýðulist,“ segir í tilkynningu.

Dr. Hlynur Helgason, myndlistarmaður og heimspekingur, er höfundur texta í sýningarskrá sýningarinnar.

Sýningin stendur til sunnudagsins 9. september.



ÍHVOLF Meðal verka eftir Niels Hafstein sem sjá má í Nýlistasafninu.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

HÖRÐUR G. HELGASON
rafvirkjameistari,
Staðarhrauni 15, Grindavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 29. ágúst.

Sigurbjörg Ásgeirsdóttir

Helgi Einar Harðarson
Ármann Ásgeir Harðarson
Sigurbjörg Brynja Helgadóttir
Katrín Lilja Ármannsdóttir
Ásgeir Bjarni Ármannsson



Ólafía Helga Arnardóttir



Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

ALBERT PÁLSSON

lést þriðjudaginn 21. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Anton Emil Albertsson
Benedikt Aron Albertsson
Guðrún Albertsdóttir
Birkir Pálsson
Hildur Pálsdóttir

Páll Björnsson
Helga Stefánsdóttir
Einar Einarsson



Elsku sonur okkar, bróðir og faðir,

RÓBERT EMANÚEL GLAD
Ingólfsstræti 7b, 101 Reykjavík,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 26. ágúst 2012. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 4. september kl. 15.00.

Daniel Jóhannes Glad
Marianne Elisabeth Glad
Sam Daniel Glad
Clarence Edvín Glad
Barbro Elisabeth Glad
Anna Rákel Róbertsdóttir Glad
Ágúst Róbert Glad
Vigdís Marianne Glad
Ísak Emanúel Róbertsson Glad



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs bróður okkar, frænnda og vinar,

STEINGRÍMS EGILSSONAR
frá Mið-Grund, Skagafirði, til heimilis að
Ægisgötu 6, Akureyri.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Lyflækningardeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun.

Oddný Egilsdóttir
Gottskálg Egilsson
Lilja Egilsdóttir
frændfólk og vinir.



Tilboðin gilda **29.** ágúst - **2.** september

netto

Kræsingar & kostakjör



FROSID

**LAMBALÆRI
VERÐBOMBA!**

998 KR/KG

-9 TONN Í BOÐI-



www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



SÁ HLÆR BEST... Einar Áskell er íslenskur krökkur vel kunnur enda hafa margar bækur verið gefnar út um þennan smella strák og líf hans. Sú nýjasta heitir Sá hlær best... sagði pabbi og er sú 26. sem höfundurinn Gunnilla Bergström skrifar um hann.

Konráð og félagar á ferð og flugi

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

7

„Þetta er nú meira veggskriflið,” sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,” bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall,” sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,” bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,” sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat.

En hversu marga steina skyldi vanta?
Getur þú talið þá?



BRANDARAKISTAN

Drengur kom að ömmu sinni þar sem hún var að tala ofan í umslag.

„Hvað ertu að gera amma?” spurði strákurinn.

„Ég er bara að senda talskila-boð,” svaraði hún um hæl.

Kennari: Stafaðu orðið rúm.

Drengur: R-ú-m-m.

Kennari: Slepptu öðru m-inu.

Drengur: Hvoru?

Pabbinn: „Nonni minn, hvað ertu að gera með þessa mýflug?”

Nonni: „Ég ætla að gefa mömmu hana.”

Pabbinn: „Af hverju í ósköpunum?”

Nonni: „Mig langar svo rosa-lega í úlfalda fyrir gæludýr og þú segir að hún geri alltaf úlfalda úr mýflug!”

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is



Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstuðu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstuðu sé viðunandi.

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

ELSKA SÓL ÞEGAR ER SÓL OG RIGNINGU ER RIGNIR

Gedda gulrót er í sviðsljósinu um þessar mundir ásamt félögum sínum í Ávaxtakörfunni en bíómynd um ævintýri íbúa hennar var frumsýnd í vikunni. Krakkasíðan hafði samband við Geddu og fékk hana til að svara nokkrum spurningum.



Hver er besti vinur þinn og vinkona? Allir í Ávaxtakörfunni eru vinir mínir en samt erum við Rauða eplið, Eva appelsína og Mæja jarðarber bestu vinkonur.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Mér finnst rosalega gaman í sundi og ég er gulrótameistari í bak-sundi innanhúss, en svo er ég líka áhugagulrót um flugur.

Áttu þér uppáhaldslag? Já, ég held mikið upp á Í réttu ljósi sem er í Ávaxtakörfunni, af því að ég er svo

réttsýn og vil að allir lifi í sátt og samlyndi og standi hver með öðrum.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn? Ætli ég verði ekki að segja appelsínugulur, en grænn er líka voðalega fallegur.

Ef þú mættir ráða öllu í einn dag hvað myndir þú gera? Ég myndi hafa frítt í allar sundlaugar, strætó og flugvélar og halda risatónleika í Hljómskálagarðinum.

Hvort heldurðu meira upp á rigningu eða sól? Sól þegar það er sól og rigningu þegar það rignir. Ég elska bara veðurfarið og horfi á veðurfréttir á hverjum degi.

Er gaman að búa í ávaxtakörfunni? Já, það er mjög gaman og hressara lið þar en í grænmetisgeymslunni þar sem hinar gulræturnar og Kiddi kálhaus frændi minn búa. Svo er svo góð lykt í Ávaxtakörfunni... nema þegar Immi ananas prumpar.

Hefurðu séð margar myndir með leikaranum Carrot Top? Ég kannast ekki við hann. Ég þarf að fara að fletta upp í gulrótakjafasögu-blaði til að sjá hver þetta er.

Hefurðu siglt í gulum kafbáti? Já, en hann var svona meira út í appelsínugult og breyttist í geimskip þegar það var ýtt á þannig takka og ég hef því líka komið í appelsínugult geimskip, og bíl, og strætó og flugvél og ég er að safna mér fyrir appelsínugulu hjóli til að komast hraðar á milli staða.

Hvað er það ævintýralegasta sem þú hefur gert? Líf mitt er eitt risastórt og litríkt ævintýri og ég myndi segja að það ævintýralegasta sem ég hef gert síðan í gær sé að hafa séð þrjár hænur sitja í gúrkuþré og ræða um hvað þær séu að læra í skólanum. Ég veit, ævintýralegt, ekki satt?

GEDDA GULRÓT
Í réttu ljósi er uppáhaldslagið hennar.

BÓKAORMUR VIKUNNAR

Elísabet Harðardóttir

- **Hvað ertu gömul?** Ég er að verða sjö ára.
- **Ertu mikill lestrarhestur?** Já.
- **Hvenær lærðir þú að lesa?** Í fyrsta bekk.
- **Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** Það eru skemmtilegar sögur.
- **Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Bókin Geimveran sem ég las í fyrsta bekk.
- **Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?** Fyndnar bækur.
- **Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?** Lesum og lærum, hún er skemmtileg.
- **Í hvaða hverfi býrð þú?** Seljahverfi.
- **Í hvaða skóla gengur þú?** Ölduselsskóla.
- **Hvaða námsgrein er skemmtilegust?** Útileikir í íþróttum.
- **Hver eru þín helstu áhugamál?** Fimleikar og mér finnst líka skemmtilegt að baka.



Berjarimi 9
112 Reykjavík
Rúmgóð íbúð á góðum stað

Stærð: 99 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1992
Fasteignamat: 18.900.000
Bílskúr: Já



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
897 1533
david@remax.is



Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
reynir@remax.is



Sunnudaginn 2. sept. kl. 14:00 - 14:30

Verð: 22.500.000

RE/MAX / Alpha kynnr: Rúmgóð íbúð með bilageymslu á góðum stað í Grafarvogi. Stórt og rúmgott eldhús sem liggur að opinni stofu. Parketlögð gólf. Fallett útsýni af svölum til vesturs. Tvö svefnherbergi. Flísalaft baðherbergi með sturtu og innréttingu fyrir þvottavél og þurrkara. Bilageymsla í kjallara. Góð íbúð með mikla möguleika á grónum stað í Grafarvogi. Allar upplýsingar veitir Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is og Reynir Logi lögg.fast. í síma 477 777

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Álftahólar 6
111 Reykjavík
Frábær staðsetning

Stærð: 62,8 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1974
Fasteignamat: 12.550.000



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
897 1533
david@remax.is



Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
reynir@remax.is



Mánudaginn 3. sept kl. 12:00-12:30

Verð: 15.500.000

RE/MAX / Alpha kynnr: Tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjölbýli með lyftu. Stutt í alla þjónustu fyrir unga sem aldna. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi, hol og svefnherbergi. Á jarðhæð er sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara, hjólageymsla og að auki sérgeymsla sem fylgir íbúð. Allar upplýsingar veitir Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is og Reynir Logi Ólafsson lögg.fasteignasali í síma 477 7777

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Dalhús 99
112 Reykjavík
Glæsilegt raðhús á góðum stað

Stærð: 188,4 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1990
Fasteignamat: 38.700.000
Bílskúr: Já



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús mánudag kl 18.30 - 19.00

Verð: 53.900.000

Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Grafarvoginum. Snyrtilegt hús með fallega ræktuðum garði og sólpalli með heitum potti. Bílskúr er 26fm með sjálfvirkum hurðaupnara. Stofa, borðstofa og eldhús með vönduðum tækjum og nýlegri innréttingu. Flísalaft baðherbergi með sturtu og baðkari. 4 svefnherbergi með fataskápum og er eitt þeirra með útgengi út á svalir. Barnaherbergin eru öll með milliöftri. Aðkoma að húsinu er góð og hiti er í hellulögðum bílastæðum.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Dimmuhvarf 19
203 Kópavogur
Glæsilegt einbýli í rólegu hverfi

Stærð: 262,1 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 64.000.000
Bílskúr: Já



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús mánudaginn kl 19.00 - 19.30

Verð: 72.900.000

Fallegt einbýlishús við Elliðaavatn. 4 svefnherbergi og tvær stofur. Vönduð tæki í eldhúsi, innrétting frá HTH með eyju og granitborðplötum. Hjónasvitan er mjög vegleg. Innaf henni er fataherbergi og salerni með sturtu og gufubaði. Stór þökulagður garður með steyptri vernd og timburpalli. Leyfi er fyrir byggingu gestahúss eða hesthúss á lóðinni. Mikil loft hæð og vönduð gólfefni í þessu fallega húsi á góðum og barnvænum stað. Stutt er í skóla og þjónustu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ennishvarf 18
203 Kópavogur
Fallett einbýli á Vatnsenda

Stærð: 164,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 40.350.000
Bílskúr: Já



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús mánudaginn kl 18.00 - 18.30

Verð: 46.900.000

Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, sólstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, bílskúr og geymslu. Gólfhitari er í húsinu og lóðin er frágengin. Að austanverðu er steinsteyptr vernd og grasflöt en að vestanverðu er lóðin hellulögð að hluta. Eldhúsið er rúmgott með góðri U-laga innréttingu. Stofan, borðstofan, eldhúsið og sólstofan mynda eitt samfellt rými. Í sólstofunni er heitur pottur og fallett útsýni. Úr sólstofunni er gengið út á steinsteyptra vernd og út í garð

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Gjúfrasel 14
109 Reykjavík
Vel viðhaldið hús á góðum stað

Stærð: 246,8 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 42.850.000
Bílskúr: Já



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús mánudaginn kl 18.00 - 18.30


Verð: 0

Tilboð óskast
Húsið er alls 247fm og þar af er bílskúrin 32fm. Húsið stendur á fallegum stað með góðu útsýni. Aðkoman að húsinu er steyptr plan og í framhaldi hellulagt að hluta með timburvernd og skjólveg. Skógivaxið er í kring sem gefur gott skjól. Neðri hæðin skiptist í forstofu, forstofuherbergi og salerni með sturtu, geymslu, eitt minna herbergi og bílskúr. Milli hæð telur 2 herbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Á efri hæð er eldhús, þvottahús, stór stofa, borðstofa og sólstofa.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Hvassberg 8
221 Hafnarfjörður
Einbýlishús í Setbergslandi

Stærð: 226,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1984
Fasteignamat: 45.100.000
Bílskúr: Já



Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
8995209
hordur@remax.is



Sunnudaginn 2. september 2012 kl 14-15


Verð: 63.900.000

Fallegt og velviðhaldið 227 fm einbýlishús með 43 fm bílskúr við Hvassberg í Hafnarfirði. Lýsing eignar: Rúmgóð forstofa, gestasnyrtning, alrými/sjónvarpshol með útgengi út á lóð, skrifstofa, sem hægt er að breyta í herbergi. Tvö svefnherbergi með fataskápum. Flísalaft baðherbergi með baðkari, sér sturtuherbergi, geymsla innan íbúðar. Innaf holi er gróðurskáli. Stofa og borðstofa, eldhús, þvottaherbergi og bílskúr. Gólfefni: Flísar og parket. Lóð skjólsæl með trjám og skrautgróðri.

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Kristnibraut 37
113 Reykjavík
Falleg 4ra herb útsýnisíbúð

Stærð: 140,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Fasteignamat: 23.850.000
Bílskúr: Já



Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
8995209
hordur@remax.is



Sunnudaginn 2. september 2012 kl 16-17

Verð: 33.900.000

Fallega 4ra herbergja 118 fm útsýnisíbúð með 23 fm bílskúr á 1 hæð við Kristnibraut í Reykjavík. Lýsing: Forstofugangur með góðum fataskáp, 2 góð svefnherbergi með fataskápum, 2 stofur (auðvelt að búa til þriðja herbergi), opið eldhús við stofu með fallettri víðarinnréttingu og góðum eldhústækjum, flísalaft baðherbergi með sturtulefa og þvottaherbergi innan íbúðar. Í kjallara er geymsla. Bílskúrin er innbyggður. Tvennar svalir í norður og suðvestur. Gólfefni: Flísar og parket.

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Mávanes 18
210 Garðabær
Fallett hús á góðum stað

Stærð: 312 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1966
Fasteignamat: 64.650.000
Bílskúr: Já



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús sunnudag kl 16.00 - 16.30


Verð: 95.000.000

Fallegt, vel skipulagt og vandað hús á tveimur hæðum á frábærum stað. Útsýni til sjávar er á milli húsa úr stofum. Aðalhæð hússins er 194,9fm, bílskúrin er 49,2fm og skráð rými í kjallara er 67,9fm. Auk þess er í kjallara 125fm óskráð rými. Í húsinu eru 6 svefnherbergi. Húsið er í góðu ástandi og er nýlega málað að utan. Kopar þakantur er á öllu húsinu og dökur á þaki er í lagi. Lóðin er stór, ræktuð og skjólsæl með góðum verndum og stéttum. Hiti er í innkeyrslu og göngustigum.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Álfheimar 32
104 Reykjavík
Falleg íbúð á góðum stað

Stærð: 99,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1959
Fasteignamat: 18.450.000



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Opið hús mánudaginn kl 19.00 - 19.30

Verð: 23.600.000

Íbúð á jarðhæð við Álfheima. Eignin skiptist í hol, stofu, hjónaherbergi, 2 barnaherbergi, baðherbergi, eldhús og geymslu. Eldhúsið er með dök á gólf og ljósi innréttingu. Herbergin eru með parketi á gólf. Stofan er rúmgóð með parketi á gólf. Geymslan er innaf íbúð. Gert er ráð fyrir þvottavél í eldhúsi. Baðherbergið er nýlega uppgert (2006) með flísum á gólf og veggjum, baðkari og snyrtilegri innréttingu. Eignin er miðsvæðis þar sem stutt er í flest alla þjónustu, skóla og fj.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



298
KR. 120 GR

EKKERT
VIDBÆTT VATN

**BÓNUS SILKISKORIN
SKINKA 120 GR**

KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR HEILL
KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI



698
KR. KG



179
KR. KG



**NÝJAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR Í LAUSU**



Í SNEIÐUM

1298 KR.KG



1798
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



**BÓNUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI I LTR.**

129 KR



OSTSTYKKI

998 KR.KG

ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS



1398
KR. PK

MIDI 4-9 KG/56 STK. - MAXI 9-18 KG./50 STK. - JUNIOR 15-25 KG./44 STK.

EUROSHOPPER BLEIUR



1295
KR. KG

**NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT**



**FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG**



**4 DS. HEINZ BAKAÐAR
BAUNIR 398 KR.**



198 KR. I LTR



798
KR. 620 G

FROSID NAUTAHAKK 620 GR




**BÓNUS BACON
1598 KR.KG**



**DYKKVABÆJAR 700 GR
TILBOÐS FRANSKAR
KARTÖFLUR**

259 KR.



OPNUM KL.10



COCO KÓKOSHNETUVATN
 Flaska 330 ml 298 kr.
 Ferna 500 ml. 398 kr.

KÓKOSHNETUVATN ER VÖKVI LÍFSINS



NÝ ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
698 KR



NÝ UPPSKERA FRÁ AMERÍKU
RAUÐ OG GRÆN VÍNBER STEINALAUS

695 KR. KG



LÍFRÆNT PUKA
TE 20 GRISJUR
498 KR



225 KR. KG **NÝ UPPSKERA FRÁ ARGENTÍNU**



HIMNESKT



5 AF HVERRI SELÐRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER REKNA TIL BARNHEILLA

HIMNESK JÓMFRUAR ÓLÍFUOLÍA KALDPRESSUÐ 500 ML

798 KR



NÝJAR ÍSLENSKAR GULRÓFUR

279 KR. KG



298 KR. 1 LTR.
RÍS & MÖNDLUMJÓLK
1 LTR. FERNA



698 KR. 500 G
HEIMA MÖNDLUR
MED HÝÐI

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. nautasteik, 6. persónufornafn, 8. sægur, 9. lítið býli, 11. slá, 12. slæm skrift, 14. klettur, 16. gyltu, 17. blekking, 18. árkvísir, 20. ullarflóki, 21. hanga.

LÓÐRÉTT

1. eignaðist, 3. umhverfis, 4. fjarsýnn, 5. af, 7. sveppur, 10. samræða, 13. flíkur, 15. stærðfræðitákn, 16. andi, 19. frá.

LAUSN

15. plús, 16. sál, 19. af, 5. frá, 7. gorkvíla, 10. tál, 13. fót, LÓÐRÉTT: 1. fékk, 3. um, 4. forspár, 17. tál, 18. ála, 20. rú, 21. lafa. LÁRÉTT: 2. búff, 6. ég, 8. mor, 9. kot.

Lestur er sexý

BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur

Ég hefði auðvitað getað skrifað Að lesa bók er ævintýri, Lengi býr að fyrstu bók, Lestur er bestur eða eitthvað miklu sniðugra og meira grípandi með lestrum eða bók í titlinum. En ég hefði aldrei fengið eins marga til að athuga um hvað þessi pistill er ef ég hefði valið einhverja ofangreindra fyrirsagna. Með því að tengja saman lestur og lostvaka náði ég sennilega til mun breiðari hóps en hefði annars veitt nokkru sem skrifað er um lestur athygli. Kynlíf og allt sem því tengist selur því allir hafa áhuga á kynlífi, ekki satt?

PETTA uppgötvuðu nokkrar lestrarhrýsur í bandarískum bæ sem tóku sig saman fyrir nokkrum misserum og útbjuggu dagatal til að að hvetja til aukins lestrar undir yfirskriftinni Reading Is Sexy, eða Lestur er kynþokkafullur. Ágóðinn af sölu dagatalsins rann til styrktar Landssamtökum lesblindra í Bandaríkjunum. Skemmst er frá því að segja að þessi tenging lestrar og kynþokka hefur mælst vel fyrir. Samtökin Traveling Stories láta nú gera boli, barmmerki, könnur og tíma-bundin húðflúr með áletruninni og að sjálfsögðu dagatöl með myndum af fáklæddu fólki í eggjandi en þó sakleysislegum

stillingum með nefið niðri í bók. Samtökin láta síðan ágóðann af sölu þessa varnings renna til uppbyggingar bókasafna víðs vegar um heiminn. Og varningurinn selst eins og sexý lummur.

ÞAÐ er vissulega ánægjulegt að fleira sé nú talið lostvekjandi en kynþokkafullt kjöt (feitt kjöt hefur hins vegar átt undir högg að sækja sem lostvaki, hverju sem það er nú um að kenna). Og mjög ánægjulegt að áhugi og ánægja bókaorma með það að þeirra helsta áhugamál skuli nú loks vera talið til kynþokkafulls athæfis leiði til útbreiðslu lestrar og bóka um veröld víða, allt frá El Salvador til Filippseyja með viðkomu í Súdan. Með Reading Is Sexy-bol slærðu tvær flugur með einu sexý, sýnir heiminum að víst geti kynþokki fylgt klárum kolli og styður jafnframt útbreiðslu fagnaðarerindis bóka og læsis.

ÉG er nokkuð sannfærð um að fá slag-orð kalla nýja lesendur að bókatrognum af viðlíka mætti og sá möguleiki að einstaklingur verði áhugaverðari til samlífis vegna meintrar bókhneigðar. Mér finnst samt umhugsunarefni að kynþokki og kynlíf skuli vera svo happadrjúgt í markaðssetningu og sölu sem raun ber vitni. En hvað sem því líður geta ýmsir átt von á að fá lestrarlostadrykkjarmál frá mér í jólagjöf.



myndasögur

■ Pondus



■ Gelgjan



■ Handan við hornið



■ Barnalán



Fyrir 5 árum

breyttum við sögunni

með 3G netinu





KJÓLAR OG KORSELETT Síðasti sýningardagur á sýningunni Tízka – kjólar og korselett í Þjóðminjasafninu er á morgun. Af því tilefni verður ókeypis leiðsögn um sýninguna klukkan tvö.

Söguskilti um Svavar Guðnason

„Ég var að vinna á upplýsingamiðstöð hér á Höfn 2003 og varð vör við að margir ferðamenn höfðu áhuga á Svavari Guðnasyni listmálara,“ segir Hornfirðingurinn Hulda Rós Sigurðardóttir sem í byrjun sumars setti upp sögusýninguna „Svavar / náttúran – sagan“ í Listasafni Hornafjarðar. Hana vann hún út frá meistara verkefni sínu í hagnýtri menningarstjórnun við HÍ. Nú nýlega bætti hún um betur og gekk frá upplýsingaspjöldum um Svavar við einn af fjölförnum göngustígum bæjarins sem liggur meðfram Sandbakknum og segir þau augljóslega vekja athygli. „Svavar var náfrændi minn og þess vegna er verkefnið að vissu leyti ákveðið tilfinningamál, að halda heiðri hans sem hornfirskum listamanni á lofti,“ segir Hulda Rós.

Aðeins vika er þar til sögusýningunni lýkur að sinni en spjöldin við Sandbakkann lifa áfram. Þar



HULDA RÓS SIGURÐARDÓTTIR „Gerir sitt til að halda heiðri frænda síns Svavars Guðnasonar sem listamanns á lofti.“
MYND/BRYNJÚLFUR BRYNJÓLFSSON

standa meðal annars þessi orð: Annars er Hornafjörður glæsilegasta sveit Íslands – bæði þorpið og umhverfið er eins og boðskapur

til málans! Það er ekki hægt að komast hjá því að verða málarar þar ef gáfur, löngun og vilji er fyrir hendi.
-gun

Málþing um íslensk myndlistarskrif

Málþing um íslenska samtímalistfræði verður í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi á morgun, sunnudag, milli klukkan 14 og 16. Þar verður fjallað um rannsóknarverkefni sem unnið hefur verið að tvö sumur sem felst í að safna, skrá og greina íslensk skrif um myndlist á síðustu áratugum. Að því hafa staðið fræðimenn og nemendur Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands, auk Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Nýlistasafnsins og Listfræðafélagið.

Þótt verkefnið sé enn skammt á veg komið er þegar farið að greina ýmislegt markvert á grundvelli þeirra tæplega 2.000 texta sem skráðir hafa verið og skoðaðir. Í þeim má sjá nokkuð skýrt hvernig fræðileg orðræða hefur þróast hér á landi og hvernig hún helst í hendur við þróun myndlistarsviðsins sjálfs.

Allir eru velkomnir og ókeypis er fyrir handhafa Menningarkortsins.
-gun



3. september 2007:
Fyrsta myndsímtalið á 3G netinu.

Loksins hægt að horfa á sjónvarpið í símanum og fylgjast með fréttum.




3G langdrægt er bylting sem veitir skjótt og öruggt samband á hafi úti. Sjómenn geta nú átt dagleg myndsímtöl við ástvíni.

2007

3G netið nær yfir höfuðborgarsvæðið og Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík.



3G kerfið samanstendur af 100 sendum.



Kerfið býður upp á um 2 Mb/s hraða en hann á eftir að aukast hratt.

2008

Ofurhugar Símans berjast við náttúruöflin á Vatnajökli og hringja myndsímtal af toppi Hvannadalshnjúks.



Kynna töfra leikhússins

Starfsfólk Borgarleikhússins lýkur upp dyrum leikhússins klukkan 13 í dag og kynna komandi leikár. Gestir á öllum aldri geta þá séð brot af þeim fjölmörgu sýningum sem í gangi verða, gægst baksviðs, farið í skoðunarferðir og bragðað á ljúffengum vöfflum sem leikhústjórinn Magnús Geir mun reida fram ásamt öðru starfsfólki.

Leikarar, leikstjórar, hönnuðir og tæknifólk verða á öllum

sviðum hússins, ýmist við æfingar eða sýningar, og svara spurningum sem brenna á forvitnum leikhúsgestum.

Skoppa og Skrítkla skemmta í forsal, Góí og Þróstur sýna valda kafla úr ævintýrum á litla sviðinu og sjóræningjar úr Gulleyjunni sýna atriði á Stóra sviðinu. Svona mætti lengi telja og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.
-gun



NAMMI NAMMI
Ilmandi vöffilur verða bakaðar af miklum móð.

Raddprufur hjá Fílharmóníu

Kórinn Fílharmónía leitar að söngvurum til að ganga til liðs við sig og efnir af því tilefni til raddprufa í Melaskóla á morgun.

„Okkur vantar félagi í allar raddir og hvetjum alla sem hafa áhuga á því að syngja í kór til að mæta,“ segir Lilja Árnadóttir, formaður kórsins. Kórinn samanstendur af jafnaði af um sjötíu félögum og æfir í Melaskóla.

Vetrarstarf kórsins hefst senn og segir Lilja fjölbreytilega dagskrá fram undan.

„Við syngjum fjölbreytta og skemmtilega tónleika í vetur, meðal annars með Frostrósum í desember í Eldborg og tökum þátt í tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í febrúar.“

Raddprufurnar á morgun byrja klukkan þrjú. Lilja hvetur áhugasama til að senda sér eða kórstjóra Fílharmóníu, Magnúsi Ragnarsyni, línu. Netföng þeirra eru magnus.ragnarsson@gmail.com og lilja.arnadottir@mail.com.



FÍLHARMÓNÍA Syngur meðal annars með Frostrósum í desember og með Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar.

DJASSAÐUR LENNON Í SILFURBERGI

Lög Johns Lennon ganga í endurnýjun lífdaga í meðförum djassgítarleikarans Bills Frissel, sem leikur ásamt hljómsveit í Silfurbergi í Hörpu í kvöld.

Bill Frissel hefur verið einn mest metni djassgítarleikari heims undanfarna tvo áratugi og sannkallaður hvalreki fyrir íslenska tónlistarunnendur, að sögn Péturs Grétarssonar hjá Jazzhátíð Reykjavíkur.

„Það er of langt mál að ætla að fara að telja upp öll þau verðlaun sem hann hefur fengið síðustu tuttugu ár. Hann hefur nánast verið áskrifandi að titlinum gítarleikari ársins bæði hjá virtum tónlistartímaritum og alþjóðlegum sam-tökum djasstónlistarmanna.“

Á tónleikunum í Silfurbergi í kvöld leika Frissel og hljómsveit lög af plötunni All We Are Saying, þar sem þau taka lög Johns Lennon og Bítlanna traustataki og flytja með eigin nefi.

„Það er auðvitað hægara sagt

en gert að takast á við tónlist sem flestir þekkja og mörg okkar hafa verið með í eyrunum í áratugi, en ef einhverjum er treystandi til að draga fram nýjar hliðar á þeim laga-lista er það Frissel,“ segir Pétur. „Margir hafa reynt sig við lög Len-nons í gegnum tíðina en ég held að galdurinn við útgáfu Frissels sé sá að hann er ekki að reyna að breyta laglínunni heldur nálgast lögin eins og þau koma beint af kúnni. Yfirleitt eru þessi lög sungin en hér eru þau „instrumental“ sem gerir að verkum að maður kynnist þeim dálítið upp á nýtt.“

Enn eru til miðar á tónleikana í Silfurbergi. Pétur segir tónleika Frissels ekki aðeins vera kærkomið tækifæri fyrir djúpt sokkna djass-geggjara til að sjá gítarleikara á heimsmeðalvarða heldur tónlistar-unnendur almennt.


„Gagnrýnendur hafa sagt að All We Are Saying... sé kannski það næsta sem Frissel hafi komist því að gera rokkplötu. Þú þarft ekki að vera lærður djassáhugamaður til að njóta þessara laga, þetta er líka fyrir „leikmenn“. bergsteinn@frettabladid.is




BILL FRISSEL Einn mikilmetnasti djassgítarleikari heims tekur lög Johns Lennon og Bítlanna traustataki ásamt hljómsveit í kvöld. Pétur Grétarsson hjá Jazzhátíð Reykjavíkur kallar komu hans hvalreka fyrir tónlistarunnendur, jafnt djassgeggjara sem aðra. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



iPhone 3G frá Apple sameinar síma, lófatölvu, mynd- og Mp3-spilara í einu tæki og snjallsíminn er kominn til að vera.



Angry Birds leikurinn kemur út og allir steinleggja fyrir honum. Líka amma.



Hraðinn er orðinn 7 Mb/s.

2009

Einn milljarður áhorfa á YouTube myndskaið daglega.



Íslendingar flykkjast á samskiptamiðla og fréttir birtast samstundis með hjálp farsímans. Í dag eru um 80% þjóðarinnar á Facebook.

2010

Stóru sumarþústaðasvæðin á Suðurlandi komast á 3G kortið og það hættir að vera vandamál ef uppskriftabókin gleymist.



Fyrsti Android síminn kemur til Íslands og margir vilja vera vinir græna karlsins.

Dauðalausí maðurinn og daufdumba stúlkan

Bækur ★★★★★

